FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
145. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 1. JÚLÍ 2020

Sumar-sprengja!

Fjörvörurnar eru hjá Nova. Leikum okkur í allt sumar. Vertu hjá Nova og fáðu besta dílinn.

Samsung
Galaxy S20+ 5G

179.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **189.990 kr.**~~

Samsung
Galaxy Note10+

99.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **139.990 kr.**~~

NOVA

NovaDíll fyrir alla hjá Nova!

Allskonar hressandi tilboð, sumarlegir dílar og skemmtilegheit fyrir viðskiptavini Nova.

Apple
iPhone 11 64 GB

129.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **139.990 kr.**~~

Samsung
Galaxy Note10+

99.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **139.990 kr.**~~

Nova
Folf diskósett

3.992 kr. stgr.

~~Fullt verð: **4.990 kr.**~~

Luxor
Ferðahátalari

14.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **24.990 kr.**~~

Apple
AirPods Pro

40.491 kr. stgr.

~~Fullt verð: **44.990 kr.**~~

Xiaomi
Rafskúta

54.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **59.990 kr.**~~

Það tekur örfáar mínútur að koma yfir til Nova. Þú heldur sama númeri og við pössum upp á símaskrána.

Nova
Spjallspjöld

1.192 kr. stgr.

~~Fullt verð: **1.490 kr.**~~

Austin & Barbeque
Ferðagrill

11.691 kr. stgr.

~~Fullt verð: **12.990 kr.**~~

Populele
Snjallgítar

11.992 kr. stgr.

~~Fullt verð: **14.990 kr.**~~

Polaroid
Instantlab

26.991 kr. stgr.

~~Fullt verð: **29.990 kr.**~~

Skreyttu skútuna!

20% afsláttur af öllum aukahlutum á rafskútur.

Besti díllinn!

Skilað og skipt!
Við endurgreiðum ef hann er ekki sá rétti.

Díll er díll!
Splæsum mismuni ef verðið lækkar!

FRÉTTABLAÐIÐ

145. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. JÚLÍ 2020

Samstöðufundur var haldinn fyrir utan Vegagerðina í gær, þar sem bifhjólafólk sameinaðist í mínútu þögn í minningu þeirra sem létust í umferðarslysi á Kjalarnesi á sunnudag. Á fundinum mátti skynja mikinn samhug og hlýju og var gerð krafa um að Vegagerðin færi þegar í stað í úrbætur á vegarköflum sem skapað hafa mikla hættu víðs vegar um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ræða samruna TM og Kviku

Ekki enn náðst samkomulag um helstu skilmála, en stjórnendur bankans og tryggingafélagsins hafa á síðustu vikum reynt að ná saman. Viðræðurnar eru nú á ís. Telja hægt að ná fram töluverðri samlegð.

VIÐSKIPTI Æðstu stjórnendur Kviku banka og TM hafa undanfarnar vikur átt í viðræðum um mögulega sameiningu félaganna. Rætt hefur verið um helstu skilmála slíkra viðskipta, nú síðast um liðna helgi, en ekki hefur enn náðst samkomulag um undirritun viljayfirlýsingar um að hefja formlegar sameiningarviðræður.

Eru viðræðurnar, sem eiga sér nokkurn aðdraganda, sagðar vera tímabundið á ís, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála. Á meðal þess sem þær hafa einkum strandað á fram til þessa, eru ólíkar hugmyndir um á hvaða verði félögin yrðu metin við sameiningu. Markaðsvirði Kviku banka er um 19 milljarðar, á meðan TM er nú metið á liðlega 26 milljarða króna.

45
milljarðar er samanlagt markaðsvirði félaganna í dag

Í viðræðunum hefur verið lagt upp með, verði af sameiningu félaganna, að viðskiptin færu fram með skiptum á hlutabréfum, frekar en greiðslu reiðufjár, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórnendur TM og Kviku hafa í viðræðunum horft til þess að samlegðaráhrifin af mögulegri sameiningu yrðu meðal annars þau, að hægt væri að skjóta breiðari stoðum undir tekjugrunn félaganna.

Með stærra og öflugra sameinuðu félagi, sem fjárfestar kynnu að verðmeta á hærra verði á markaði, stæðu einnig líkur til þess að hægt yrði að ná fram lækkun fjármagnskostnaðar með betri vaxtakjörum, og sömuleiðis væri ljóst að sparnaður fengist í rekstrarkostnaði.

Stærstu hluthafar TM eru fjárfestingafélagið Stoðir, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR). Lífeyrissjóður verslunarmanna og LSR eru einnig meðal þriggja stærstu hluthafa í Kviku ásamt félagi í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, en hún var um árabil stór hluthafi og stjórnarformaður VÍS.

– hae / sjá Markaðinn

Mikil áhrif á afkomu Landsvirkjunar

VIÐSKIPTI Afsláttur til stórnotenda, minni eftirspurn eftir raforku, lækkandi verð á Nord Pool-raforkumarkaðnum og nú síðast rekstrarstöðvun kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka, eru meðal þeirra þátta sem munu hafa neikvæð áhrif á tekjuhlið Landsvirkjunar í ár, segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Að sögn Harðar mun þróun síðustu vikna og mánaða hafa áhrif á næstu arðgreiðslu til ríkissjóðs. Engar áhættuvarnir voru keyptar gegn verðsveiflum á Nord Pool-raforkumarkaðnum, sem hefur lækkað um meira en 90% á síðustu mánuðum. **thg / sjá Markaðinn**

Veður



Breytileg átt 3-8 m/s, en norðaustan 5-10 við suðaustur-ströndina og norðvestantil fram eftir degi. Skýjað að mestu um landið sunnanvert og lítilsháttar súld suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 18

Íslenskir eldri borgarar bera af í Evrópu. MYND/SVERRIR PÁLL ERLENDSSON

Íslendingar í sérflokki

SAMFÉLAG Ísland er í efsta sæti Evrópuþjóða yfir virkni á samfélagsmiðlum, en alls nota 92 prósent þjóðarinnar að minnsta kosti einn samfélagsmiðil. Hefur hlutfallið hækkað um 1 prósent frá árinu 2019 samkvæmt Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins.

Norðmenn koma næstir á eftir Íslendingum með 86 prósenta virkni og Danir í þriðja sæti. En neðstu sætin verma Ítalir og Frakkar, með aðeins 42 prósent.

Nær öll íslensk ungmenni, á aldrinum 16 til 24 ára, eru á samfélagsmiðlum, eða 98 prósent. Þetta er sama hlutfall og kemur fram hjá öðrum þjóðum, til dæmis Bretum og Kýpurbúum.

» Konur á miðjum aldri og upp úr eru virkari en karlmenn.

Það sem hífir Ísland upp í stóra samhenginu er notkun eldri borgara, 65 ára til 74 ára. Í þeim aldurshópi er Ísland í sérflokki, með 74 prósenta virkni, en í öðru sæti koma Norðmenn með 56 prósent. Meðaltal þessa aldurshóps í allri álfunni er aðeins um 20 prósent.

Þá er Ísland einnig í efsta sæti í öllum aldurshópum, á milli 24 og 65 ára, en munurinn er ekki jafn mikill og í þeim elsta.

Athygli vekur að íslenskar konur á miðjum aldri og upp úr eru mun virkari á samfélagsmiðlum en karlar. **– khg**

Heyskapur á Suðurlandi

Bændur eru víða byrjaðir í heyskap og þjóta nú vinnuvélar um túnin líkt og á þessu túni á Suðurlandi. Víða þarf að vinna upp tún vegna kals. Vinnudagar geta verið langir, en það veltur mest á veðrinu. Ekki er búist við úrkomu á landinu fyrr en á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Einar kjörinn formaður SÁÁ

SAMFÉLAG Einar Hermannsson var kjörinn formaður Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann á á aðalfundi samtakanna í gærkvöldi. Hafði hann betur en Þórarinn Tyrfingsson, fyrrverandi formaður SÁÁ. Arnþór Jónsson, fráfarandi formaður, sóttist ekki eftir endurkjöri.

Alls greiddu 490 manns atkvæði á fundinum á Hilton Reykjavík Nordica í gær, hlaut Einar 280 atkvæði. Þá var sextán manna listi Einars kjörinn í stjórn SÁÁ.

Átök hafa verið í kringum formannskjörið og höfðu 57 starfsmenn samtakanna lýst yfir stuðningi við Einar. **– ab**

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ

Heljarmenni ætla að ganga Laugaveginn

Hópur göngu- og útivistarfólks í Blindrafélaginu sem kallar sig Heljarmennafélagið undirbýr nú Laugavegsgöngu. Framkvæmdastjóri félagsins segir mikla tilhlökkun í hópnum en leiðsöguhundurinn Vísir fylgir honum á göngunni.

SAMFÉLAG „Það er mikil tilhlökkun í hópnum. Við erum búin að vera æfa á fullu og láta fólk ganga sig í form. Það er ekkert gaman af þessu öðruvísi en að fólk ráði við þetta," segir Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, sem ætlar ásamt hópi félagsmanna að ganga Laugaveginn um miðjan júlí.

Um er að ræða ferð sem er samstarfsverkefni Ferðafélagsins og Heljarmennafélags Blindrafélagsins, sem er útivistar- og ferðaklúbbur fyrir félaga, aðstandendur þeirra og vini.

Gönguhópurinn telur alls 22 og er helmingurinn annaðhvort blindur eða mjög sjónskertur. Fólk verður parað saman, þannig að einn sjáandi hefur auga með einhverjum blindum eða sjónskertum.

„Við tilteknar aðstæður þurfum við aðstoð. Þeir sem eru sjáandi eru yfirleitt í sjálflýsandi vestum og sá sjónskerti gengur fyrir aftan. Það er mjög algengt hjá okkur að við sjáum ekki stígana. Maður á það til að villast út af þeim og þá er gott að hafa eitthvað skært fyrir framan sig," segir Kristinn Halldór.

Ferðin hefst þann 15. júlí og mun hópurinn keyra inn í Landmannalaugar, þar sem gengið verður upp í Hrafntinnusker. Á öðrum degi verður gengið í Álftavatn og á þeim þriðja í Emstrur. Þaðan verður svo gengið inn í Þórsmörk.

„Við erum að enda gönguna okkar sama dag og Laugavegshlaupið er, þannig að það verður örugglega mikil stemning á gönguleiðinni."

Vegna fárra ferðamanna þetta sumarið, gefst hópnum tækifæri til að ganga þessa vinsælu leið í meira næði en venjulega. Kristinn Halldór segir að það muni hjálpa hópnum.

„Svo er það bara þannig þegar maður er uppi á fjöllum, að það tekur dálítið frá manni upplifunina ef það er stöðugur straumur af fólki á leiðinni. Upplifunin er miklu sterkari ef maður sér sig einan í víðáttunni."

Hluti hópsins í æfingagöngu á dögunum. MYND/KRISTINN HALLDÓR EINARSSON

Upplifunin er miklu sterkari ef maður sér sig einan í víðáttunni.

Kristinn Halldór Einarsson

Sjálfur er Kristinn Halldór vanur göngumaður og hefur gengið mikið bæði hérlendis og erlendis. Hann hefur þó aldrei áður gengið allan Laugaveginn, heldur aðeins hluta hans. Hópurinn hefur að undanförnu undirbúið sig með því að ganga á Esjuna, Skálafell, Helgafell, í Búrfellsgjá og Heiðmörk.

„Sumir í hópnum eru byrjendur í svona göngu. Fólk þarf að kynnast því hversu mikill munur það er að ganga á svona grófu yfirborði og á malarstígum, eða góðum skógarstígum, svo ég tali nú ekki um á malbiki."

Það sé þannig mjög algengt að fólk sparki í steina eða stígi upp á stein og misstígi sig. „Við þurfum að reikna með svona 25 til 30 prósenta lengri tíma almennt. Mesti munurinn liggur í því þegar við förum niður, þar sem er sæmilega bratt eða gróft undirlag. Þá förum við mjög varlega."

Kristinn Halldór fékk nýlega leiðsöguhundinn Vísi sem mun að sjálfsögðu fylgja eiganda sínum á göngunni.

„Hann er líka búinn að vera í þjálfun, en við höfum verið að ganga töluvert saman á fjöllum. Hann þrælvirkar og eykur gönguhraðann umtalsvert á sléttlendi og svigar svo með mig milli steina og hindrana. Við förum bara saman í þetta ævintýri." **sighvatur@frettabladid.is**

ergomotion

Viltu hætta að hrjóta?

Frumsýnum Ergosmart snjallrúmið

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. Ergomotion kynnir nú einstakt snjallrúm. Ergosmart, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.

CES INNOVATION AWARDS 2019

Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

Ergosmart snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni.
Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Segir orð Bjarna um fjármagn til sálfræðiþjónustu gamaldags

ALÞINGI „Það eru ekki liðnir sex tímar frá því að hann samþykkti málið, þegar hann segir þetta. Hann tjáði sig ekki um málið þegar það var tekið fyrir, heldur bara einfaldlega samþykkti það," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Viðreisnar, um orð sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lét falla í gær, um að fjármagn hafi ekki fylgt nýju frumvarpi um gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu.

Bjarni sagði að einungis fyrri hluti málsins hefði verðir afgreiddur í fyrradag þegar málið var samþykkt á Alþingi. „Eitt er að veita ráðherra heimild til að semja við sjúkratryggingar, en hann verður líka að hafa fjárheimild til að gera það," sagði Bjarni.

Lagabreytingin sem um ræðir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er fyrsti flutningmaður frumvarpsins.

hefur það markmið að almenn sálfræðiþjónusta og önnur klínísk viðtalsúrræði falli undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands.

Þorgerður segir orð Bjarna bera keim af gamaldags nálgun, en að um forvirkar aðgerðir sé að ræða. „Við skulum ekki gleyma því að það eru 19 milljarðar sem fara í örorkubætur vegna andlegrar vanheilsu árlega, svo þó að það væri ekki hægt að spara nema brotabrot af því, þá værum við komin með fjármagnið sem til þarf," segir hún.

„Ég ætla að vera bjartsýn ég trúi því að allir flokkar hafi raunverulega meint það sem að þeir samþykktu í gær. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að standa í vegi fyrir því að við höldum áfram með þetta lífsgæða framtíðarmál," bætir hún við. **-bdj**

HÍ skorar hátt á Shanghai-listanum.

HÍ meðal þeirra bestu í heimi

SAMFÉLAG Háskóli Íslands (HÍ) er í sjötta sæti yfir fremstu háskóla heims á sviði fjarkönnunar, samkvæmt Shanghaí-listanum sem birtur er árlega. Þá er skólinn einnig í hópi þeirra 40 bestu á sviði rafmagns- og tölvuverkfræði. Listinn er annar tveggja virtustu og áhrifamestu matslista yfir bestu skóla heims.

Á sviði jarðvísinda og hjúkrunarfræði var Háskóli Íslands meðal þeirra 150 bestu, og á sviði lífvísinda í sæti 150-200. Enn fremur var skólinn í 201.-300. sæti á sviðum landafræði, líffræði mannsins, stjórnmálafræði og ferðamálafræði.

Háskóli Íslands hefur verið á Shanghai-listanum allt frá árinu 2017. **– bdj**

Útgáfa vegabréfa dregst saman

COVID-19 Fjöldi útgefinna vegabréfa minnkaði um 89 prósent á milli ára séu bornir saman maí á þessu ári og sami mánuður í fyrra. Í síðastliðnum maímánuði voru einungis gefin út 363 íslensk vegabréf, en til samanburðar voru þau 3.247 í maí í fyrra. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands.

Fjöldi útgefinna vegabréfa hefur dregist verulega saman síðan í febrúar á þessu ári, á sama tíma og fyrsta COVID-19 smitið greindist hér á landi. Þann mánuð voru gefin út 1.580 vegabréf. Í mars voru þau 907 talsins og í apríl 129. **– bdj**

Forseti fái aðeins tvö tímabil

Forsætisráðuneytið birti drög að breytingum á stjórnarskrá í samráðsgátt í gær. Lagt til að kjörtímabil forseta verði sex ár og hann verði aðeins einu sinni í endurkjöri. Fjölga á meðmælendum frambjóðenda.

STJÓRNMÁL Kjörtímabil forseta Íslands verður lengt í sex ár en hámark sett á samfellda setu á forsetastóli, samkvæmt drögum að frumvarpi um breytingar á stjórnarskrá sem forsætisráðuneytið birti í samráðsgátt stjórnvalda í gær. Frumvarpið er samið af Skúla Magnússyni, héraðsdómara og dósent, í samráði við formenn stjórnmálaflokkanna.

Frestur til að senda umsagnir um málið rennur út um miðjan júlí.

Í frumvarpsdrögunum er miðað við að forseti geti aðeins setið samfellt tvö kjörtímabil á Bessastöðum, eða í alls tólf ár, miðað við sex ára kjörtímabil.

Lagt er til að forsetaefni þurfi að hafa meðmæli að lágmarki 2,5 prósenta kosningabærra manna en miðað við fjölda á kjörskrá fyrir nýafstaðnar kosningar þyrfti forsetaefni meðmæli frá um 6.300 einstaklingum til að geta boðið sig fram.

Töluverðar breytingar eru einnig lagðar til á ákvæðum um hlutverk forseta, að mestu leyti til samræmis við ríkjandi framkvæmd. Til að mynda verði formleg heimild forseta til að fella niður saksókn felld brott og hlutverk forseta við stjórnarmyndun skýrt og fært nær ríkjandi framkvæmd eins og það er orðað í frumvarpinu. Lagt er til að Alþingi fái aukið forræði á starfi sínu og hlutverk forseta við setningu Alþingis og frestun á fundum þess verði takmarkað. Þá er lagt til að Alþingi geti fellt úr gildi lög sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar til að afstýra þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að lokum er lagt til að forseti verði ekki lengur ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum, nema þeim sem hann framkvæmir að tillögu ráðherra og ráðherra ber ábyrgð á.

Horft var til niðurstöðu rökræðukönnunar sem efnt var til í nóvember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Lagt er til að sérstakt ákvæði um vantraust á ráðherra verði sett í stjórnarskrá

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um breytingar á ákvæðum um ráðherra og ríkisstjórn. Ákvæðum um ráðherraábyrgð er breytt og kveðið á um að Alþingi geti falið ríkissaksóknara að fara með ákæruvald í stað þess að Alþingi sjálft gefi út ákæru. Lagt er til að ekki verði lengur fjallað um Landsdóm í stjórnarskrá heldur verði fjallað um meðferð mála um ráðherraábyrgð í almennum lögum. Í tilkynningu sem fylgir málinu í samráðsgáttinni kemur fram að unnið sé að endurskoðun laga um ráðherraábyrgð og Landsdóm og ráðgert sé að kynna afrakstur þeirrar endurskoðunar í haust.

Forystuhlutverk forsætisráðherra er sérstaklega orðað í frumvarpsdrögunum og ákvæði um ríkisstjórnarfundi gerð ítarlegri. Í gildandi stjórnarskrá er forsætisráðherra ekki getið að öðru leyti en því að hann stýri ráðherrafundum.

Að lokum er í frumvarpsdrögunum mælt fyrir um vantraust á ráðherra og ríkisstjórn og áhrif þess en gildandi stjórnarskrá hefur ekki að geyma ákvæði þar að lútandi. Lagt er til að Alþingi geti lýst vantrausti á tiltekinn ráðherra og beri honum að láta af embætti strax í kjölfarið. Samþykki Alþingi hins vegar að lýsa vantrausti á forsætisráðherra ber honum að biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstjórnina en sitja áfram þar til ný ríkisstjórn hefur verið skipuð.

Formenn flokkanna hafa fundað reglulega á kjörtímabilinu undir forystu forsætisráðherra um breytingar á stjórnarskrá. Þegar hafa verið birt drög að frumvörpum um íslenska tungu, umhverfi og auðlindir. **adalheidur@frettabladid.is**

VERTU LJÓSAVINUR

Hjálpaðu okkur að bæta aðgengi krabbameinsgreindra að faglegri endurhæfingu.

Við leitum að fleiri mánaðarlegum Ljósavinum til að styðja okkur í stafrænni vegferð.

www.ljosid.is/ljosavinur

Ljósið

Fótbolti og fjör á N1 mótinu

Vertu með í leiknum um allt land í sumar

Fylltu landið af fjöri á leiðinni á N1 mótið og safnaðu stimplum í Vegabréf þitt á N1 stöðvum um allt land.

Góða skemmtun!

Alla leið á N1 mótið

Árlegt fótboltamót N1 byrjar í dag og stendur yfir til 4. júlí. Fylgstu með ungum leikmönnum sína listir sínar og njóttu með fjölskyldunni. Í ljósi aðstæðna verður spilað á fleiri völlum en áður og gestir eru beðnir um að virða 2 metra regluna.

Fangaðu fjörið! #n1mótið

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-001652

Gullfiskar óæskilegir

NÁTTÚRA Guðni Guðbergsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að gullfiskar geti vel þrifist í Elliðaánum. Það væri hins vegar óæskilegt ef slíkir fiskar gerðu sig heimakomna þar, enda ekki falast eftir frekari fjölbreytni í ám landsins.

Veiðimaður kom auga á japanskan Koi-gullfisk í ánni á mánudaginn og sagði bersýnilegt að laxarnir í ánni lúffuðu, þegar þessi gullni bróðir þeirra kom aðvífandi að legustað þeirra.

Guðni segir ekki víst hvaða áhrif gullfiskurinn hefur á lífríkið. „Það yrðu breytingar á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi ef framandi tegund eins og þessi færi að fjölga sér og maður veit ekkert hvað hún gæti borið með sér, eða hvaða áhrif hún hefur," segir Guðni. **– kdí**

> **Maður veit ekkert hvað hún gæti borið með sér, eða hvaða áhrif hún hefur.**
>
> Guðni Guðbergsson

Ekki allir sammála um endurbyggingu

Eftir að mygla kom upp í Lundarskóla, stendur til að fara í um þriggja milljarða króna endurbætur. Formaður bæjarráðs segir ákvörðunina faglega og skólinn verði eins og nýr. Minnihlutinn vill rífa skólann og byggja nýjan.

AKUREYRI Bæjarráð Akureyrar samþykkti í síðustu viku að tvær álmur Lundarskóla yrðu endurnýjaðar. Í skýrslu umhverfis- og mannvirkjasviðs voru þrír möguleikar teknir til greina. Var fyrsti kosturinn valinn vegna þess að hann myndi taka skemmstan tíma, væri hagkvæmastur, en myndi jafnframt uppfylla þarfir nútíma skólastarfs.

Elsti hluti skólans er nærri hálfrar aldar gamall og við loftgæðamælingar fannst mygla í honum. Starfsfólk skólans hefur lengi kvartað undan heilsufarslegum óþægindum, lasleika og ólykt. Samkvæmt skýrslu Mannvits var talið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana í tveimur álmum, en að hægt væri að koma burðarvirkinu í gott lag og lengja líftíma byggingarinnar.

Fulltrúar Sjálfstæðismanna greiddu gegn tillögunni og vildu frekar rífa bygginguna og reisa nýjan skóla með áföstum leikskóla. Um gríðarlega stórt og mikið verkefni er að ræða, sem hleypur á milljörðum hvaða leið sem valin er. Telja þeir ekki hyggilegt að velja leið þar sem kostnaður sé, að þeirra sögn, 80 prósent af byggingu nýs skóla. Einnig að skólinn sé að hluta til í kjallara, sem stríðir gegn núverandi reglugerðum.

„Við erum á leið í óvissuferð fyrir verulega háar upphæðir," segir Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðismanna. „Mér finnst vera skammsýni í þessum aðgerðum því að steypan er orðin mjög gömul í húsinu og ný bygging myndi duga mun lengur."

Í skýrslu umhverfis- og mannvirkjasviðs eru endurbæturnar metnar á allt að 3 milljarða, nýbygging að hluta myndi kosta allt að 4 milljarða og nýtt húsnæði frá grunni 4,5. Þá á eftir að reikna inn kostnað við bráðabirgðaaðgerðir, til að halda skólastarfi gangandi á framkvæmdatíma, sem hleypur á hundruðum milljóna króna.

Mygla fannst í Lundarskóla eftir að starfsfólk hafði kvartað yfir óþægindum. Elsti hluti skólans eru um hálfrar aldrar gamall. MYND/LUNDARSKÓLI

> **Við erum á leið í óvissuferð fyrir verulega háar upphæðir**
>
> Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs, segir valið byggt á faglegum forsendum, eftir að hafa farið í gegnum frístunda-, skóla- og fræðsluyfirvöld. „Þetta var talið best, meðal annars með sem minnstu raski á skólastarfi í huga, því þarna eru 500 nemendur," segir hann. Hefur hann ekki áhyggjur af því að lagfæringarnar dugi aðeins til skamms tíma, eða að verðið standist ekki. „Við erum að gera svipaðar framkvæmdir í Glerárskóla, og reiknum með því að þetta verði eins og nýtt."

Gunnar segist gera alvarlegar athugasemdir við hvernig kostunum sé stillt upp og að nýbyggingarkostirnir séu ekki greindir til fullnustu og efast um þá verðmiða sem settir eru á þá. „Ég fæ ekki betur séð en að hægt sé að finna hagkvæmni og samlegð í að byggja eina byggingu fyrir grunn- og leikskóla," segir hann. Þá hefur hann einnig áhyggjur af því að kostnaðurinn við þá leið sem að óbreyttu verður farin, fari úr böndunum. „Við þekkjum af reynslunni, til dæmis í Listasafninu, að áætlanir um endurbyggingu gamalla húsa standast ekki."

kristinnhaukur@frettabladid.is

Félögin dæmd til sex milljóna greiðslu

DÓMSMÁL Félögin ACE FBO og Global Fuel voru fyrir skemmstu dæmd til þess að greiða þrotabúi ACE Handling, fyrrverandi systurfélagi, samanlagt rúmlega 6 milljónir króna, í tveimur samhangandi riftunarmálum. Eru félögin tvö, sem eru í eigu Hilmars Ágústs Hilmarssonar, auk þess dæmd til að greiða málskostnað, samanlagt 1,6 milljón króna.

Félögin komust fyrst í deiglu fjölmiðla sumarið 2018, þegar DV greindi frá því að Sigurður Ingi Þórðarson, títtnefndur Siggi hakkari, færi fyrir ACE Handling. Hefði hann þar með aðgang að haftasvæðum flugvalla, þrátt fyrir að hafa dóma fyrir kynferðisbrot og fjársvik á bakinu. Á þessum tíma hafði ACE Handling þegar óskað eftir gjaldþrotaskiptum.

Málið gegn ACE FBO snerist um afsal á stigalyftu fyrir flugvélar, sem seld hafði verið eftir frestsdag án greiðslu. En fyrir dómi vitnaði Alma Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri, um að hafa séð ACE FBO reyna að selja lyftuna og 16 önnur tæki, til hins nýstofnaða flugfélags Play.

Taldi Arnar Þór Jónsson dómari félagið ekki hafa sýnt fram á að verðmæti lyftunnar væri minna en um 5 milljóna króna krafan sagði til um og ekki var fallist á að félagið fengi að skila henni.

Skiptastjóri þrotabús ACE Handling. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Félögin voru dæmd til að greiða um 6 milljónir auk 1,6 í málskostnað.**

Málið gegn Global Fuel snerist um greiðslur til tryggingamiðlunar í Svíþjóð sem ekki voru gjaldfallnar við greiðslu og taldi dómari fjárhæðina umfram hlutdeild ACE Handling í heildartryggingapakka systurfélaganna, eða um eina milljón. „Verður því ekki litið svo á að greiðslan geti talist venjuleg eftir atvikum," segir í dómnum. **– khg**

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

Taxfree*
af öllum snyrtivörum
1.-6. júlí

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP
Snyrtivara

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

Segja óhugsandi að forsetinn fái ekki mikilvægar upplýsingar

BANDARÍKIN Heimildamenn CNN og New York Times fullyrða að Donald Trump Bandaríkjaforseti hafi fengið upplýsingar frá leyniþjónustu Bandaríkjanna, um að Rússar hefðu boðið talibönum fé fyrir að drepa bandarískan hermann, þrátt fyrir að Trump neiti því.

Kayleigh McEnany, upplýsingafulltrúi Hvíta hússins, sagði við blaðamenn á mánudag að upplýsingarnar hefðu aldrei ratað til forsetans, þar sem leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna væru ósammála um áreiðanleika upplýsinganna.

» Í grein Carl Bernstein segir að Trump hafi dregið herlið frá Sýrlandi eftir símtal frá Tyrklandsforseta.

Samkvæmt heimildum NYT fékk Trump upplýsingar um málið í febrúar. Þá segja nokkrir fyrrverandi starfsmenn leyniþjónustunnar við CNN það óhugsandi, að Bandaríkjaforseti hafi ekki fengið upplýsingarnar, þó að ekki séu allar stofnanir sammála.

Bandaríkjaforseti segist ekki hafa fengið upplýsingarnar. MYND/EPA

Í grein sem Carl Bernstein skrifar fyrir CNN, hefur hann eftir háttsettum embættismönnum að Trump hafi sjálfur verið ógn við þjóðaröryggi, með framkomu sinni í símtölum við ýmsa þjóðarleiðtoga.

Á Trump að hafa látið Recep Erdogan Tyrklandsforseta og Vladimír Pútín Rússlandsforseta spila með sig. Meðal annars hafi hann ákveðið að draga bandarískt herlið frá Sýrlandi eftir símtal við Erdogan. Á sama tíma hafi hann verið dónalegur við leiðtoga vinaþjóða. Mun hann hafa kallað Angelu Merkel Þýskalandskanslara heimska og kallað Theresu May, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, flón. **– ab**

Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, óttast aðra bylgju í ríkinu.

Klárlega ekki við stjórnvölinn

COVID-19 Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, hefur skipað að allir sem koma frá sextán öðrum ríkjum Bandaríkjanna þurfi að fara í tveggja vikna sóttkví. Er þetta gert til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kórónaveirunnar í ríkinu. Samkvæmt USA Today nær skyldan til rúmlega helmings íbúa Bandaríkjanna.

Í gær greindust rúmlega 40 þúsund tilfelli COVID-19 í landinu. Anthony Fauci, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í sóttvörnum, sagði við þingið að það kæmi ekki á óvart ef tilfellin yrðu fleiri en 100 þúsund daglega. „Við erum klárlega ekki við stjórnvölinn á þessum tímapunkti," sagði Fauci við Bandaríkjaþing í gær. Vísaði hann þar til þeirra fjölmörgu Bandaríkjamanna sem virða sóttvarnir að vettugi. Fauci

Við erum klárlega ekki við stjórnvölinn á þessum tímapunkti.

Anthony Fauci, sóttvarnalæknir

sagði að Flórída, Arizona, Texas og Kalifornía væru ríkin sem ættu í hvað mestum vanda á þessum tímapunkti.

New York-borg, sem hefur orðið illa úti í faraldrinum, tilkynnti í gær að flugeldasýningar á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna næstkomandi laugardag verði ekki tilkynntar fyrirfram, til að koma í veg fyrir að fólk safnist saman til að fylgjast með þeim. **– ab**

Frakkar loka kjarnorkuveri og hyggjast loka tólf í viðbót

Elsta kjarnorkuver Frakklands hefur verið tekið úr sambandi við raforkudreifikerfið en lokunin mun taka mörg ár. Stefnt er á að loka tólf verum til viðbótar á komandi árum og umhverfissinnar fagna. Stærsta verkalýðsfélag landsins harmar hins vegar ákvörðunina sem kostar þúsund manns atvinnuna.

FRAKKLAND Fessenheim, elsta kjarnorkuveri Frakklands, var lokað á mánudag og til stendur að loka tólf verum til viðbótar. Verið er staðsett við landamæri Þýskalands og var tekið í notkun árið 1977. Forsetinn Francois Hollande hafði það á stefnuskrá sinni að loka Fessenheim, en það var núverandi forseti, Emmanuel Macron, sem tók í gikkinn.

Frakkland er sú þjóð í heiminum sem notar hlutfallslega langmest af kjarnorku. Rúmlega 70 prósent af heildarraforkunni kemur úr tvenns konar kjarnorkuverum. Til samanburðar fá Bandaríkjamenn og Rússar tæplega 20 prósent af sinni raforku frá kjarnorkuverum, Bretar 15 prósent, Þjóðverjar 10 og Kínverjar 5. Eftir lokun Fessenheim eru enn eftir 74 ver í Frakklandi.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að koma hlutfallinu niður í 50 prósent á næstu 15 árum. Eiga endurnýjanlegir orkugjafar að brúa þetta 20 prósenta bil. Þau tólf kjarnorkuver sem stendur til að loka á komandi árum, eru öll komin yfir, eða að nálgast, fjörutíu ára notkun.

Umhverfisverndarsinnar fagna lokuninni, en þeir hafa haft horn í síðu versins um áratuga skeið. Hafa þeir meðal annars haft áhyggjur af staðsetningunni, með tilliti til sögu jarðskjálftavirkni á svæðinu. Einnig þá hættu að flætt gæti inn í verið. Öryggismál í verinu voru tekin til endurskoðunar eftir kjarnorkuslysið í Fukushima í Japan árið 2011, en þrátt fyrir það hafa öryggisbrestir orðið síðan þá. Meðal annars þurfti að loka verinu tímabundið árið 2014 eftir að kælitankar flæddu yfir.

Fessenheim er elsta kjarnorkuver landsins og þar störfuðu þúsund manns. MYND/EPA

» Frakkar fá 70 prósent af raforku úr kjarnorkuverum. Það er langhæsta hlutfall heimsins.

Að loka kjarnorkuveri er hins vegar ekki eins og að taka ristavél úr sambandi. Byrjað var að slökkva á kjarnaofnunum fyrir fjórum mánuðum síðan, en á mánudag var verið alfarið tekið úr sambandi við dreifikerfið. Kælingin mun taka nokkra mánuði til viðbótar, og þá fyrst verður hægt að fjarlægja þær geislavirku málmstengur sem orkan er unnin úr. Áætlað er að þetta klárist árið 2023, en rif versins sjálfs ekki fyrr en 2040.

Um eitt þúsund starfsmenn unnu í Fessenheim og aðeins tæplega 300 manns munu hafa störf við lokun versins. Lokunin hefur alls áhrif á afkomu 2500 manns á svæðinu og CGT, stærsta verkalýðsfélag landsins, hefur harmað ákvörðunina. „Þetta er sárt, það er ómannlegt það sem er að gerast," sendi félagið frá sér á samfélagsmiðlum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar gefið það út að starfsmönnum Fessenheim muni bjóðast störf hjá öðrum raforkuverum landsins.

Óvíst er hvað verður reist á staðnum í staðinn fyrir kjarnorkuverið, en rætt hefur verið um að koma þar upp endurvinnslustöð fyrir geislavirka málma eða gas og jarðgerðarstöð. Myndi það skapa hundruð starfa og létta áfallið fyrir atvinnulífið á svæðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Nýr toppur skýrir ákvörðun ESB

COVID-19 Mikil fjölgun COVID-19 tilfella í Bandaríkjunum frá miðjum júní, skýrir ákvörðun Evrópusambandsins um að hleypa Bandaríkjamönnum ekki inn fyrir ytri landamærin að svo stöddu. Evrópusambandið hefur útbúið lista yfir 14 örugg ríki, sem inniheldur meðal annars Kanada, Ástralíu, Japan, Taíland og Suður-Kóreu.

Nærri 2,7 milljónir tilfella hafa greinst í Bandaríkjunum, tvöfalt fleiri en í Brasilíu, þar sem næstflest tilfelli hafa greinst. Dauðsföll eru nú tæplega 130 þúsund talsins, þau langflestu í heiminum.

Faraldurinn skall um tveimur vikum seinna á Bandaríkjunum en Evrópu, og eins og í Evrópu byrjaði hann að dala í apríl og maí, en þó ekki jafn hratt. Ólíkt Evrópu, þar sem ákveðið jafnvægi hefur náðst, hefur nýjum, bandarískum tilfellum nú snarfjölgað í júní og nýjum toppi verið náð, um 44 þúsund tilfellum á dag. Er þessi toppur mun hærri en toppurinn í vor.

Ursula von der Leyen forseti framkvæmdastjórnar ESB. MYND/EPA

Sérfræðingar á sviði heilbrigðisvísinda í Bandaríkjunum, vöruðu við því að takmörkunum og lokunum væri aflétt allt of skarpt í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Þá hefur Donald Trump forseti ekki þótt taka faraldurinn nægilega alvarlega.

» Aukning er í 36 af 50 fylkjum Bandaríkjanna og meira en 40 þúsund tilfelli greinast á dag

Alls er aukning tilfella í 36 af 50 fylkjum Bandaríkjanna og sums staðar er verið að loka veitingastöðum, skemmtistöðum og vinsælum baðströndum.

Bakslag hefur vissulega átt sér stað í Evrópu, til dæmis í Þýskalandi og á Spáni. En þá staðbundið og brugðist við því á mjög afgerandi hátt. Aflétting takmarkana og lokana hefur heilt yfir gerst mun hægar og af meiri ígrundun en vestra.

– khg

Við tjöldum því besta

Yfir 40 gerðir af tjöldum

HILLEBERG THE TENTMAKER

Vango

Vango Nevis
5000mm vatnsheldni
1 manns verð kr. 22.995,-
2 manna verð kr. 27.995,-

Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 45.995,-
3 manna verð kr. 50.995,-

Vango Pulsar Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 48.995,-

Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 22.995,-
3 manna verð kr. 24.995,-
4 manna verð kr. 28.995,-

Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 44.995,-
4 manna verð kr. 49.995,-
5 manna verð kr. 60.995,-

Vango Ascott II
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 59.995,-

Vango Winslow II
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 64.995,-

Vango Hudson
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 85.995,-
5 manna verð kr. 97.995,-
6 manna verð kr. 109.995,-

Vango Amalfi AirBeam
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 126.995,-

Vango Skye AirBeam
3000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 87.995,-
5 manna verð kr. 99.995,-

Vango Stargrove II Airbeam
3000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 159.995,-
6 manna verð kr. 179.995,-

Vango Winslow II AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 112.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum

MAMMUT SWISS 1862 · KLYMIT · PRIMUS · Vango · Princeton Tec · HILLEBERG THE TENTMAKER · RUDY PROJECT · GREGORY

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

Stjórnleysið

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Það er ekkert að marka Alþingi Íslendinga.

Á síðasta þingfundi vorsins voru samþykkt lög um gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu fyrir landsmenn. Sjö stundum síðar tilkynnti fjármálaráðherra að ekkert fjármagn hefði fylgt með og í augnablikinu séu ekki til peningar fyrir nýjum útgjöldum.

Á sama þingfundi reyndi Inga Sæland að koma í gegn lagabreytingu, sem ætlað er að þvinga stjórnvöld til að fara að lögum um reglubundna hækkun örorkubóta. Slík staðfesting á gildandi rétti borgara var metin fáránleg og henni hafnað.

Þá voru greidd atkvæði gegn frumvarpi sem Alþingi sjálft ályktaði fyrir nokkrum árum að leggja skyldi fram, um stöðvun ofsókna gegn veiku fólki. Nokkrir helstu fordæmendur frumvarpsins voru sjálfir flutningsmenn þess. Tillaga um að hætta að ofsækja veikt fólk var kölluð „tvískinnungur“.

Sú tíð er liðin þegar sérstök hólf fyrir víxileyðublöð voru í anddyri þingsins og verðmætari pappír var ekki til en sá sem hafði undirskrift alþingismanns. Enginn tekur lengur sérstakt mark á orðum sem sögð eru í ræðustól Alþingis og flestar ályktanir þingsins eru marklausar. Og nú hefur sú nýbreytni verið tekin upp, að Alþingi setji þýðingarlaus lög: Lög sem kveða í orði á um réttindi borgara í landinu, en hafa á borði ekkert vægi í raun.

Þessi sorglegu örlög löggjafans eru því miður ekki honum einum að kenna. Þau haldast í hendur við væntingarnar, og þær fara tæpast fram úr traustinu. Á Íslandi ríkir ekki aðeins vantraust til stjórnmála, heldur beinlínis andúð. Það er ömurlegt því auðvitað ættum við að láta okkur þykja vænt um stjórnmál og stjórnmálaflokka. Þótt hatrið sé ekki alltaf óverðskuldað eigum við ekki að gefast upp á lýðræðinu þótt kjörnir fulltrúar valdi vonbrigðum, heldur vinda ofan þeim vítahring sem stjórnmálaandúðin hefur skapað. Hún veldur því að okkar besta fólk vill ekki starfa í stjórnmálum.

Það þarf að laga stjórnmálaflokkana. Þeir eru ekki nógu fjölmennir til að geta talist fjöldahreyfingar, þeir hafa ekkert aðdráttarafl og eru lamaðir af manneklu, af því það elskar þá enginn. Uppbyggileg átök fá ekki nægilegt pláss og það bitnar á afrakstri stjórnmálastarfsins. Þess vegna hefur sú hefð skapast, meðal óánægðra borgara, að stofna frekar nýjan stjórnmálaflokk en ganga til liðs við þá sem fyrir eru.

Átta flokkar starfa á Alþingi. Ríkisstjórnin er klofin. Stjórnarandstaðan er klofin. Fjöldi ólíkra sjónarmiða til verkefna sem leysa þarf er oftast á pari við fjölda flokka. Niðurstaðan verður oftar en ekki einhver óskapnaður sem enginn er ánægður með.

Við gerum sjaldan neitt með glæsibrag lengur heldur þurfa öll mál að vera svolítið léleg líka, ýmist til að styggja engan í baklandinu, eða sætta ólík sjónarmið sem eiga engan uppruna annan en persónulega óvild stjórnmálamanna, sem geta ekki, eða vilja ekki, vinna saman og hafa því kosið íslensku leiðina, að stofna nýjan flokk.

Þessi sorglegu örlög löggjafans eru því miður ekki honum einum að kenna.

Halldór

Frá degi til dags

Að pía ...

Þeir eru ansi misgeðslegir, bitarnir sem fólk þarf að kyngja fyrir kurteisi sakir við hlaðborð alþjóða, þegar halda þarf fulltrúum nágrannaþjóða góðum. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra virðist góðu heilli ekkert sérstaklega klígjugjarn og frekar umburðarlyndur. Nýjasta dæmið um víða sýn ráðherrans á þrönga, er ferðalag með Jenis av Rana, leiðtoga kristilega Miðflokksins og mennta- og utanríkisráðherra Færeyja. Á Íslandi verður Jenis nefnilega alltaf þekktastur fyrir að neita að sitja til borðs með Jóhönnu Sigurðardóttur vegna kynhneigðar hennar. Dekstur sem þetta, við fólk með svæsnar skoðanir, þykir líklegt til að festast í sessi sem sögnin „að pía,“ með vísan til alræmds dekurs forseta Alþingis við Piu Kjærsgaard hér um árið.

... og pensla

Utanríkisráðherra er orðinn ýmsu vanur þegar kemur að því að taka umdeildum gestum opnum örmum, jafnvel þó almenn stemning sé fyrir að taka á móti slíkum með mótmæli og beitt skilti á lofti. Skreppitúr með Jenis av Rana er þannig varla tiltökumál, eftir að hafa boðið Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, velkominn til landsins, en sá hefur sjálfsagt stærri og hvassari horn í síðu samkynhneigðra en færeyski Miðflokksmaðurinn.

toti@frettabladid.is

Stokkum spilin á ný

Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Fólk talar um að kreppan sem nú stendur yfir sé öðruvísi en kreppan árið 2008. En hvernig?

Vegna veirunnar hrundi eftirspurn á vörum og þjónustu, með þeim afleiðingum að fólk missir unnvörpum atvinnu og tekjur og fyrirtækin þurfa að draga saman seglin eða fara jafnvel í þrot. Niðurstaðan er mesta atvinnuleysi á Íslandi frá upphafi mælinga.

Tugþúsundir Íslendinga eru nú án atvinnu og það er þetta fólk sem er látið vera í framlínunni við að kljást við kreppuna, ef ekkert er aðhafst. Smám saman getur myndast mikill og hættulegur munur á stöðu þeirra sem missa vinnu og hinna sem halda vinnunni, ef ekki er hugað sérstaklega að stöðu atvinnulausra. Því lengur sem ástandið varir, því meiri verður munurinn, og ójöfnuður í samfélaginu eykst. Fjárhagsvandi, þunglyndi og vanlíðan eru þekktir fylgifiskar langtímaatvinnuleysis og auka álagið á heimilin, öryggisnetið okkar og heilbrigðiskerfi landsins.

Stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir nú er að skapa störf. En við þurfum líka að ráðast í sértækar aðgerðir í þágu atvinnulausra: hækka grunnatvinnuleysisbætur og lengja tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Við verðum um leið að móta djarfa atvinnustefnu og ráðast í fjárfestingar sem ýta undir fjölbreytni atvinnulífsins. Við þurfum að styðja við einkaframtakið, sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki, en við skulum líka vera óhrædd við að skapa nauðsynleg opinber störf um allt land. Verkefnin eru óþrjótandi, ekki síst á sviði loftslagsmála, og að skjóta rótum undir atvinnulíf sem byggir á hugviti og þekkingu.

Nú er ekki tíminn fyrir hægri kreddur: skrumskælingu ríkisafskipta og áróður um að einkavæða þurfi ríkisfyrirtæki til að afla tekna. Þvert á móti væri ábyrgðarlaust fyrir stjórnvöld að beita sér ekki með afgerandi hætti – nú er tíminn til að stokka spilin og gefa upp á nýtt; skapa störf, jafna lífskjör og ráðast gegn loftslagsvandanum í leiðinni.

Nú er ekki tíminn fyrir hægri kreddur: skrumskælingu ríkisafskipta og áróður um að einkavæða þurfi ríkisfyrirtæki til að afla tekna.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Nýr Menntasjóður námsmanna: Stærsta hagsmunamálið í áratugi

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Tilgangur stjórnmálanna er að breyta rétt og bæta samfélagið þar sem hið lýðræðislega umboð verður til. Fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að ráðist verði í endurskoðun námslánakerfisins, þar sem lögð er áhersla á jafnrétti til náms, skilvirkni og námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd. Öll þessi fyrirheit hafa verið efnd í nýjum Menntasjóði námsmanna en ný lög, nr. 60/2020, taka gildi í dag.

Jafnrétti til náms

Lögin fela í sér grundvallarbreytingar á stuðningi við námsmenn. Fjárhagsstaða nemenda verður betri og skuldastaða þeirra að loknu námi mun síður ráðast af fjölskylduaðstæðum. Ein leið til að ná þessu fram var að tryggja barnastyrkinn sem lögin kveða á um – foreldrar í námi fá fjárstyrk en ekki lán til að framfleyta börnum sínum. Nýja kerfið miðar að því að jafna stuðning og dreifingu styrkja ríkisins til námsmanna sem taka námslán. Sérstaklega verður hugað að hópum sem reynst hefur erfiðara að sækja nám s.s. einstæðum foreldrum, fjölskyldufólki og námsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins. Með þessari kerfisbreytingu viljum við auka gagnsæi, fyrirsjáanleika og skipta gæðum með jafnari og réttlátari hætti milli námsmanna.

Afnám ábyrgðamannakerfisins

Ný lög boða einnig afnám ábyrgðarmannakerfisins. Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga falla niður sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna, LÍN, og ekki á vanskilaskrá. Þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir marga í íslensku samfélagi. Það er mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar og geti fundið nám við sitt hæfi.

Aukin skilvirkni og bestu kjör

Þá er jafnframt innbyggður mikill hvati til bættrar námsframvindu með 30% niðurfærslu á höfuðstól og verðbótum ef námi er lokið innan tiltekins tíma. Enn fremur munu námsmenn njóta bestu lánskjara ríkissjóðs Íslands og námsaðstoðin, lán og styrkir, verða undanþegin lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Heimilt verður að greiða út námslánin mánaðarlega og lánþegar geta valið hvort lánin séu verðtryggð eða óverðtryggð. Þessi mikilvægu lög munu því stuðla markvisst að betra nýtingu fjármuna, aukinni skilvirkni og þjóðhagslegum ávinningi fyrir samfélagið.

Aukinn sveigjanleiki á tímum COVID-19

Á vandasömum tímum er mikilvægt að tryggja vellíðan nemenda og standa vörð um menntakerfið okkar. Á tímum COVID-19 sýndi LÍN skjót og sveigjanleg viðbrögð með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þessi viðhorf verða áfram í hávegum höfð í nýjum Menntasjóði.

Búið er að hrinda í framkvæmd nýju námsstyrkjakerfi sem er að norrænni fyrirmynd. Með nýjum lögum er verið að sinna tilgangi stjórnmálanna, þ.e. að breyta rétt, bæta samfélagið og standa við fyrirheit stjórnarsáttmálans.

Byggjum nýjan Tækniskóla

Árni Sigurjónsson
formaður Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins hafa ávallt lagt þunga áherslu á menntamál í starfsemi sinni. Kjarninn í menntastefnu samtakanna er að efla íslenskt menntakerfi með markvissum aðgerðum í samstarfi atvinnulífs og skóla þannig að færniþörf atvinnulífsins verði mætt á hverjum tíma. Er menntakerfið ein helsta undirstaða þess að samkeppnishæfni Íslands verði efld. Fjölgun iðnmenntaðra á vinnumarkaði og efling menntaúrræða fyrir þá sem eru nú þegar starfandi á vinnumarkaði eru lykilmarkmið hvað þetta varðar. Það eru því gleðilegar fréttir sem berast þessa dagana af aukinni aðsókn í iðn- og starfsnám í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins, bæði frá þeim sem eru að ljúka grunnskóla og frá eldri nemendum. Aukinni aðsókn fylgja þó áskoranir, meðal annars í aðstöðumálum, sem óhjákvæmilegt er að leysa með samhentu átaki og markvissum aðgerðum.

Draumunum hrint í framkvæmd

Við Íslendingar höfum áður staðið í svipuðum sporum. Það voru stórhuga og framsýnir menn sem létu sig dreyma um að byggja upp sómasamlega umgjörð og aðstöðu utan um menntastofnanir íslenskra iðnaðarmanna og sjómanna á árunum í kringum seinni heimsstyrjöld. Ísland þess tíma var harla frábrugðið nútímanum, efni lítil og velmegun ekki á hvers manns færi. Með þrautseigju og þolgæði að vopni öfluðu þessir brautryðjendur sér fylgis meðal helstu ráðamanna í ríkis- og bæjarstjórn sem gerðu sér grein fyrir mikilvægi málsins og létu verkin tala.

Draumunum var því hrint í framkvæmd. Glæsilegar og býsna framúrstefnulegar byggingar Sjómannaskólans og Iðnskólans risu annars vegar á Rauðarárholti og hins vegar á Skólavörðuholti á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Voru nýbyggingarnar taldar vitnisburður um framfarahug og vaxandi framkvæmdagetu landsmanna. Þær leystu af hólmi löngu ófullnægjandi húsakost sem hafði hamlað eðlilegri framþróun í menntun og þjálfun starfsfólks í þessum lykilatvinnugreinum. Þeirri óheillaþróun var með þessu snúið við og straumhvörf urðu í iðn- og starfsnámi áratugina á eftir.

En síðan eru liðin mörg ár. Framúrstefnuleg aðstaða fjórða og fimmta áratugar síðustu aldar hefur um alllanga hríð staðið íslensku iðn-, verk- og starfsnámi fyrir þrifum. Í takt við kröfur nútímans hefur íslenskt atvinnulíf kallað eftir umbótum á aðbúnaði þeirra sem leggja fyrir sig slíkt nám. Tekin voru mikilvæg skref í átt að samræmdu verk- og tækninámi á framhaldsskólastigi með stofnun Tækniskólans árið 2008 á grunni sameiningar Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík. Með sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans árið 2015 bættist svo mikilvægur hlekkur við keðjuna.

Er Tækniskólinn nú stærsti framhaldsskóli landsins og leiðandi afl í starfsmenntun á Íslandi með um 2.500 nemendur skráða í fjölmörgum og ólíkum greinum. Starfsemi skólans fer í dag fram á níu stöðum sem dreifast víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Er öllum ljóst sem málið skoða að núverandi húsakostur skólans hentar afar illa fyrir starfsemi hans, veldur verulegu óhagræði í rekstri hans og hamlar því að hægt sé að bjóða upp á nám af mestu gæðum sem stenst kröfur nútímans. Þá skortir núverandi aðstöðu nauðsynlegan sveigjanleika fyrir námskröfur iðn- og verknáms framtíðarinnar.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Sérstaklega er þar vikið að því að auka tækniþekkingu og eflingu iðn-, verk- og starfsnáms í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags. Rímar þetta við menntastefnu Samtaka iðnaðarins og áherslur aðgerðaáætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem kynnt var í byrjun þessa árs, en henni er ætlað er að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun og fjölga einstaklingum með slíka menntun á vinnumarkaði. Ekki er því ágreiningur um að gera þurfi áþreifanlegar og nauðsynlegar breytingar í þessum málum.

En hvað svo?

Á grunni þessa samhljóms og áætlana er nú runninn upp tími aðgerða, ekki síst í ljósi mikillar aukningar í aðsókn í iðn- og starfsnám. Eigendur, stjórn og stjórnendur Tækniskólans hafa á síðustu árum skoðað vandlega möguleikann á að sameina allan rekstur skólans í einni nýbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Bygging nýs Tækniskóla væri lykilskref til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar og íslensks atvinnulífs í þessum málaflokki, auk þess sem nútímavæðing á húsnæði skólans mun gera skólann meira aðlaðandi fyrir nemendur sem standa frammi fyrir vali á framhaldsnámi með tilheyrandi samfélagslegum ávinningi. Búið er að vinna ítarlega þarfa- og valkostagreiningu sem kynnt hefur verið fyrir ráðherrum og áhugi sveitarfélaga á málinu kannaður. Viðtökur ríkis og viðkomandi sveitarfélaga við þessum áformum hafa almennt verið jákvæðar og málið er nú komið í formlegan farveg. Atvinnulífið hefur ekki látið sitt eftir liggja og fyrir hönd Samtaka iðnaðarins skora ég því á stjórnvöld að láta verkin tala í þessu þjóðþrifamáli af sama metnaði og stórhug og gert var í aðstöðumálum skólanna fyrir miðja síðustu öld. Nýr Tækniskóli yrði mikið gæfuspor fyrir framtíð iðn- og verknáms á Íslandi.

FRÁBÆR STÖRF Í BOÐI HJÁ LIND FASTEIGNASÖLU
VIÐ LEITUM AÐ
LÖGGILTUM
FASTEIGNASÖLUM
TIL STARFA
– KONUM OG KÖRLUM Á ÖLLUM ALDRI
Við leitum að löggiltum fasteignasölum sem sérhæfa sig í sölu og leigu atvinnuhúsnæðis
Fjöldi verkefna framundan, af öllum stærðum og gerðum
Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fastlind.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
LIND FASTEIGNASALA var stofnuð árið 2003 og er því á 17. starfsári. Hjá Lind starfa í dag 23 löggiltir fasteignasalar, þar af tveir lögmenn og einn lögfræðingur.
Lind á eftirfarandi söluvefi:
FYRSTU ÍBÚDAKAUP.IS
FRÍTT VERDMAT.IS
NÝJAR ÍBÚDIR.IS
OPIÐ HÚS SÖLU- OG SÝNINGARAPP
VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA
VEITUM VIÐSKIPTAVINUM AFSLÆTTI HJÁ SÉRVÖLDUM FYRIRTÆKJUM
LIND FLYTUR Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI
LIND FASTEIGNASALA
LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta
ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Allt að 50% afsláttur

ÚTSÍ

Sumarblóm -20-50% • Trjáplöntur -20-50% • Útipottar -2

Kolagrill -20% • Reiðhjól (Gildir ekki af rafmagnshjólum) -20% • Garðhúsgö

Sláttuorf -20-30% • Rafmagns- og bensín hekkklippur -20-30%

Slönguhjól (Claber) -30% • LADY málning -20% • Viðarvörn (Jotun) -2

Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld -30% • Matarstell, glös og könnur

Útivistarfatnaður -25% • Vinnufatnaður -25% • Barnaöryggi -20

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Hefst í dag

ALA

25% • Gervisumarblóm -25% • Gasgrill (Gildir ekki af Weber) -20%

ögn -20% • Áltröppur/stigar -20-25% • Sláttuvélar -20-25%

% • Hekk- og greinaklippur -30% • Háþrýstidælur (Nilfisk) -20-25%

0% • Pallaolía -20% • Viðarvörn (Gori) -30% • Útimálning -20%

-30% • Pottar, pönnur og hitaköunur -30% • Regnföt -30%

% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) -20% • Vinnuhanskar -20%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Sadio Mané og Mohamed Salah geta spilað með Liverpool í janúar.

Ákveðið að fresta mótinu til ársins 2022

FÓTBOLTI Afríkukeppninni í knattspyrnu karla, sem átti að halda í Kamerún í janúar á næsta ári, hefur verið frestað til ársins 2022 vegna kórónaveirufaraldursins.

Þetta kom fram fram í tilkynningu sem knattspyrnusamband Afríku sendi frá sér í gær. Þar kom enn fremur fram að Afríkukeppni kvenna hafi verið aflýst.

„Heilsan verður ávallt sett í fyrsta sæti við ákvarðanir okkar um mótahald," segir Ahmad Ahmad, forseti knattspyrnusambands Afríku, um ákvörðunina.

Heilsan verður ávallt sett í fyrsta sæti við ákvarðanir okkar um mótahald.

Keppnin karlamegin mun fara fram í janúar árið 2022, en í nóvember og desember seinna á því ári, verður heimsmeistaramót haldið í Katar.

Lið í Evrópu munu því halda afrísku leikmönnunum í sínum herbúðum í janúar á næsta ári, en Mohamed Salah, Sadio Mané, Joël Matip og Naby Keita, geta til að mynda leikið með Liverpool í janúar á næsta ári. – hó

María Þórisdóttir varð síðastliðið vor enskur meistari með Chelsea.

Styrkja skimun á leikmönnum í kvenndeildinni

ENSKI BOLTINN Forráðamenn ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla hafa boðið enska knattspyrnusambandinu styrk, sem jafngildir um 170 milljónum íslenskra króna, sem á að renna í rekstur ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu kvenna.

Peningana á að nota til þess að skima leikmenn deildarinnar fyrir COVID-19, áður en næsta keppnistímabil hefst, en síðustu leiktíð var hætt í kvennadeildinni vegna kórónaveirufaraldursins. Voru María Þórisdóttir og samherjar hennar hjá Chelsea krýndar enskir meistarar.

Það er enska knattspyrnusambandið sem rekur kvennadeildina eins og sakir standa, en forsvarsmenn karladeildarinnar hafa áhuga á að taka yfir þann rekstur í framtíðinni. – hó

Júlían J.K. Jóhannsson minnti rækilega á sig á Íslandsmótinu í réttstöðulyftu en hann lyfti þar 409 kílóum og bætti heimsmetið í greininni. MYND/AÐSEND

Rúm fyrir bætingu á metinu

Það var langþráð stund hjá kraftlyftingamanninum Júlían J.K. Jóhannssyni þegar hann keppti á fyrsta móti ársins um síðustu helgi. Pásan hefur ekki haft slæm áhrif á Júlían sem bætti heimsmet á mótinu.

KRAFTLYFTINGAR Júlían J.K. Jóhannsson bætti um síðustu helgi eigið heimsmet í réttstöðulyftu þegar hann varð Íslandsmeistari í +120 kg flokki í greininni. Júlían lyfti 409 kílóum og bætti því metið um þrjú og hálft kíló.

Þar sem lyftan var ekki framkvæmd á alþjóðlegu móti verður heimsmetið ekki gert opinbert en Júlían á hins vegar opinbera metið í réttstöðulyftu. Það met setti Júlían á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fór í Dúbaí í nóvember 2019 með því að lyfta 405,5 kílóum.

„Það var fyrst og framst alveg yndislegt að komast í keppnisham og hitta alla andstæðinga mína loksins á móti. Á keppnisstaðnum myndaðist frábær stemming þegar mótið fór fram og það var ljóst að það var mikil spenna hjá kraftlyftingafólki að keppa á nýjan leik eftir erfiða mánuði. Mér þótti svo vænt um að setja þetta met með konuna mína, barnið og nána vini í salnum.

Það var fyrst og fremst yndislegt að komast í keppnisham og hitta alla andstæðinga mína loksins á móti.

Það má segja að það hafi verið lán í óláni að mótahald hafi fallið niður á þeim tíma þegar ég var nýbakaður faðir. Það gerði það að verkum að ég gat varið meiri tíma með nýfæddum syni mínum en ella hefði verið mögulegt vegna ferðalaga vegna mótanna," segir Júlían.

„Ég kem bara vel út úr pásunni sem gerð var vegna kórónaveirunnar. Það er hins vegar mjög skrýtið fyrir mig að æfa án þess að hafa neinn fastan punkt fyrir framan mig. Í venjulegu árferði er æfingaálagið þrepaskipt þar sem markmiðið er að toppa í þyngdum á einhverjum tímapunkti," segir hann um síðustu mánuði hjá sér.

„Þar sem engin mót hafa farið fram á árinu hef ég aftur á móti breytt upplegginu á æfingum hjá mér. Ég stytti æfingarnar og fjölgaði þeim þess í stað. Það gerði ég aðallega þar sem það var erfitt að gíra sig upp í langar æfingar einn í æfingasalnum," segir íþróttamaður ársins.

„Þegar mót eru fram undan er æfingaplanið vanalega þannig að fyrst um sinn lyfti ég létt með mörgum endurtekningum og færi mig svo yfir í meiri þyngd í færri skipti þegar nær dregur móti. Það má í raun segja að ég hafi verið staddur í löngum millikafla síðustu vikurnar," segir Júlían.

„Næsta verkefni hjá mér er Íslandsmeistaramótshelgi sem fram fer í september næstkomandi og þar á eftir er svo heimsmeistaramótið á dagskrá í nóvember. Það er góð tilfinning að vera kominn með fast land undir fætur og geta skipulagt æfingar miðað við það að hámarka árangurinn í haust," segir þessi metnaðarfulli kraftlyftingamaður.

„Ég mun breyta uppkeyrslunni á næstu vikum yfir í hefðbundið æfingaform fyrir mót. Það var gott að sjá hvar ég stend um síðustu helgi og gaman að sjá í hversu góðu formi ég er líkamlega eftir erfiða mánuði andlega.

Með betri uppkeyrslu í æfingum hjá mér tel ég góðar líkur á að ég gæti bætt mig enn frekar næsta haust. Mér finnst ég eiga nóg inni og stefni á að bæta heimsmetið aftur í komandi mótum," segir þessi öflugi íþróttamaður um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is

Eygló Ósk setur sundhettuna á hilluna 25 ára gömul

SUND Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir tilkynnti í tilfinningaþrunginni færslu á facebook-síðu sinni í dag, að hún væri hætt keppni. Eygló Ósk var valin íþróttamaður ársins árið 2015 en hún keppti á tvennum Ólympíuleikum á glæstum ferli sínum.

Eygló Ósk, sem er aðeins 25 ára gömul, hefur glímt við meiðsli í baki undanfarin ár. Árið 2015 varð hún fyrsta íslenska sundkonan til þess að vinna til verðlauna á stórmóti þegar hún hreppti tvenn bronsverðlaun á Evrópumótinu í 25 metra laug.

Þá keppti hún sama ár til úrslita á heimsmeistaramótinu í 50 metra laug. Eygló Ósk keppti svo á Ólympíuleikum í Ríó árið 2016 og í London árið 2012. Á Ólympíuleikunum í Ríó synti hún til úrslita í 200 metra baksundi. Hún á fjölda Íslandsmeta og nokkur Norðurlandamet.

Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur ákveðið að láta gott heita. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Tilfinningarnar hellast yfir mig, þegar ég hugsa til þess að ég muni ekki fara aftur á HM eða Ólympíuleika. Ég er á sama tíma mjög ánægð með að hafa gefið allt sem ég gat í þessa íþrótt og fengið að upplifa allt það sem ég fékk að upplifa," segir Eygló Ósk meðal annars í facebook-færslunni þar sem hún fer yfir þessa stóru ákvörðun sína. – hó

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 1. JÚLÍ 2020

Heilsa

Vinirnir Aileen Soffía Svensdóttir og Haukur Guðmundsson standa að baki hlaðvarpinu Mannréttindi fatlaðra sem fór í loftið í júní. Þau segja mikilvægt að geta sett sig í spor fatlaðra. →4

Hanna Þóra matarbloggari breytti algjörlega um lífsstíl fyrir tveimur árum eftir að pabbi hennar póstaði mynd af henni á Facebook.

Algjör umbylting á orku og líðan á ketó

Ketó lífsstíllinn umbreytti lífi Hönnu Þóru matarbloggara til hins betra. Fyrir tveimur árum var hún ekki á góðum stað og ákvað að gera eitthvað í sínum málum og prófaði ketó. Nú hjálpar hún öðrum í gegnum samfélagsmiðla. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Hanna Þóra Helgadóttir, viðskiptafræðingur og matarbloggari, breytti lífsstíl sínum fyrir tveimur árum eftir að hún fékk áfall við að sjá mynd sem hafði verið tekin af henni og póstað á Facebook. Hún ákvað að prófa ketó mataræðið og við það varð algjör umbylting á líðan hennar og heilsu.

Hvað varð til þess að þú umbyltir mataræði þínu og valdir að byrja á ketó?

„Það urðu ákveðin tímamót í lífi mínu fyrir tveimur árum. Pabbi hafði tekið mynd af mér í fjölskylduboði og ég missti andlitið þegar ég sá hana og hugsaði með mér: Vá, Hanna, þú ert ekki á góðum stað. Á þessum tíma leið mér ekki vel og myndin kristallaði það. Ég var orðin allt of þung, með mikinn bjúg, farin að þjást af liðverkjum og leið almennt ekki vel. Það má eiginlega segja að við það að sjá þessa mynd hafi eitthvað opnast innra með mér og ég fann mjög skýrt á þessum tímapunkti að ég yrði að gera eitthvað í mínum málum.

Í framhaldinu fór ég að spá í hvað ég gæti gert, því ég var búin að prófa ýmislegt áður með misgóðum árangri. Ég rakst á umfjöllun um ketó og fannst sú leið höfða strax til mín. Ég byrjaði að lesa allt sem ég komst í um ketó og þar á meðal var jákvæð umfjöllun um áhrif á frjósemi sem mér fannst afar áhugavert og var einnig stór þáttur í því að ég valdi að prófa þessa leið.“

Finnur þú mun á líðan þinni og heilsu eftir að þú byrjaðir á ketó?

„Já, ég finn gríðarlegan mun. Í byrjun ákvað ég að gefa þessu þrjár vikur og sé ekki eftir því. Ég fann strax mun á mér. Fyrstu vikuna fóru fjögur kíló af bjúg og eftir þrjár vikur var orkan komin í botn. Áður en ég breytti um lífsstíl þurfti ég að leggja mig yfir daginn. Þessi þreytuköst eru alveg horfin núna. Eftir þessar þrjár vikur leið mér það vel að það varð bara ekki aftur snúið.

Ég er orkumeiri, sef betur og vakna úthvíld á morgnana. Ég þarf ekki lengur að ströggla við halda mér í kjörþyngd og líður almennt miklu betur líkamlega sem andlega. Það er algjört lykilatriði að halda mig við þetta mataræði því ef ég fæ mér auka kolvetni finn ég strax fyrir vanlíðan. Ég get svarið það að það er næstum eins og þynnka, blóðsykurinn fer í rugl og ég verð mjög þyrst.“

Tekur þú einhver bætiefni?

„Já, og ég held að það sé mjög mikilvægt. Til dæmis eru góðar fitusýrur mikilvæg viðbót við ketógenískt mataræði og því hreinni sem olían er – þeim mun betra. Þess vegna tek ég krillolíu daglega. Mitt uppáhald er krillolían frá Natures Aid. Einnig tek ég B12- og járn-munnspreyin, þar sem ég hef verið blóðlítil í mörg ár. Ég passa svo upp á steinefnin og tek D-vítamín alla daga. Það er einnig mikilvægt að passa upp á að fá nóg af trefjum þegar maður er á ketó svo ég bæti auka trefjum við mataræðið. Ég nota trefjar mikið í matargerð og bakstur. Ég á til dæmis alltaf trefjakex til og finnst mér það algjör „lifesaver“.“

Hvað finnst þér best við ketó?

„Allur maturinn sem ég borða er mjög góður, maður er saddur, en samt nær maður góðum árangri og líður vel. Ég er mikil sósu-kona og finnst voða gott að borða og þar sem það er svo margt leyfilegt í ketó þá líður mér aldrei eins og mig skorti eitthvað.“

Hvað er það versta við ketó?

„Að mega ekki borða ávexti. Það fannst mér erfiðast í byrjun, en með tímanum verður þetta auðveldara og maður hættir að spá í það. Ég leyfi mér jarðarber og bláber út á mat og það er dásamlegt.“

Hvar sérðu þig eftir fimm ár?

„Vonandi að halda mínu striki í mataræði og halda áfram að láta mér líða vel. Ég vil stækka mína miðla og halda áfram að hjálpa fólki. Það væri draumur að gefa út bók.“

Áttu einhverja góða uppskrift?

„Já, trefjakexið mitt er uppáhaldsnestið mitt og gott að eiga alltaf til. Það er svo létt að grípa í það og gera að góðri máltíð.“

Ertu með góð ráð fyrir byrjendur?

- Best er að kynna sér lífsstílinn vel og auðvelt er að finna upplýsingar á netinu.
- Gott er að fylgja öllum „reglum“ vel fyrsta mánuðinn því þá á árangurinn ekki eftir að láta á sér standa.
- Mikilvægt er að undirbúa hvað maður ætlar að borða fyrirfram og vera óhrædd/ur við að prófa nýjar uppskriftir.
- Fjölbreytni skiptir miklu máli upp á úthaldið.
- Það er mikilvægt að búa til nýjar matarminningar og njóta þeirra.
- Svo er bara að hafa gaman að og muna að lífið er ekki sprett-hlaup, þetta er langhlaup.

Trefjakexið er ein uppáhaldsuppskrift Hönnu Þóru það er létt að grípa í það og gera að góðri máltíð.

Inulin-trefjakex

1 egg
2 msk. inulin-trefjar
2 dl hörfræ
½ dl möndlumjöl
Himalaya-salt (magn eftir smekk – Hanna Þóra sparar ekki saltið)

Öllu blandað saman í skál og smurt í þunnu lagi á bökunarpappír.

Bakið í 12-15 mínútur á 180 gráðum á blæstri þar til stökkt.

Slökkvið á ofninum og leyfið því að þorna í ofninum í nokkrar mínútur.

Ketó-pakkinn

Fjarðarkaup og Nettó bjóða upp á ketó pakka í samvinnu við Hönnu Þóru, en pakkinn inniheldur krillolíu og eru ketó-þvagstrimlar í kaupbæti, en strimlarnir sýna hvort þú sért komin/n í ketósu eða fitubrennslu. Í pakkanum fylgja einnig upplýsingar um ketógenískt mataræði ásamt ráðum og uppskrift frá Hönnu Þóru. Hægt er að fylgjast með Hönnu Þóru á Instagram – hannathora88.

Ketógenískt mataræði (KETÓ) er lágkolvetna- og fituríkt mataræði. Það felur í sér að draga úr kolvetnaneyslu og skipta þeim út fyrir fitu. Með því að lækka kolvetnaneyslu setur maður líkamann í annað efnaskiptaástand sem kallast ketósa, þar sem fita er notuð sem aðaleldsneyti líkamans.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Skapið jafnara og hitakófin hurfu

Femarelle-vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum vegna hormónabreytinga. Rannsóknir sýna að þær geta slegið á einkennin og unnið gegn beinþynningu.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi en sumar konur sleppa nokkuð vel og finna lítið fyrir breytingunum.

Hvað er breytingaskeið?

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og hætta því að lokum. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana, sem getur lýst sér á margvíslegan máta, en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

Líður svo miklu betur!

Valgerður Kummer Erlingsdóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle og hennar saga er svona: „Það var þannig hjá mér að ég var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur, jafnvel að ástæðulausu. Ég var ekki sátt við þessa þróun og fékk hormónatöflur hjá lækninum, en var aldrei róleg yfir að nota þær. Ég ákvað því að prófa að skipta þeim út fyrir Femarelle og mér líður svo miklu betur en áður og jafnvel betur en þegar ég notaði hormónana. Ég er svo ánægð með Femarelle að ég mæli með því við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“

Hormónar og beinþynning

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiða í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttninni. Vegna minnkandi estrogenframleiðslu hjá konum, eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar. Helsta innihaldsefnið í Femarelle kallast DT56a en þetta er efnasamband unnið úr óerfðabreyttu soja og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og eykur beinþéttni, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

Valgerður Kummer Erlingsdóttir segir Femarelle hafa hjálpað sér ótrúlega mikið og bjargað líðan sinni.

> Ég er svo ánægð með Femarelle að ég mæli með því við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið.

Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle hefur aðstoðað margar konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Flestar eru sammála því að þær finna minna fyrir hitakófum, hafi jafnara skap, fái betri svefn ásamt því að finna mun á húð og hári.

Femarelle-vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa, en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax.

Fatlaðir eiga sér líka drauma

Vinirnir Aileen Soffía Svensdóttir og Haukur Guðmundsson standa að hlaðvarpinu Mannréttindi fatlaðra sem fór í loftið í byrjun sumars. Þau segja mikilvægt að geta sett sig í spor fatlaðra.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Fatlað fólk á allt sína drauma en þó virðist sjálfsagt að skjóta lífi fatlaðra sífellt á frest í skjóli þess að ekki séu til peningar til að efna ýmis loforð og áætlanir. Engu að síður erum við lifandi manneskjur með þrá og löngun til að taka þátt í lífinu, rétt eins og aðrir, og vitaskuld eigum við að hafa sömu tækifæri og réttindi og annað fólk," segir Aileen Soffía Svensdóttir sem í byrjun sumars setti á laggirnar fyrsta íslenska hlaðvarpið um mannréttindi fatlaðra ásamt Hauki Guðmundssyni.

Þau Haukur og Aileen starfa bæði hjá Ási Styrktarfélagi við Vinnu og virkni og hafa tekið virkan þátt í fjölda nefnda og verkefna á vegum félaga sem snúa að réttindabaráttu fyrir fólk með þroskahömlun.

„Okkur Hauki varð vel til vina þegar hann kom í starfsnám til mín eftir að hafa lokið diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun vorið 2017. Þá var ég formaður Átaks, félags fólks með þroskahömlun, en sama ár lét ég af störfum þar og réði mig til starfa hjá Ási þar sem leiðir okkar Hauks lágu aftur saman," útskýrir Aileen.

Í samkomubanninu fengu þau svo hugmynd að hlaðvarpinu.

„Mannréttindamál eru okkur báðum hugleikin. Það skiptir líka máli að við Haukur séum bæði með fötlun því þannig getum við sett okkur í spor annarra og samsamað okkur reynslu fatlaðra. Í þjóðfélagsumræðunni er mikið talað um jafnrétti og að allir eigi að hafa sömu réttindi en því miður er það jafnrétti ekki í takt við veruleika fatlaðra. Því langar okkur Hauk að fá botn í það hvers vegna íslensku samfélagi er svona misskipt; hvort heldur sem það tengist náms- eða atvinnutækifærum fatlaðra, aðgengi þeirra að menningu og listum, félagslífi eða öðru og ákváðum að hleypa hlaðvarpi af stokkunum. Það er svo mikil vanþekking gagnvart fötluðu fólki. Við erum eins misjöfn og við erum mörg en það er erfiðast þegar fólk á við ósýnilegar fatlanir að stríða," upplýsir Aileen.

Í fyrrahaust var hún með námskeið og umræðuhópa á Ási, tengt Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aileen Soffía Svensdóttir og Haukur Guðmundsson eru umsjónarmenn fyrsta íslenska hlaðvarpsins um mannréttindi fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þá heyrði ég sögur fatlaðra og það sem brennur á þeim en uppgötvaði líka mikla vanþekkingu á sjálfsögðum mannréttindum. Því skortir tilfinnanlega meiri fræðslu fyrir fatlaðra, þá sem vinna með fötluðum og almenning almennt. Fatlaðir eiga skilyrðislaust að hafa sama aðgang að samfélaginu og aðrir."

Þátttakendur í lífinu líka

Í hlaðvarpinu munu Aileen og Haukur taka viðtöl við fjölmargt fólk í íslensku samfélagi, í því augnamiði að varpa ljósi á stöðu fatlaðra í samfélaginu og ræða um hvernig hana megi bæta.

„Við tökum líka viðtöl um lífið og tilveruna og það sem okkur dettur í hug og þykir áhugavert. Okkur liggur á hjarta að fræða samfélagið um raunveruleika fatlaðra og hvað stéttaskipting er. Margt fatlað fólk dreymir um að búa sjálfstætt og að geta unnið sína vinnu en þá taka við langir biðlistar og líf þess er sett á bið. Allt sem tengist fötluðum er sett á tilraunastig. Við ætlum þó ekki að álasa eða kvarta í hlaðvarpinu en við viljum spyrja spurninga og kryfja málin," segir Aileen.

Hlaðvarpið er ekki eyrnamerkt fötluðum heldur segir Aileen að allir græði á því að hlusta.

„Þetta er auðvitað algjör tilraunastarfsemi og við vitum ekkert hvert

> **Það er búið að aðgreina fatlaða frá samfélaginu og okkur langar að vita um ástæður þess.**

við förum eða hvar við endum en við höfum fengið hvatningu og góðar viðtökur og erum viss um að hlaðvarpið sé þarfaþing," segir Aileen.

Þau Haukur ríða á vaðið í sumar með þáttum sem þau vinna í samstarfi við List án landamæra, listahátíð er leggur áherslu á list fatlaðra listamanna.

„Við munum leggja áherslu á skapandi þætti í lífi fatlaðra, listsköpun og menningu, tala við fatlaða og ófatlaða listamenn, forstöðumenn menningarstofnana, menningarfjölmiðlafólk og listunnendur. Það er staðreynd að fatlaðir listamenn sem ljúka námi á myndlistarbrautum eða diplómanámi í myndlist fá ekki aðgang að sérsamböndum eins og hinn almenni myndlistarmaður. Það er búið að aðgreina fatlaða frá samfélaginu og þeir hafa ekki sömu tækifæri til að þróa sig eða koma list sinni á framfæri og aðrir listamenn. Okkur langar að vita um ástæðu þess," segir Aileen sem sjálf stundar söngnám í Söngskóla Sigurðar Demetz.

„Fatlaðir geta ekki sótt í sjóði stéttarfélaga, og þeir sem eru á örorkubótum eða starfa á vinnustöðum fyrir fatlaða hafa ekki heldur sömu tækifæri til endurgreiðslu eða styrkja á almennum vinnumarkaði ef þá langar að bæta við sig námi. Við erum hins vegar öll í vinnu. Vinnan sem við stundum er vinna og við erum öll að fara í vinnuna. Lífsgæði okkar og löngun til að bæta við okkur námi eða auknum tækifærum á vinnumarkaði stranda á því að ekki eru til styrkir sem auðvelda fötluðum að stunda draumanámið, hvort sem það er söngur, ljósmyndun eða annað. Það vantar að samfélagið og fyrirtæki auki stuðning til að fatlað fólk komist í auknum mæli á vinnumarkaðinn eða í nám til að geta sinnt sínu daglega lífi betur og verið þátttakendur í lífinu til jafns við aðra."

Hlaðvarpið Mannréttindi fatlaðra er á: soundcloud.com/mann-r-ttindi-fatla-ra, og á Instagram: instagram.com/mannrettindi-fatladra/. Verið líka velkomin að hafa samband við umsjónarmenn hlaðvarpsins á netfanginu: mannrettindifatladra@gmail.com

LIÐVERKIR, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?

Mest selda liðbætiefni á Íslandi

2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur út þriðjudaginn **7. júlí.**

Að þessu sinni mun fylgja því sérblað um fornbíla.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. júlí 2020

26. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAG Heuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

TM og Kvika ræða samruna
Ekki hefur enn náðst samkomulag um helstu skilmála, en stjórnendur hafa á síðustu vikum reynt að ná saman um sameiningu.
2

Tekjufallið gæti orðið mikið
Samdráttur í eftirspurn raforku á árinu og lægra raforkuverð á meginlandinu, mun hafa töluverð áhrif á afkomu Landsvirkjunar.
4

Byggja upp grænt lánasöfn
Frumúttekt Arion banka sýnir að hátt í 30 prósent af lánum til stærri fyrirtækja, geta flokkast sem grænt.
6

Stærra en Ísland ræður við
Eins árs sprotafyrirtæki, stofnað af fyrrverandi lykilmönnum CCP, hefur safnað tíu milljónum evra til að byggja upp leikjafyrirtækið.
10

Forysta um að minnka losun
Atvinnulífið hefur stutt aðgerðir til að vinna gegn loftslagsbreytingum og losun gróðurhúsalofttegunda og mun gera það áfram.
12

Skortsala nauðsynleg

Lífeyrissjóðir of umfangsmiklir. Heimili þurfa skattalega hvata til hlutabréfafjárfestinga. Velta á íslenska markaðnum sambærileg Norðurlöndum → 8, 9

En það getur samt ekki verið heilbrigt að það séu svona fáir ákvörðunaraðilar á verðbréfamarkaði.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Félög Arctic Adventures sækja um greiðsluskjól

Tvö dótturfélög Arctic Adventures munu sækja um greiðsluskjól hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Það er í samræmi við lög um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, sem Alþingi samþykkti um miðjan júní. Þetta staðfestir Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures, í samtali við Markaðinn.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures

Um er að ræða rekstrarfélagið Straumhvarf og Adventures Hotel Hof, sem rekur gistingu í Öræfum.

„Við hyggjumst sækja um þessi úrræði í ljósi algers tekjufalls vegna COVID-19," segir Styrmir Þór. „Þetta úrræði ríkisstjórnarinnar gefur okkur færi á að endurskipuleggja reksturinn í takt við nýjan raunveruleika. Eins og allir þekkja hefur ferðaþjónustan og fleiri atvinnugreinar þurft að horfa upp á algert tekjuleysi eftir að kórónaveiran blossaði upp. Blessunarlega hefur staðan í ferðamennsku farið batnandi á undanförnum vikum. Við munum nota greiðsluskjólið til að semja við kröfuhafa og leigusala. Auk þess þarf að ræða við lánastofnanir og hluthafa um hver fjárþörf félaganna verður á næstu misserum," segir hann.

700

milljónum króna, nema vaxtaberandi skuldir Straumhvarfs, dótturfélags ferðaþjónustufyrirtækisins Arctic Adventures.

Aðspurður hvort um sé að ræða háar fjárhæðir í greiðsluskjólinu, segir Styrmir Þór að félögin séu „tiltölulega skuldlétt," miðað við umfang. Vaxtaberandi skuldir Straumhvarfs séu um sjö hundruð milljónir króna, en bókfært virði fastafjármuna um 2,5 milljarðar króna. „Við erum að glíma við sjóðstreymisvanda, en ekki eiginfjárvanda," segir hann.

Styrmir Þór segir að móðurfélagið hafi ekki nýtt sér úrræðið, því það sé skuldlaust. Arctic Adventures eigi fleiri dótturfélög sem hafi ekki nýtt sér greiðsluskjól. Má þar nefna til dæmis Into the Glacier, sem býður upp á ferðir inn í ísgöngin í Langjökli. Þá á fyrirtækið eignarhlut í Lava Tunnel, sem býður upp á ferðir inn í Raufarhólshelli.

Icelandic Tourism Fund, sem er í rekstri Landsbréfa, er stærsti hluthafi Arctic Adventures, með ríflega tuttugu prósenta hlut. Félagið Wings Capital, sem er meðal annars í eigu Davíðs Másonar og Halldórs Hafsteinssonar, er næststærsti hluthafinn, með 17,5 prósenta hlut og framtakssjóðurinn Freyja, sem er í rekstri Kviku, sá þriðji stærsti með 15,8 prósent. Sjóðurinn keypti hlutinn við upphaf árs. Bakkagrandi, félag Styrmis Þórs, á tíu prósenta hlut í ferðaþjónustufyrirtækinu. **– hvj**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Stjórnendur TM og Kviku ræða sameiningu

Ekki hefur enn náðst samkomulag um helstu skilmála, en stjórnendur félaganna hafa á síðustu vikum reynt að ná saman um sameiningu. Viðræðurnar eru núna sagðar vera á ís tímabundið. Telja að hægt yrði ná fram töluverðri samlegð.

Æðstu stjórnendur Kviku banka og TM hafa á undanförnum vikum átt í viðræðum um mögulega sameiningu félaganna, samkvæmt öruggum heimildum Markaðarins. Rætt hefur verið um helstu skilmála slíkra viðskipta, nú síðast um liðna helgi, en ekki hefur enn náðst samkomulag um undirritun viljayfirlýsingar um að hefja formlegar sameiningarviðræður. Samanlagt markaðsvirði félaganna, sem eru bæði skráð í Kauphöllina, er í dag um 45 milljarðar króna.

Eru viðræðurnar, sem eiga sér nokkurn aðdraganda, sagðar vera tímabundið á ís eins og sakir standa, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála. Á meðal þess sem þær hafa einkum strandað á fram til þessa, eru ólíkar hugmyndir um á hvaða verði félögin yrðu metin við sameiningu. Markaðsvirði Kviku banka er um 19 milljarðar, á meðan TM er nú metið á liðlega 26 milljarða króna.

Í viðræðunum hefur verið lagt upp með, verði af sameiningu félaganna, að viðskiptin færu fram með skiptum á hlutabréfum, frekar en greiðslu reiðufjár, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórnendur TM og Kviku hafa í viðræðunum horft til þess að samlegðaráhrifin af mögulegri sameiningu yrðu meðal annars þau, að hægt væri að skjóta breiðari stoðum undir tekjugrunn félaganna. Með stærra og öflugra sameinuðu félagi, sem fjárfestar kynnu að verðmeta á hærra verði á markaði, stæðu einnig líkur til þess að hægt yrði að ná fram lækkun fjármagnskostnaðar með betri vaxtakjörum, og sömuleiðis væri ljóst að sparnaður fengist í rekstrarkostnaði.

Starfsemi félaganna er um margt talsvert ólík. Kvika banki, sem hefur orðið til úr sameiningu fjölmargra fjármálafyrirtækja á undanförnum árum, skilgreinir sig sem sérhæfðan fjárfestingabanka, sem leggi áherslu á eignastýringu fjárfestingastarfsemi. Með kaupum TM á eignaleigufyrirtækinu Lykli, sem gengu í gegn í janúar á þessu ári, bættist þriðja stoðin undir starfsemi tryggingafélagsins, ásamt vátryggingarstarfsemi og fjárfestingum.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins, sem þekkja vel til viðræðna félaganna að undanförnu, er ljóst að stjórnendur TM horfa einkum til þeirrar samlegðar sem myndi fást, með því að renna Lykli saman við þá bankastarfsemi sem er fyrir hendi innan Kviku banka. Yfirlýst áform TM hingað til hafa verið að sækjast eftir viðskiptabankaleyfi fyrir Lykil, þannig að félagið, sem hefur að stærstum hluta verið að bjóða upp á fjármögnun bíla og atvinnutækja, geti farið að byrja að bjóða upp á innlán.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, en tryggingafélagið gekk frá kaupum á eignaleigufyrirtækinu Lykli í byrjun þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

45

milljarðar er samanlagt markaðsvirði TM og Kviku í

Stærstu hluthafar TM eru fjárfestingafélagið Stoðir, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og félög í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, aðaleigenda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, en hlutur hennar er einkum í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka. Lífeyrissjóður verslunarmanna og LSR eru sömuleiðis á meðal umsvifamestu hluthafa í Kviku banka, en stærsti einkafjárfestirinn í eigendahópi bankans, með tæplega 6,8 prósenta hlut, er eignarhaldsfélagið SNV í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, en hún var um árabil einn stærsti hluthafi og stjórnarformaður VÍS.

Náin tengsl eru á milli margra stjórnenda og helstu hluthafa félaganna. Þannig eru Stoðir, stærsti hluthafi TM með 11,7 prósenta hlut, hluthafar í breska fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance ásamt Kviku banka. Stoðir eru meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanns í TM, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, og Ármann Þorvaldsson, aðstoðarbankastjóri Kviku banka, sögðust ekki geta tjáð sig um málið í samtali við Markaðinn.

Hagnaður TM á árinu 2019 nam 1.866 milljónum króna eftir skatta. Afkoman var drifin áfram af fjárfestingatekjum upp á 2.945 milljónir króna, sem jafngilti rúmlega 10 prósenta ávöxtun á eignasafn félagsins, á meðan framlegð af vátryggingastarfsemi var neikvæð um 308 milljónir á árinu. Hagnaður Kviku banka, sem var með heildareignir í stýringu að fjárhæð 426 milljarða króna í árslok 2019, var hins vegar 2.660 milljónir eftir skatta í fyrra og var arðsemi bankans á eigin á fé um 21 prósent. **hordur@frettabladid.is**

Stakksberg tapaði um 6 milljörðum

Félagið Stakksberg, sem heldur utan um rekstur kísilmálmverksmiðjunnar United Silicon, tapaði samtals tæplega 37 milljónum evra á síðasta ári, jafnvirði um 5,7 milljarða íslenskra króna, borið saman við 5,4 milljóna evra tap á árinu 2018.

Bókfært eigið fé félagsins, sem er í eigu Arion banka, var neikvætt um rúmlega 39 milljónir evra í árslok 2019, að því er fram kemur í nýjum ársreikningi sem var samþykktur á aðalfundi Stakksbergs í júní. Tap félagsins kemur til vegna niðurfærslu á varanlegum fastafjármunum – fasteignum, lóðum, vélum og tækjum – að fjárhæð samtals um 29 milljónum evra.

Verksmiðjan var fyrst ræst haustið 2016, en Umhverfisstofnun stöðvaði starfsemina um ári síðar, sökum mengunar. Fram hefur komið að talið sé að endurbætur á verksmiðjunni muni kosta um 4,5 milljarða.

39

milljónum evra, nemur neikvætt eigið fé félagsins.

Viðskiptamódel Stakksbergs byggir á því að verksmiðja félagsins verði starfhæf á fjórða ársfjórðungi 2022. Veruleg óvissa sé hins vegar um framtíðarhorfur og fjármögnun vegna verksmiðjunnar.

Miðað við samning sem félagið gerði við Landsvirkjun í júní 2018, um kaup á raforku til reksturs ljósbogaofns, áttu föst raforkukaup að hefjast þann 1. október 2020. Til tryggingar skuldbindingum sínum er Stakksberg með bankatryggingu frá Arion banka, að fjárhæð 9 milljónir Bandaríkjadala. Í raforkusamningnum er kveðið á um heimild á tilteknu tímabili til að kaupa sig frá samningnum.

Fram kemur í skýringu með ársreikningnum, að félagið hafi frá fyrra hluta árs 2019 átt í viðræðum við Landsvirkjun um breytingar á raforkusamningnum, vegna endurskoðaðrar áætlunar um hvenær starfsemin geti hafist að nýju eftir endurbætur. Fyrir liggi drög að uppfærðum raforkusamningi og er stefnt að því að ljúka honum á seinni hluta þessa árs. **– hae**

45

1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020

Opel Ampera-e – til afgreiðslu strax!

ÓBREYTT VERÐ

OPEL AMPERA-E ER 100% RAFMAGN

- Kemst lengra en þú heldur
- Rúmar meira en þú heldur
- Er sneggri en þú heldur
- 60 kWh batterý
- Allt að 423 km. drægni*
- 204 hestöfl, 360 Nm

Ampera-e Innovation - 60 kWh

Verð 4.790.000

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

OPEL GOES ELECTRIC

Kynntu þér þína drægni á opel.is

*Samkvæmt wltp staðli.

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tekjufall gæti orðið töluvert á árinu

Samdráttur í eftirspurn raforku á árinu og lægra raforkuverð á meginlandinu mun hafa töluverð áhrif á afkomu Landsvirkjunar. Hörður Arnarson forstjóri segir að brugðist verði við með því að draga úr raforkuframleiðslu. Engar áhættuvarnir eru fyrir hendi á bókum Landsvirkjunar vegna verðbreytinga á Nord Pool. Horfur fyrir kísilmálm slæmar að sögn matsfyrirtækis.

Allar líkur eru á því að kísilmálmverksmiðjan á Bakka muni starfa til langrar framtíðar, enda eru langtímahorfur eftirspurnar málmsins óbreyttar, þrátt fyrir yfirstandandi erfiðleika. Ábyrgðir eru fyrir hendi vegna orkukaupasamnings PCC og Landsvirkjunar, sem tryggja hluta af tekjuflæði Landsvirkjunar þrátt fyrir rekstrarerfiðleika PCC, segir Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar.

Tilkynnt var í síðustu viku að PCC myndi drepa á kísilmálmverksmiðju sinni á Bakka. Stórum hluta starfsmanna var í kjölfarið sagt upp. Ekki er ljóst hvort eða hvenær verksmiðjan verður aftur gangsett, en forsvarsmenn fyrirtækisins hafa sagt að markaðsaðstæður muni ráða því.

„Það er mikill munur á þessari verksmiðju og þeirri í Helguvík. Hún er tæknilega fullkomnari og mikill vilji meðal heimamanna til að halda henni í rekstri. Þessi verksmiðja verður enn á sínum stað og mun að mínu mati starfa áfram í framtíðinni," segir Hörður.

Dregið verður úr rafmagnsframleiðslu til að bregðast við minnkandi eftirspurn stórnotenda. Orka fer forgörðum ef opnað er á yfirföll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Talsverður samdráttur eftirspurnar

Ásamt rekstrarerfiðleikum PCC er fjöldi annarra þátta sem verka með neikvæðum hætti á rekstur Landsvirkjunar um þessar mundir. Hrun orkuverðs á Nord Pool-raforkumarkaðnum í Evrópu, minni eftirspurn innan íslenska kerfisins og tímabundnir afslættir á orkuverði Landsvirkjunar, munu allir verka til töluverðrar tekjulækkunar fyrirtækisins á þessu ári.

„Þegar eftirspurn dregst saman nýtum við tímann til að ráðast í viðhald. Við drögum þá úr afköstum kostnaðarsömustu einninganna, sem eru jarðvarmavirkjanir. Svo fer orka til spillis ef miðlunarlón verða yfirfull og við þurfum að láta renna framhjá virkjunum," segir Hörður.

Í uppgjöri Landsvirkjunar fyrir fyrsta fjórðung ársins kom fram að 12 milljörðum króna yrði varið á næstu þremur árum til ýmis konar viðhaldsverkefna.

Að sögn Harðar áætlar Landsvirkjun að samdráttur eftirspurnar raforku muni nema að minnsta kosti einni teravattstund á þessu ári, eða á bilinu 6-8% frá síðasta ári.

„Tekjusamdráttur Landsvirkjunar á fyrsta fjórðungi nam um 10% milli ára, en við sögðum þá að annar fjórðungur yrði verri," segir hann.

Í uppgjöri fyrsta fjórðungs þessa árs kom fram að raforkusala Landsvirkjunar hefði dregist saman um 3.4 prósent samanborðið við sama tímabil í fyrra. Í skýringum með ársreikningi stendur að óvissa sé uppi um áhrif COVID-19 á rekstur fyrirtækisins en þó sé rekstur fyrirtækisins talinn traustur.

Þrátt fyrir að tekjusamdráttur Landsvirkjunar geti orðið töluverður á þessu ári er einnig vert að hafa í huga að árið 2019 var hið besta í sögu fyrirtækisins.

Hefur áhrif á arðgreiðslu

„Mörg orkufyrirtæki í Evrópu eru að horfa upp á fjórðungstekjusamdrátt eða meira á öðrum fjórðungi, en þetta mun allt koma í ljós í uppgjöri annars fjórðungs.

Almennt standa þau fyrirtæki sterkt sem missa fjórðung tekna sinna en skila samt hagnaði. Ég reikna ekki með öðru en að Landsvirkjun skili hagnaði á þessu ári þrátt fyrir allt saman, enda hafa skuldir verið lækkaðar um 150 milljarða króna á síðustu 10 árum," segir hann og bætir við: „Þetta hefur áhrif á arðgreiðslu til ríkissjóðs á þessu ári."

Landsvirkjun mun finna fyrir verri afkomu viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fitch Ratings: Horfur slæmar fyrir kísilmálm

Tveimur dögum áður en PCC tilkynnti um að slökkt yrði á verksmiðjunni að Bakka, sendi matsfyrirtækið Fitch Ratings frá sér uppfært lánshæfismat fyrir Ferroglobe PLC.

Ferroglobe er stærsti framleiðandi kísilmálms á Vesturlöndum. Í umfjöllun Fitch kemur fram að verð á kísilmálmblöndum hafi lækkað um 15-20% á árinu 2019.

Verð er einnig talið munu lækka á þessu ári og að viðsnúningur verði í fyrsta lagi á næsta ári og að batinn verði „hægur og viðkvæmur."

Fitch reiknar með að eftirspurn muni dragast saman á þessu ári, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, einkum vegna þess að eftirspurn bílaframleiðenda verði lengi að taka við sér.

Verðhrun á Nord Pool-markaðnum

Milt veður og mikil vætutíð í vetur í Skandinavíu hafði þau áhrif að miðlunarlón, einkum í Noregi, voru barmafull í vor. Afleiðingin var sú að verð á Nord Pool-raforkumarkaðnum hrundi, eftir því sem vormánuðir nálguðust. Meðalverð ársins 2018 var um 44 evrur á megavattstund og meðalverð 2019 var 39 evrur á megavattstund. Í desember síðastliðnum mældist meðalverð 37 evrur. Í janúar stóð meðalverðið í 24 evrum og hefur svo lækkað statt og stöðugt síðan þá, fyrir utan skammvinnan bata í maí. Til að bæta gráu ofan á svart verða kjarnorkuver í Svíþjóð endurræst í júlí, sem mun bæta allnokkru magni af uppsettu afli á norræna raforkumarkaðinn.

> **Tekjusamdráttur Landsvirkjunar á fyrsta fjórðungi nam um 10% milli ára, en við sögðum þá að annar fjórðungur yrði verri.**
>
> Hörður Arnarson, forstjóri

Forsendubrestur

Mikil lækkun á Nord Pool-raforkumarkaðnum í Evrópu kemur illa við Landsvirkjun, en nýjasti raforkusamningur fyrirtækisins við Norðurál sem tók gildi í nóvember síðastliðnum, tekur mið að því verði. Meðalverð í nóvember síðastliðnum var um 42 evrur, en meðaltal í júní á þessu ári var ríflega 3 evrur. Landsvirkjun hefur ekki keypt neinar áhættuvarnir gegn sveiflum á Nord Pool-verðinu, sem hefur lækkað um meira en 90% síðastliðið hálft ár.

„Norðurál kaupir um það bil 1,6 teravattstund af okkur á hverju ári og eru því kaupandi um 11 prósenta af okkar framleiðslu, þó þeir hafi aldrei náð sama hlutfalli í okkar tekjum. En það hefur komið mjög á óvart hvernig Nord Pool hefur þróast.

Þarna er ákveðinn forsendubrestur sem hefur átt sér stað, sem tengist inngripum stjórnvalda með að loka mörkuðunum," segir Hörður.

Auk fullra miðlunarlóna, einkum í Svíþjóð og Noregi, hefur mikill samdráttur eftirspurnar rafmagns í Evrópu þrýst rafmagnsverði niður á við.

Samningaviðræðum hætt

Norðurál og Landsvirkjun áttu í samræðum um að breyta raforkusamningnum sem tók gildi síðasta haust, að frumkvæði Norðuráls. En eftir því sem leið á haustið og Nord Pool-verðið seig niður á við, þvarr áhugi Norðuráls á því að breyta samningnum, að sögn Harðar.

„Ástæða þess að við vörðum ekki samningana fyrir yfirstandandi ár, er að það lá í loftinu að við myndum endursemja við Norðurál, en sú varð svo ekki raunin," segir forstjóri Landsvirkjunar.

Núgildandi samningur Landsvirkjunar og Norðuráls gildir til loka ársins 2023, en framlengingin sem tók gildi í nóvember var undirrituð á árinu 2016. Landsvirkjun uppfyllir um það bil þriðjung af raforkuþörf álversins á Grundartanga.

Fyrri samningur Landsvirkjunar og Norðuráls var tengdur við álverð, en það hefur verið stefna Landsvirkjunar á undanförnum árum að aftengja raforkusamninga álverði og miða frekar við raforkuverð í Evrópu.

thg@frettabladid.is

Kerfi sem þurfa enga upphafsfjárfestingu

Ert þú að binda fjármuni á réttum stað? Fjárfestu í kjarnastarfsemi þinni og láttu okkur um að reka tölvukerfin.



Við bjóðum hýsingar- og rekstrarlausnir
sem mæta kröfum nútímalegs atvinnulífs

Windows 10 Pro

Opin Kerfi

Bankarnir byggja upp græn lánasöfn

Íslenskir bankar vinna að því að byggja upp græn lánasöfn. Gæti komið til lækkunar á eiginfjáraukum í framtíðinni og opnað aðgengi að nýjum fjárfestum. Frumúttekt Arion banka sýnir að hátt í 30 prósent af lánum til stærri fyrirtækja geti flokkast sem grænn.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Arion banki og Íslandsbanki vinna að því að auka hlut grænna lána í lánasöfnum sínum, bæði með nýjum lánum og með því að endurfjármagna lán sem nú þegar uppfylla alþjóðlega staðla um grænn lán. Frumúttekt Arion banka sýnir að hátt í 30 prósent af núverandi lánum til stærri fyrirtækja geti flokkast sem grænn lán. Þau gætu komið til lækkunar á eiginfjáraukum bankanna ef hugmyndir þess efnis ná fram að ganga innan Evrópusambandsins og opnað aðgengi að nýjum fjárfestum.

„Það gæti komið til kostnaðarhagræðis vegna minni eiginfjárbindingar eða hagkvæmari fjármögnunar, en það er ekki í hendi eins og staðan er í dag," segir Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur haft til skoðunar um nokkurt skeið að slaka á eiginfjárkröfum sem eru gerðar til banka í því skyni að hvetja til grænna fjárfestinga í Evrópu. Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kom inn á þessi áform í nýlegu viðtali við Markaðinn þar sem hún sagði að í framtíðinni væri áætlað að umhverfis- og samfélagsþættir yrðu hafðir til hliðsjónar í árlegu innra mati á eiginfjárþörf fjármálafyrirtækja.

Ergo, bílafjármögnun Íslandsbanka, tilkynnti um sérkjör við fjármögnun vistvænna bifreiða um miðjan júní en gefinn er 0,75 prósentustiga afsláttur frá gildandi verðskrá. Fram kom í tilkynningunni að það væri „eindreginn vilji að auka hlut slíkrar fjármögnunar í lánasafninu".

Bankar gætu umpakkað núverandi lánum til íslenskra orkufyrirtækja þannig að þau verði grænn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það gæti komið til kostnaðarhagræði vegna minni eiginfjárbindingar eða hagkvæmari fjármögnunar, en það er ekki í hendi eins og staðan er í dag.**
>
> Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka

Jón Guðni segir að bankinn sé að móta heildstæða stefnu í grænni og sjálfbærri fjármögnun í samræmi við sjálfbærnistefnu bankans sem var samþykkt í lok síðasta árs. Grænu lán Ergo séu eitt af fyrstu skrefunum og líklegt sé að bankinn muni kynna fleiri sjálfbærar fjármálaafurðir á þessu ári.

„Við erum að kortleggja hversu stór hluti af núverandi lánum telst vera sjálfbær og hvernig við munum halda utan um slík lán. Það getur verið kerfislega flókið enda þarf að setja ákveðin skilyrði og hafa eftirlit með að þau séu uppfyllt til þess að lánin falli í þennan flokk. Í framhaldinu getum við sett okkur markmið um hlutdeild sjálfbærra lána í safninu," segir Jón Guðni.

Bilið breikkar

Íslandsbanki stefnir að því að fjármagna sig með grænni fjármögnun til lengri tíma og horfir meðal annars til grænna skuldabréfa á erlendum mörkuðum og grænna innlána.

Jón Guðni segir að Íslandsbanki sé ekki að bjóða betri kjör á grænum bílalánum vegna þess að þeim fylgi kostnaðarhagræði fyrir bankann heldur telji stjórnendur bankans það vera mikilvægan hluta af sjálfbærnivegferð hans.

„Það á síðan eftir að skýrast hvort fleiri tækifæri muni fylgja þessu. Annars vegar hvort það verði lægri kostnaður við eigið fé og hins vegar hvort við fáum betri kjör með grænni fjármögnun," segir Jón Guðni. Munurinn á kjörum á grænni fjármögnun og venjulegri fjármögnun hafi verið lítill hingað til, um 10 til 20 punktar, en fari vaxandi í takt við aukinn áhuga fjárfesta.

Fasteignalán helsta álitaefnið

Arion banki horfir einnig til þess að auka hlut grænna lánveitinga í sínu lánasafni og sækja sér græna fjármögnun. Arion varð í síðustu viku fyrstur íslenskra banka til þess að bjóða viðskiptavinum að leggja sparnað sinn inn á græna innlánsreikninga en til að byrja með verður innlánunum miðlað í lán til kaupa á bílum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

„Markmiðið er að auka hlut grænna verkefna í lánasafni bankans, en fyrst þarf að skilgreina hvað telst grænt og hvað ekki. Það er vinna sem við höfum lokið hvað varðar lánasafn bankans til stærri fyrirtækja," segir Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.

Það er flóknara verkefni en ætla mætti í fyrstu, að sögn Benedikts, þar sem ólíkar skoðanir eru á því hvað telst raunverulega grænt. Víða erlendis er hins vegar hægt að finna ramma eða umgjarðir um lánveitingar, fjármögnun og atvinnustarfsemi sem hægt er að styðjast við þegar meta á hve grænn tiltekin verkefni eða starfsemi er.

Evrópusambandið hefur til að mynda unnið skilgreiningar fyrir ólíka atvinnustarfsemi þar sem útlistuð eru skilyrði fyrir því hvað getur talist grænt. Þó hefur ýmis atvinnustarfsemi enn ekki verið skilgreind, til dæmis sjávarútvegur, sem hefur töluvert vægi hérlendis.

„Frumúttekt okkar á lánasafni bankans til stærri fyrirtækja sýnir að að minnsta kosti 20-30 prósent af því lánasafni flokkast grænn. Þessi úttekt var unnin með helstu sérfræðingum í grænni fjármögnun," segir Benedikt en helsta álitaefnið snýr að fasteignafjármögnun sem er mjög stór hluti lánasafns Arion banka. Hann segir að þar sé einfaldlega skortur á upplýsingum og viðmiðum hér á landi.

„Við gætum horft til þess að íslenskar fasteignir eru nánast undantekningarlaust hitaðar á umhverfisvænan máta og einangraðar til að spara orku, en við viljum sjá hvert leiðin liggur í setningu markmiða og viðmiða," segir Benedikt.

> **Grænn fjármögnun er ekki endilega á hagstæðari kjörum en líkleg til að opna á aðgengi að nýjum fjárfestum.**
>
> Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka

Tjalda ekki til einnar nætur

Arion banki hefur ekki sett sér markmið varðandi hlutfall grænna lána í lánasafni sínu en það er næsta skref. Þá segir Benedikt að bankinn muni sækja sér græna fjármögnun þegar aðstæður eru réttar og greining á lánasafninu sé mikilvæg forsenda þess.

„Það þarf að liggja fyrir hvað skal fjármagna grænt, hvort sem það eru ný verkefni eða endurfjármögnun eldri verkefna sem eru þegar hluti af lánasafni okkar. Grænn fjármögnun er ekki endilega á hagstæðari kjörum en líkleg til að opna á aðgengi að nýjum fjárfestum sem vilja fjárfesta í grænum verkefnum og það er eitt af því sem gerir hana eftirsóknarverða," segir Benedikt.

Spurður um fjárhagslega ávinninginn fyrir Arion banka segist Benedikt hafa trú á því að langtímaávinningur af grænum lánum og grænni fjármögnun muni skila sér smám saman.

„Við erum þarna ekki að tjalda til einnar nætur heldur horfa til framtíðar. Þá tel ég að grænn verkefni séu almennt góð fjárfesting og séu alla jafna áhættuminni þegar til lengri tíma er litið," segir hann.

„Það væri vissulega jákvætt skref ef, í framtíðinni, grænar lánveitingar leiddu til lægri eiginfjárkrafna en það er í raun ekki það sem drífur okkur áfram. Við teljum þetta rétt skref að taka og sjáum einnig tækifæri í því að laða að okkur nýja viðskiptavini sem er annt um umhverfið."

Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2020

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

Próf úr I. hluta

24. ágúst 2020	Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar. Ágrip úr réttarfari.
25. ágúst 2020	Viðfangsefni úr fjármunarétti, félagaréttur, ábyrgðir.
26. ágúst 2020	Viðskiptabréfareglur, veðréttindi, þinglýsingar.

Próf úr II. hluta

31. ágúst 2020	Grunnatriði í fjármálafræðum.
1. september 2020	Grunnatriði í þjóðhagfræði.
2. september 2020	Greining ársreikninga.

Próf úr III. hluta

7. september 2020	Lög og reglur á fjármálamarkaði.
8. september 2020	Viðskiptahættir.
9. september 2020	Verðbréf, afleiður og gjaldeyrir.
10. september 2020	Fjárfestingarferli.

Próftími er fjórar klukkustundir og hefst hvert próf kl: 16:00.

Prófsefni er tilgreint í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsíðu prófnefndar verðbréfaviðskipta:
https://
www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/

Um prófin fer samkvæmt reglugerð um próf í verðbréfaviðskiptum, nr. 633/2003, með síðari breytingum.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR:
http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/

Prófgjald er kr. 23.000 fyrir hvert próf. **Vakin er athygli á að prófin verða haldin, í þetta skiptið, óháð þátttöku.** Prófin fara fram í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2019-2020. **Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.**

Næsta vetur mun ganga í gildi nýtt fyrirkomulag prófs í verðbréfaviðskiptum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu prófnefndar verðbréfaviðskipta.

Reykjavík, 1. júlí 2020.
Prófnefnd verðbréfaviðskipta

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195

Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði

kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði

AMSTERDAM dream × create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Listverslun.is

2019 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að bæta þurfi lagalegt umhverfi og svigrúm markaðsaðila til verðbréfalána. Slíkt sé mikilvægt fyrir eðlilega ver

Umfang lífeyrissjóða hamlar verðmyndun

Umfang og stærð lífeyrissjóða á hlutabréfamarkaði hamlar eðlilegri verðmyndun á markaði. Takmörkuð þátttaka einstaklinga á hlutabréfamarkaði markast að hluta til af skattalegum hvötum til annars konar fjárfestinga. Velta á íslenskum hlutabréfamarkaði, sem hlutfall af markaðsvirði skráðra félaga, er sambærileg á Íslandi og hinum Norðurlöndunum.

> **Ef við lítum á heildarveltu sem hlutfall af markaðsvirði, þá erum við á svipuðum stað og hin Norðurlöndin.**

Magnús Harðarson tók við sem forstjóri Nasdaq Iceland í október síðastliðnum. Hann hefur starfað hjá Nasdaq á Íslandi frá árinu 2002 og var staðgengill forstjóra frá árinu 2011, en Páll bróðir Magnúsar gegndi forstjórastarfinu á árunum 2011-2019. Magnús segir að sú efnahagskrísa sem nú ríður yfir heiminn komi við Ísland á annan hátt en síðast: „Við erum ekki sér á báti eins og árið 2008, við höfum meira og minna fylgt sveiflunum erlendis," segir hann og bætir því við að velta í Kauphöllinni hafi haldist þokkaleg í gegnum verstu krísuna.

„Þegar faraldurinn kemur inn af fullum þunga þá hörfa flestir viðskiptavakar af hlutabréfamarkaði eins og þeir geta. Þeir segja ekki upp vaktinni, heldur nýta sér ákvæði í samningum til að draga sig út. Þeir nýta sér ákvæði rétt upp úr miðjum mars og verðbil kaup- og sölutilboða jókst töluvert. Það dró úr virkni markaðarins. Núna eru hlutirnir hins vegar komnir aftur í meira og minna samt horf," segir Magnús.

Umfang lífeyrissjóða

Fjárfestar og aðrir markaðsaðilar nefna reglulega að velta á íslenskum verðbréfamarkaði, einkum í hlutabréfum, þurfi að vera meiri svo að verðmyndun sé betri. Bent hefur verið á að risavaxin hlutdeild íslenskra lífeyrissjóða í skráðum félögum, kunni þar að eiga hlut að máli. Fjárfestingastefna lífeyrissjóðanna, sem byggist upp á langtímastöðutökum í félögum hefur þar nokkuð að segja. „Lífeyrissjóðirnir okkar eru öflugir og ekkert nema gott um það að segja. Þeir starfa auðvitað innan ákveðins lagaramma og fjárfestingum þeirra eru settar ákveðnar skorður. En það getur samt ekki verið heilbrigt að það séu svona fáir ákvörðunaraðilar á verðbréfamarkaði. Með umfangi þeirra á markaði eru mikil völd sem safnast á fárra hendur. Þetta er ekki bara spurning um markaðinn, heldur líka mögulega samkeppnissjónarmið og valddreifingu. Það er gott að hafa sterka lífeyrissjóði en þeir eru alltumlykjandi á skráðum markaði á Íslandi," segir forstjórinn.

Hin hliðin á umfangi lífeyrissjóða á markaði, er takmörkuð bein þátttaka einstaklinga á hlutabréfamarkaði. „Töluverður hluti af launum fólks fer inn í lífeyrissparnað og í einhverjum tilfellum er ekki mikill afgangur af launum til að ráðstafa í fjárfestingar. Þess vegna höfum við bent á að það gæti verið snjallt að fólk fái að ráðstafa séreignasparnaði inn á sérstaka fjárfestingareikninga, sem yrðu helgaðir skráðum verðbréfum," segir Magnús.

„Ef við lítum á heildarveltu sem hlutfall af markaðsvirði, þá erum við á svipuðum stað og hin Norðurlöndin. Hins vegar er það svo að hlutfall stórra viðskipta milli tveggja aðila sem eiga sér stað í gegnum síma, frekar en í gegnum tilboðshliðarnar á markaðnum, er hærra hér en á hinum Norðurlöndunum."

MSCI breytir miklu

Nokkur tíðindi voru í síðustu viku þegar tilkynnt var að Ísland yrði tekið inn í vaxtarvísitölu MSCI, en fyrirtækið er einn stærsti útgefandi vísitalna á heimsvísu. Hlutabréfaverð tók kipp upp á við í kjölfarið, en vænst er jákvæðra áhrifa vegna þessa á hlutabréfaverð hérlendis. Ýmsir verðbréfasjóðir erlendis fjárfesta í samræmi við samsetningu vísitölunnar og því gæti innflæði erlends fjármagns átt sér stað á markaðinn hérlendis, vegna þessarar breytingar.

„Stærsti sjóður sem ég veit af sem fjárfestir í samræmi við vaxtarvísitölu MSCI, er í rekstri Blackrock og er um 50 milljarðar að stærð. Það myndi þá þýða innflæði upp á 2-3 milljarða króna. Ég held hins vegar að þessi flokkun Íslands inni í vísitölunni muni laða að ýmsa aðra fjárfesta en vísitölusjóði og hin óbeinu áhrif verði meiri. Það er auðvitað ekki hægt að áætla það með raunhæfum hætti, en það kæmi mér á óvart ef það væri undir nokkrum tugum milljarða króna," segir Magnús.

Ísland á meira inni

Hann telur þó að íslenski markaðurinn eigi töluvert inni þegar kemur að hlutdeild í erlendum vísitölum: „Ég tel að við höfum komið inn í vísitölu MSCI á of lágu þrepi. Við erum með gæði sem ættu að setja okkur í næsta gæðaflokk fyrir ofan. Ástæðuna fyrir því að við förum inn í þessa vísitölu á þessu stigi nú, tel ég að sé sú að við erum nýkomin út úr gjaldeyrishöftum, það eru ekki nema 12 ár síðan þeim var komið á og þau voru bara nýlega afnumin að fullu. MSCI hafði áður vísað í áhyggjur erlendra fjárfesta gagnvart höftunum. Við höfðum auðvitað farið yfir hina sterku stöðu hagkerfisins; sterka skuldastöðu hvernig sem það er brotið upp, góðan gjaldeyrisforða og svo framvegis. Svo má auðvitað nefna að stærsta útflutningsgreinin, ferðaþjónustan, stöðvaðist algjörlega í apríl og enginn talaði um gjaldeyrishöft. Seðlabankinn greip meira að segja inn í markaðinn í maí til að koma í veg fyrir að krónan styrktist of mikið. Þetta eykur trúverðugleika markaðarins mikið."

Heildarvelta
sem hlutfall af samanlögðu markaðsvirði skráðra félaga



Skráningar banka mikilvægar

Magnús nefnir að stækkun markaðarins með skráningu fyrirtækja

rðmyndun á markaði og stuðli að betri eignastýringu.

Skattalegir hvatar verðbréfafjárfestinga einstaklinga á Norðurlöndunum

Á hinum Norðurlöndunum er einstaklingum heimilt að færa hluta tekna inn á sérstaka fjárfestingareikninga. Í einhverjum tilfellum er heimilt að færa fé inn á þessa reikninga fyrir tekjuskatt og skattlagt er við úttekt. Í Svíþjóð og Noregi getur hver einstaklingur átt marga reikninga, en í Danmörku og Finnlandi er hverjum einstaklingi heimilt að opna einn reikning.

Svíþjóð (lögfest 2012)
- Heimilt að fjárfesta í skráðum verðbréfum
- Kaup og sala verðbréfa er skattfrjáls
- Sérstakur eignaskattur, í stað fjármagnstekjuskatts. Sá skattur miðast við áhættulausa ávöxtun ríkisbréfa, auk lágs álags ofan á hana. Skatt þarf að greiða óháð ávöxtun
- Einstaklingar eru beinir eigendur bréfa og geta kosið á hluthafafundum
- Tap af fjárfestingareikningi er frádráttarbært frá skatti

Noregur (lögfest 2017)
- Heimilt að fjárfesta í skráðum verðbréfum og verðbréfasjóðum
- Kaup og sala verðbréfa og hlutdeildarskírteina er skattfrjáls
- Hagnaður er ekki skattlagður nema við úttekt og tap ekki frádráttarbært frá skatti, nema þegar reikningnum er lokað. Hægt er að taka út skattfrjálst, upp að því marki sem hefur verið lagt inn
- Skattur var 31.68% árið 2019 að frádreginni áhættulausri ávöxtun
- Frá árinu 2019 eru arðgreiðslur ekki skattlagðar fyrr en við úttekt

Danmörk (lögfest 2019)
- Heimilt að fjárfesta í skráðum verðbréfum og verðbréfasjóðum
- Einstaklingar geta lagt fyrir ríflega 7 þúsund evrur (1,1 m.kr) á ári inn á fjárfestingareikninga. Að hámarki fjórfalda þá upphæð má leggja inn
- Hægt að leggja inn á reikninga á árunum 2019-2022
- Skattlagt 17% á ári, samkvæmt lögum um óinnleystan hagnað hlutabréfa
- Skattfrjálsar úttektir

Finnland (lögfest 2020)
- Heimilt að fjárfesta í skráðum verðbréfum
- Að hámarki 50 þúsund evrur (7,8 m.kr) á hverjum reikningi
- Engin skattlagning á meðan fjármunir eru ekki hreyfðir af reikningi
- 30% skattur á hagnað, ef hagnaður meiri en 30 þúsund evrur þá er skattur 34%

En það getur samt ekki verið heilbrigt að það séu svona fáir ákvörðunaraðilar á verðbréfamarkaði. Með umfangi þeirra á markaði eru mikil völd sem safnast á fárra hendur. Þetta er ekki bara spurning um markaðinn, heldur líka mögulega samkeppnissjónarmið og valddreifingu.

Vildu útvíkka fjárfestingaumboð Kríu

Ríkisstjórnin kynnti nýlega til sögunnar nýtt fjárfestingaverkefni, sem ætlað er að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Verkefnið er í formi sjóðs sem ber heitið Kría og byggir á því að ríkið leggur til fjármagn í nýsköpunarverkefni, gegn því að einkafjármagn komi inn á móti. Nasdaq Iceland sendi inn umsögn til Alþingis um frumvarpið og lagði til útvíkkun úrræða í frumvarpinu, til að ná fram sambærilegum markmiðum og frumvarpið. Tillögur Kauphallarinnar sneru að sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem eru tilbúin að sækja sér fé á hlutabréfamarkaði.

„Það hefði verið gott að frumvarpið hefði verið útvíkkað, þannig að fjárfestingarstefnan gæti líka tekið til félaga sem væru komin aðeins lengra í sinni uppbyggingu, það er fyrirtæki sem eru komin aðeins lengra í sínu ferli. Kría tekur til fyrirtækja sem eru komin af frumstigi og þurfa fjármögnun til að taka næsta skref. Við vildum að frumvarpið tæki líka til fyrirtækja sem eru á næsta stigi eftir það, kannski komin með 10-20 starfsmenn, góðan viðskiptamannahóp, gott vöruframboð og þurfa kannski fjárfestingu upp á 200-300 milljónir til að færast áfram," segir hann.

Magnús bendir á að í Svíþjóð geta slík fyrirtæki oft sótt sér fjármögnun á hlutabréfamarkaði og fjármögnun þar er borin uppi af einstaklingum: „Þetta vantar svolítið hér, en í Svíþjóð eru skattalegir hvatar fyrir einstaklinga til að fjárfesta í hlutabréfum."

í stærri kantinum gæti haft mikið að segja. Skráningar Íslandsbanka og Landsbanka skiptu þar mestu máli. „Að fá inn þessa stóru bita í Kauphöllina myndi breyta ásýnd markaðarins, enda byrja fjárfestar oft á því að fjárfesta í þessum stærri fyrirtækjum, eins og Marel og Arion banka. Þegar fjárfestarnir eru komnir inn eru þeir miklu líklegri til að auka sínar stöður í minni, skráðum fyrirtækjum. Ég held að skráningar ríkisfyrirtækja á borð við Isavia myndu líka hjálpa."

Íslandsbanki hafði fyrirhugað skráningu í lok þessa árs eða byrjun þess næsta. „Það gæti frestast um allt að ár, en það er líka hægt að horfa til markaðsvirðis Arion banka til að gera sér betur grein fyrir hvenær Íslandsbanki gæti komið inn á markað," segir Magnús.

Þegar gengi Arion banka er komið nálægt því sem var fyrir krísuna sem hófst í mars, þá gætu hagsmunaaðilar séð fyrir sér að tækifæri væri að myndast til að skrá Íslandsbanka, bætir hann við.

Hvað varðar aðrar skráningar en Íslandsbanka, segir Magnús að öll slík plön séu á ís um þessar mundir. Á það einkum og sér í lagi við fyrirtæki tengd ferðaþjónustu. „Þó verður líka að nefna fyrirtæki sem koma sterk eða jafnvel sterkari út úr COVID-krísunni, til að mynda fyrirtæki á sviði líftækni, heilbrigðisþjónustu og rekstur sem snýr að fjarþjónustu og tæknilausnum af ýmsu tagi. Þar gætu leynst tækifæri."

Í Evrópu er litið á verðbréfalán sem hluta af skilvirkri eignastýringu, á meðan túlkunin hér snýr frekar að áhættustýringu. Það er rakið mál að lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir geti lánað bréf

Skortsala nauðsynleg

Samkvæmt túlkun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2007, er lífeyrissjóðum óheimilt að lána verðbréf, þar sem slík aðgerð er ekki tiltekin sem heimil fjárfesting samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. „Ég er ekki sammála þessari afstöðu, þar sem verðbréfalán er ekki fjárfesting, en þetta er staða mála í dag," segir Magnús.

„Annað mál er að heimildir verðbréfasjóða til að lána bréf eru mun takmarkaðri en það sem tíðkast í Evrópu. Að mínu mati þyrfti að gera bragarbót á þessu þar sem verðbréfalán stuðla að betri verðmyndun á markaði, meðal annars þar sem þau auðvelda viðskiptavakt og greiða fyrir skortsölu. Í Evrópu er litið á verðbréfalán sem hluta af skilvirkri eignastýringu, á meðan túlkunin hér snýr frekar að áhættustýringu. Það er rakið mál að lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir geti lánað bréf, þar sem þeir eru langtímafjárfestar og sitja gjarnan á þeim bréfum sem þeir eiga til lengri tíma. Í þóknunum af verðbréfalánum felast líka tekjutækifæri fyrir sjóðina. Svo geta þeir auðvitað alltaf kallað bréf til baka úr láni ef aðstæður kalla á það," segir forstjórinn.

Magnús nefnir einnig að staða íslenskra markaðarins innan erlendra hlutabréfavísitalna, markist meðal annars af lagaumhverfi og virkni verðbréfalána og skortsölu:

„Þar eru innri skilyrði hjá bæði FTSE og MSCI um virkni verðbréfalána og skortsölu á markaði. Það þarf lagabreytingu gagnvart verðbréfasjóðunum. Varðandi lífeyrissjóðina þarf að mínu mati strangt til tekið ekki lagabreytingu, en ég held að það væri æskilegt að búa lífeyrissjóðum skilgreindan ramma um verðbréfalán með lagasetningu," segir hann.

Auka þarf hlutdeild heimila

Þegar litið er á beina eigendur skráðra hlutabréfa á Íslandi eiga einstaklingar og heimili aðeins um 4% af heildinni. Í Svíþjóð er þetta hlutfall margfalt hærra, en hins vegar er lengri hefð þar fyrir fjárfestingum einstaklinga í hlutabréfum, samanborið við Ísland. Magnús nefnir að hrun íslenska fjármálamarkaðarins hafi vissulega ekki aukið áhuga Íslendinga á hlutabréfafjárfestingum á Íslandi.

Að sama skapi hafa verið skattalegir hvatar til að fjárfesta í húsnæði á síðustu árum með lagabreytingu um séreignasparnað.

„Svo er líka skattalega hagkvæmt að borga sem mest í lífeyrissjóði fyrir þá sem geta notað séreignarsparnað til húsnæðiskaupa, en fjármunir sem einstaklingar hefðu mögulega ráðstafað í hlutabréfafjárfestingar í eigin nafni enda þar, í séreignasparnaði lífeyrissjóðanna."

Erlendir fjárfestar hverfa

Á síðustu misserum hefur borið á því að erlendir fjárfestar hafi selt sig út úr skráðum félögum á Íslandi, að Marel undanskildu. Magnús segir að margþættar skýringar séu á því. Meðal annars úttektir úr þeim sjóðum sem áttu hluti í skráðum félögum á Íslandi. Að sama skapi hafi almennt versnandi efnahagshorfur dregið úr áhættusækni fjárfesta og meiri sókn í seljanlegri eignir.

Bandarísk ríkisbréf eru til dæmis talin seljanlegri og öruggari eign en íslenskt hlutabréf. Magnús segir að sérstaklega á undanförnum misserum hafi nánast verið órökrétt mikil sókn í Bandaríkjadali: „Til dæmis hefur dollarinn haft ákveðna fylgni við COVID-19, þegar horfur versnuðu með COVID-19 á heimsvísu, þá hækkaði dollarinn."

Skráningar auki sátt

Sátt um skipan sjávarútvegsmála á Íslandi, eða öllu heldur skortur á sátt, er sífellt til umræðu á Íslandi. Þegar mest var voru 19 sjávarútvegsfyrirtæki skráð á markað á Íslandi. Í dag er Brim eina íslenska sjávarútvegsfyrirtækið sem er skráð í Kauphöll.

Magnús nefnir að skráning sjávarútvegsfyrirtækja hefði í för með sér tækifæri fyrir alla Íslendinga til að eignast hlut í sjávarauðlindinni. „Það þýddi að eignarhald á aflaheimildum myndi dreifast víðar um þjóðfélagið, sem gæti skapað aukna sátt um núverandi kerfi.

Leggja drög að leikjafyrirtæki sem er stærra en Ísland mun ráða við

Hópur sérfræðinga í tölvuleikjum á Íslandi er tiltölulega fámennur. Mainframe fékk fjármagn frá Andreessen Horowitz, einum þekktasta vísisfjárfesti í heimi. Eins árs sprotafyrirtæki, stofnað af fyrrverandi lykilmönnum CCP, hefur safnað um tíu milljónum evra til að byggja upp leikjafyrirtækið. Er með skrifstofur í Finnlandi og á Íslandi. Streymisveitur fyrir leiki breytir myndinni.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Lagt var upp með að tölvuleikjafyrirtækið Mainframe Industries, sem meðal annars var stofnað af meðstofnanda CCP og hefur fengið fjármögnun frá Andreessen Horrowitz, yrði stærra en Ísland eitt og sér myndi ráða við. Þess vegna var brugðið á það ráð að stofna fyrirtækið í Finnlandi og vera með skrifstofur þar og á Íslandi. Þetta segir Þorsteinn Högni Gunnarsson, forstjóri og einn stofnenda leikjafyrirtækisins.

Mainframe Industries hefur safnað um tíu milljónum evra, jafnvirði 1,6 milljarða króna, til að standa að uppbyggingunni. Fyrirtækið er rúmlega eins árs.

„Á Íslandi er mikið af hæfu fólki sem starfað hefur hjá CCP og fleiri fyrirtækjum en þetta er tiltölulega lítill hópur enn, ef til vill nokkur hundruð manns," segir Þorsteinn Högni. Hann var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CCP í sjö ár.

Finnland áhugavert

„Finnland er sérstaklega spennandi hvað þetta varðar, þar er stór og öflugur leikjageiri," segir hann og nefnir að um fimm þúsund manns starfi þar við hann. Þekkt tölvuleikjafyrirtæki eins og Supercell, sem meðal annars bjó til Clash og the Titans, og Remedy Games hafa sprottið þar upp.

„Við erum að reyna að búa til sýndarheim sem milljónir manna munu kalla heimili sitt, vonandi til margra ára," segir Þorsteinn Högni um leikinn. Um er að ræða fjölnotenda leik sem fjölmargir geta spilað á sama tíma, eins og í tilviki krúnudjásns CCP, Eve Online. Ekki hefur verið upplýst um hvert sögusvið leiksins er.

Hugmyndin að leiknum kviknaði fyrir nokkuð mörgum árum hjá Reyni Harðarsyni, einum af meðstofnendum CCP, en hann hafði hvorki fundið tæknilegu leiðina né rétta teymið sem gæti framkvæmt hana fyrr en nú.

Þorsteinn Högni, Reynir og Kjartan Emilsson, sem meðal annars var yfirleikjahönnuður hjá CCP, stofnuðu saman sprotafyrirtækið Sólfar Studios árið 2014 í því skyni að framleiða efni fyrir sýndarveruleika. „Við ákváðum að venda kvæði okkar í kross," segir hann og hafist var handa við að leggja drög að nýja leiknum undir merkjum Mainframe Industries.

„Í okkar tilviki þekkti einn af meðstofnendum okkar frá Finnlandi einn af meðeigendum Andreesen Horrowitz," segir Þorsteinn Högni um það hvernig Mainframe fékk fund með vísisjóðnum. MYND/AÐSEND

> **Við erum að reyna að búa til sýndarheim sem milljónir manna munu kalla heimili sitt, vonandi til margra ára.**

Streymisveitur fyrir leiki

Að sögn Þorsteins Högna var hvatinn að stofnun fyrirtækisins öðrum þræði „að við vorum að sjá gríðarlegar breytingar" á leikjageiranum með tilkomu streymisveitna fyrir leiki í anda Spotify og Netflix. „Allt byggt á því að leikjum er streymt í tækið sem spilað er á hverju sinni," segir hann.

Leikir eins og EVE Online eru hannaðir fyrst og fremst fyrir vel útbúnar PC-tölvur. „Ný tækni gerði það að verkum að hægt var að búa til leik eða sýndarheim sem myndi ná til miklu stærri hóps leikmanna en áður hefur verið hægt," segir hann.

Finnar og Íslendingar stofnuðu Mainframe

Það starfa 27 manns hjá Mainframe Industries og stefnt er að því að fjöldinn verði um 40 í lok árs. Þorsteinn Högni vekur athygli á að meðal annars sé verið að leita að starfskröftum á Íslandi.

Stofnendur Mainframe eru 13. Fimm Finnar og sjö Íslendingar. „Það er óvanalegt að svo stór hópur komi að stofnun sprotafyrirtækis en okkur þótti það nauðsynlegt því verkefnið er tiltölulega flókið og því þótti okkur mikilvægt að stofnendahópurinn væri öflugur," segir Þorsteinn Högni. Hver og einn í hópnum hafi um 20 ára reynslu, hver á sínu sviði. „Það hjálpaði okkur að safna fjármagni."

Þorsteinn nefnir að Íslendingarnir sem fóru af stað með Mainframe Industries hafi notið góðs af tengslaneti sínu í Finnlandi frá fyrri árum.

Þorsteinn Högni segir að liðlega þremur mánuðum eftir stofnun fyrirtækisins hafi Mainframe Industries safnað hlutafé frá fjárfestum „sem eru sterkir á Íslandi og í Finnlandi".

Söfnuðu fjármagni hratt

Fyrirtækið safnaði tveimur milljónum evra frá íslenska vísissjóðnum Crowberry, sem meðal annars Helga Valfells fer fyrir, og þremur finnskum vísissjóðum. Tveir þeirra eru sérhæfðir í leikjafyrirtækjum. Tilkynnt var opinberlega um fjármögnunina í október í fyrra. Í mars var upplýst að Andreesen Horrowitz, einn þekktasti vísisfjárfestir í heimi, hefði leitt 7,6 milljóna evra fjármögnun.

„Við einsettum okkur að safna frekar hratt fjármagni inn í félagið," segir Þorsteinn Högni og nefnir að leitað hafi verið eftir fjárfestum með tengslanet og þekkingu. Hafist var handa við að kynna fyrirtækið fyrir fjárfestum á finnsku tækniráðstefnunni Slush í nóvember. Tveimur vikum síðar lá leiðin í Kísildalinn að hitta fjárfesta.

Hann segir að það hafi komið í ljós að hugmyndir þeirra og Andreesen Horrowitz um framtíðina í leikjageiranum fóru vel saman. Aukinheldur hafi Andreesen Horrowitz um 160 manns á sínum snærum sem veiti sprotafyrirtækjum aðstoð á fjölda sviða.

„Það var líka gaman að fá Riot Games í hluthafahópinn því þeir framleiða vinsælasta tölvuleik í heimi, League of Legends," segir Þorsteinn Högni.

Ræddu við 30 fjárfesta

Rætt var við 30 fjárfesta á þeim tíma. Hann segir að það sé alltaf erfitt að fá fundi með fjárfestum. Þeir fái enda ótal fjárfestingartækifæri á sitt borð á hverju ári. Gott tengslanet skipti því sköpum við að fá fundi með fjárfestum. „Í okkar tilviki þekkti einn af meðstofnendum okkar frá Finnlandi einn af meðeigendum Andreesen Horrowitz," segir hann.

Að sögn Þorteins Högna hefur ekki verið gefið upp hvenær leikurinn komi á markað. Það sé enn nokkuð í það en vonast sé til að prófanir hefjist „áður en of langt um líður".

Munu safna meira fé

Mainframe Industries hefur safnað 9,6 milljónum evra í hlutafé og fengið 600 þúsund evra lán frá finnska sprotasjóðnum. „Við munum safna meira fé þegar fram líða stundir. Við erum í ansi góðum málum núna," segir hann og nefnir að með þessu fé verði hægt að ná lykilvörðum í framgangi leiksins. Auknu fé verði safnað þegar þróun leiksins verður lengra komin.

Þorsteinn Högni segir að stuðningur finnska ríkisins við sprotafyrirtæki sé veglegur en annars eðlis en á Íslandi. Á Íslandi sé fyrst og fremst um að ræða styrki frá Tækniþróunarsjóði eða endurgreiðslur á rannsóknar- og þróunarkostnaði. Það sé afar gagnlegt. Í Finnlandi séu veitt hagstæð lán sem nema oft um helmingi eða meira af því hlutafé sem fyrirtækið hafi safnað.

„Þetta eru tíu ára kúlulán og í augnablikinu á eins prósents vöxtum," segir hann. Mainframe hafi tekið eitt slíkt lán fyrir 600 þúsund evrur og reiknað sé með að taka fleiri slík lán á næstu tveimur árum.

Borgun sagði upp 140 viðskiptavinum vegna athugasemda FME

Borgun sagði upp rúmlega 140 erlendum viðskiptavinum vegna athugasemda frá Fjármálaeftirlitinu sem bárust árið 2017.

Fyrir Landsrétt hafa verið lögð „gögn sem gefa [það] til kynna" segir í dómi réttarins sem kveður á um að Borgun hefði átt að greiða fyrrverandi forstöðumanni alþjóðasviðs fyrirtækisins fullan kaupauka við árslok 2017.

Fram hefur komið í fréttum að Fjármálaeftirlitið (FME) gerði á árinu 2017 margvíslegar athugasemdir við eftirlit kortafyrirtækisins með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í úrtaki FME sem í voru 16 viðskiptavinir alþjóðasviðs kannaði fyrirtækið ekki áreiðanleika upplýsinga um 13 þeirra með fullnægjandi hætti. Þess vegna krafðist eftirlitið að Borgun sliti viðskiptum við þá og að kortafyrirtækið færi yfir framkvæmd áreiðanleikakannana vegna annarra erlendra viðskiptavina. Slíta ætti viðskiptum við þá sem ekki uppfylltu lagaleg skilyrði.

Borgunarhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rekstur Borgunar hefur gengið erfiðlega á síðustu árum en til marks um það tapaði félagið ríflega 972 milljónum króna á síðasta ári borið saman við 1.069 milljóna króna tap árið 2018.

Erlenda greiðslumiðlunarfyrirtækið Salt Pay keypti Borgun í mars fyrir um fimm milljarða, að því er fram kom í Markaðnum. Seljendur voru Íslandsbanki sem átti 64 prósenta hlut, eignarhaldsfélagið Borgun, sem meðal annars var í eigu Stálskipa og Einars Sveinssonar fjárfestis, með 32 prósenta hlut og félag í eigu stjórnenda Borgunar með tveggja prósenta hlut.

Landsdómur dæmdi Borgun til að greiða Sigurði Guðmundssyni, yfirmanni alþjóðasviðs fyrirtækisins, 1,6 milljónir auk vaxta og málskostnaðar.

Í árslok 2014 fékk Sigurður greidd 60 prósent af umsömdum kaupauka en greiðslu 40 prósenta fjárhæðarinnar var frestað í þrjú ár. Sá hluti kaupaukans var hins vegar ekki inntur af hendi í árslok 2017 og því höfðaði Sigurður mál á hendur Borgun. – **hvj**

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR

ASUS

ASUS VIVOBOOK 15

- Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
- Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
- Með ErgoLift löm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi

APPLE MACBOOK AIR 2020

- Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
- 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
- Skelinn er úr 100% endurunnu áli

acer

ACER NITRO 5

- Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjákorti
- Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
- KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu

APPLE MACBOOK PRO 2020

- Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
- Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
- Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni

acer

ACER PREDATOR TRITON 500

- Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
- Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
- 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum

ASUS

ASUS EXPERTBOOK

- Ein léttasta 14" fartölvan á markaðnum
- Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
- Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

tl.is

TÖLVU LISTINN

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

Áskorun að gera netverslun arðbæra

Svipmynd

Renata S. Blöndal

Nám:
Stjórnun og verkfræði frá Columbia-háskóla í New York.

Starf:
Yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Krónunni. Áður hjá Landsbankanum, Meniga og CCP.

Fjölskylduhagir:
Gift Óskari Inga Magnússyni og saman eigum við Ragnhildi Lilju, 8 ára, og Magnús Inga, 5 ára.

Renata S. Blöndal er að lesa ævisögu Bob Iger, fyrrverandi forstjóra Disney, og tengir mikið við stjórnunarstíl hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Renata S. Blöndal, yfirmaður viðskiptaþróunar Krónunnar, segir að það verði mikil áskorun að gera netverslun Krónunnar arðbæra. „Við horfum til þeirra aðila sem þegar hafa náð því markmiði í Evrópu. Mikilvægt er að líta á stóru myndina, hvernig Snjallverslunin getur dregið úr kostnaði annars staðar í virðiskeðjunni og aukið tækifæri til markaðssetningar og dýpkað samtalið við viðskiptavinina," segir hún.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Þau eru fjölmörg. Mér finnst mjög gott að hlaupa til að tæma hugann. Þó ég hlaupi oftast á malbikinu á Seltjarnarnesinu finnst mér skemmtilegast að hlaupa utanvegar, en þar gæti spilað inn í að ég ólst að hluta til upp úti á landi, nánar tiltekið undir rótum Snæfellsjökuls. Síðustu tvö ár hef ég svo fundið mig í fjallgöngum og nýt mín best þegar ég geng á jökla eða há fjöll. Ég fór á gönguskíðanámskeið í vetur sem er góð viðbót við skíðaiðkun fjölskyldunnar og svo reyni ég að gefa mér tíma til að fara út fyrir borgarmörkin á fjallahjól. Þess á milli finnst mér gott að slaka á og lesa eða hlusta á góða bók. Allra skemmtilegast er að verja tíma með fjölskyldunni og ferðast innan lands sem utan.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já, ég held að umhverfið sé að breytast hratt hvað þetta varðar. Atvinnulífið er farið að átta sig á því að starfsmenn geti á sama tíma sett fjölskylduna í fyrsta sæti og staðið sig þrusuvel í vinnunni. Það eru í rauninni tengsl þar á milli, gott jafnvægi á heimilinu gerir okkur að betri starfskröftum.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þær eru nokkrar, ég er núna að lesa The Ride of a Lifetime eftir Bob Iger, fyrrverandi forstjóra Disney. Ég tengi mikið við hans stjórnunarstíl en hann leggur mikla áherslu á að starfsmenn skapi góða fyrirtækjamenningu og að taka þurfi ákvarðanir til langs tíma þó að það feli í sér aukna áhættu til skamms tíma. Ég held að allir stjórnendur fái innblástur við lestur þessarar bókar. Becoming eftir Michelle Obama hafði einnig mikil áhrif á mig sem og bókin Thrive eftir Ariönnu Huffington, stofnanda Huffington Post, en hún skrifar um þá staðreynd að góð fyrirtækjamenning og áhersla á mannauð og líðan starfsmanna hefur jákvæð áhrif á arðsemi fyrirtækja, og vísar í rannsóknir þess efnis.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum missserum?

Þegar COVID-19 skall á vorum við í Krónunni byrjuð að vinna í Snjallverslun Krónunnar, vefverslun í formi apps, en hún var langt í frá tilbúin. Við vildum gera okkar til þess að aðstoða fólk í erfiðum aðstæðum, en margir gátu ekki farið í verslun til

> **Atvinnulífið er farið að átta sig á því að starfsmenn geti á sama tíma sett fjölskylduna í fyrsta sæti og staðið sig þrusuvel í vinnunni.**

að sækja sér nauðsynjar. Við settum því allt í botn ásamt samstarfsaðilum okkar og unnum myrkranna á milli til að koma lausninni út. Það varð úr að við gátum þjónustað framlínustarfsmenn, fólk í áhættuhópum og fólk í einangrun. Það er ótrúlegt hvaða árangri hægt er að ná þegar neyðin kallar og málstaðurinn er góður.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Helstu áskoranirnar fram undan í rekstrarumhverfi Krónunnar eru þær hröðu og miklu breytingar sem einkenna umhverfi matvöruverslana um heim allan og er það verkefni komandi ára að fjárfesta í nýjum innviðum og tækni á sama tíma og við höldum vöruverði lágu. Við höfum komið til móts við aukna kröfu um þjónustu og hraða af hálfu viðskiptavina meðal annars með innleiðingu sjálfsafgreiðslukassa í verslanir og nú síðast með útgáfu Snjallverslunarinnar.

Það verður mikil áskorun að gera Snjallverslunina arðbæra en við horfum til þeirra aðila sem þegar hafa náð því markmiði í Evrópu. Mikilvægt er að líta á stóru myndina, hvernig Snjallverslunin getur dregið úr kostnaði annars staðar í virðiskeðjunni og aukið tækifæri til markaðssetningar og dýpkað samtalið við viðskiptavinina. Svo erum við spennt að leyfa fólki að skanna beint í körfu með símanum í verslunum okkar, vonandi á þessu ári. Þá er greitt með appinu að innkaupum loknum og því engin þörf að fara á kassa. Þetta sparar viðskiptavininum mörg handtök við að tína vörur í og úr körfu, og svo verða raðir úr sögunni!

Það er ekki hægt að ræða áskoranir án þess að minnast á faraldurinn sem nú geisar. Helsta áskorunin þessa stundina verður að hemja útbreiðslu COVID-19 án þess að það hafi of skaðleg áhrif á hagkerfið. Mörg heimili hafa misst að hluta til eða allar tekjur sínar í kjölfar faraldursins og það er mikilvægt að koma til móts við þann hóp. Mín skoðun er sú að það sé ekki eingöngu á borði stjórnvalda, fyrirtækjum, sem hafa bolmagn til, ber skylda til að sýna ábyrgð í verki. Við í Krónunni höfum brugðist við með því að halda vel utan um okkar starfsfólk sem hefur verið undir miklu álagi síðan faraldurinn hófst, meðal annars með því að bjóða því upp á sálfræðiaðstoð. Við höfum lagt mikla áherslu á að gera verslanir okkar eins öruggar og kostur er meðal annars með því að sótthreinsa snertifleti og bjóða upp á hanska. Við höfum einnig lagt okkur fram um að auka enn meira við úrvalið á nauðsynjavöru í lægsta verðflokki og styrktum Fjölskylduhjálp og Hjálpræðisherinn til matarúthlutana.

Faraldurinn svipti hulunni af því hvað hagkerfi heimsins eru viðkvæm fyrir tímabundnu hruni í eftirspurn, nokkuð sem kemur kannski ekki á óvart en flækir enn meira baráttuna við umhverfisvána. Það verður áskorun næstu áratuga að breyta neysluvenjum þannig að þær gangi ekki svona nærri auðlindum jarðar.

Hlutverk fjárhagsupplýsingastofu í ábyrgum lánveitingum

Dagný Dögg Franklínsdóttir
forstöðumaður viðskiptastýringar Creditinfo

Flest viljum við geta gengið frá kaupum á bíl, leigutryggingu eða greiðslumati hratt og vel. Fengið bílalán eða leigutryggingu stafrænt og í rauntíma. Til þess að það sé hægt þarf að byggja upp traust á milli skuldara og lánveitanda hratt og örugglega. Þetta traust byggist á fjárhagsgögnum svo sem greiðslusögu og skilvísi, fyrri vanskilum og góðri viðskiptasögu við aðra lánveitendur.

Sæki einstaklingur um lán, ber lánveitandanum, samkvæmt lögum um neytendalán, að meta lánshæfi viðkomandi. Þannig hvílir sú skylda á lánveitendum að skoða gögn um einstaklinginn sem skuldara og meta getu hans á að standa í skilum, eða óska eftir tryggingu fyrir greiðslum. Í samræmi við lög um neytendalán byggir lánshæfismat á viðskiptasögu og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Í þeim tilfellum þar sem lán fer yfir tvær milljónir ber lánveitendum, samkvæmt lögum um neytendalán, að framkvæma greiðslumat til viðbótar við lánshæfismat. Í greiðslumati er greiðslugeta á mánuði metin út frá tekjum, skuldbindingum og kostnaði og tekur lánveitandi ákvörðun um lánveitingu í kjölfar greiðslumats. Munurinn á greiðslumati og lánshæfismati er því í grófum dráttum sá að greiðslumat metur mánaðarlega greiðslugetu einstaklings á meðan lánshæfismat spáir fyrir um líkurnar á að einstaklingur fari í vanskil í náinni framtíð. Vinnsla lánshæfis- og greiðslumats stuðlar þannig að ábyrgum lánveitingum, betri væntum endurheimtum fyrir lánveitendur og betri kjörum fyrir skilvísa lántakendur.

Lánveitendur mega samkvæmt lögum ekki lána ef greiðslugeta, eða mat á lánshæfi einstaklings, sýnir fram á að hann sé mögulega ekki borgunarmaður fyrir skuldinni. Vanskilaskrá er mikilvæg sýn á umfang vanskila og er heimilt að skrá vanskil einstaklinga og fyrirtækja sem staðið hafa yfir í 40 daga eða meira, þar sem heimild til skráningar liggur fyrir eða opinberar innheimtuaðgerðir. Ef lán væru veitt áhættumeiri einstaklingum myndi það hratt skila sér í verri kjörum fyrir skilvísa skuldara og mögulega minna framboði fjármagns og stífari útlánareglum. Hins vegar geta góð og traust gögn verið grundvöllur þess að hægt er að auka og auðvelda aðgengi að fjármagni á betri kjörum en ella.

Þróað og vanþróað fjármálakerfi

Í þróuðu fjármálakerfi eru allir lántakar metnir á sömu forsendum og haldbærum og traustum gögnum. Í vanþróuðum fjármálakerfum eru tengsl við rétta aðila oft forsenda lánveitinga, en þar er gjarnan skortur á haldbærum gögnum. Creditinfo starfrækir 25 fjárhagsupplýsingastofur (e. credit bureau) í fjórum heimsálfum. Í samstarfi við World Bank og IFC hefur Creditinfo hafið starfsemi á mörkuðum út um allan heim, meðal annars í Kenía, Srí Lanka, Óman og Jamaíka. Félagið vinnur markvisst að því að auka fjárhagslega þátttöku (e. financial inclusion) minni og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga á jaðarmörkuðum með því að halda utan um og veita fjárhags- og viðskiptaupplýsingar þar sem þær hafa verið af skornum skammti.

> **Ef lán væru veitt áhættumeiri einstaklingum myndi það hratt skila sér í verri kjörum fyrir skilvísa skuldara.**

Sjálfvirknivæðing á ljóshraða

Það er ekki langt síðan það tók nokkrar vikur og allt upp í mánuði að fara í greiðslumat. Þá þurfti lántakinn að safna gögnum um sig hjá fjölda fyrirtækja og stofnana og fara með til viðkomandi lánveitanda. Nú tekur sama ferli örfáar mínútur og fer fram rafrænt. Gott aðgengi að miðlægum gögnum gerir það jafnframt að verkum að nú er mögulegt að sækja um fyrirgreiðslu hjá lánveitendum og fyrirtækjum sem eiga litla eða enga sögu um einstaklinginn. Þannig má segja að aðgengileg gögn um lántaka ýti undir virka samkeppni og betri kjör á lánamarkaði.

Sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni er þróun sem hefur verið á ljóshraða á síðustu árum en við aðstæður eins og í dag, heimsfaraldur þar sem samkomubann er við lýði, er þetta enn mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Creditinfo hefur sérhæft sig í sjálfvirknivæðingu ákvarðanatöku við lánveitingar. Þessar ákvarðanir byggja á lagalegum grunni, traustum gögnum og rýndum ferlum. Aðgengi að góðum og traustum gögnum er því nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að tryggja aukna sjálfvirknivæðingu og ábyrgar lánveitingar.

Jafnaðu þig hjá Orkunni

Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!

Lykil- og korthafar skrá sig í kolefnisjöfnun á orkan.is

7 króna afsláttur af hverjum lítra fer í kolefnisjöfnun

Votlendissjóðurinn kolefnisjafnar þitt framlag

Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Skotsilfur

Í stjórn lónsins

Stokkað var upp í stjórn Bláa lónsins á aðalfundi félagsins í síðustu viku. **Sigríður Margrét Oddsdóttir**, forstjóri Lyfju, kom þá ný inn í stjórn í stað Liv Bergþórsdóttur, sem hafði aðeins setið í stjórninni í tæplega eitt ár, en hún tók nýlega við starfi forstjóra ORF Líftækni. Þá höfðu Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota og stjórnarformaður Icelandair Group, og Ragnar Guðmundsson, meðeigandi á lögmannsstofunni Advel, sætaskipti þar sem Ragnar kom inn sem aðalmaður í stjórn félagsins en Úlfar er á ný orðinn varamaður í stjórn. Aðrir stjórnarmenn eru Helgi Magnússon, Ágústa Johnson og Steinar Helgason.

Fór aldrei burt

Á síðustu árum hafa íslenskir raforkuframleiðendur unnið að því að draga úr álverðstengingu í sölusamningum sínum og frekar viljað líta til fastverðssamninga tengda við neysluverðsvísitölur eða raforkuverðs á meginlandi Evrópu. Rökin sem færð eru fyrir því eru skiljanleg. Nú gefur hins vegar á bátinn hjá stórkaupendum rafmagns á Íslandi, meðal annars vegna lækkandi álverðs. Fyrir vikið fá þeir afslátt af raforkuverði frá Landsvirkjun, sem er stýrt af **Herði Arnarsyni**. Fór þá álverðstengingin einhvern tíma burt?

Ekki í steininn

Frjálslyndu þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu átt að taka fagnandi frumvarpi **Halldóru Mogensen** Pírata um afnám refsingar við vörslu neysluskammta fíkniefna. Því miður nýttu þingmennirnir ekki tækifærið til að ljá þessari réttarbót lið. Frjálslyndir Sjálfstæðismenn hafa lengi verið sömu skoðunar og Halldóra. Í stefnuskrá flokksins segir að fíkniefni séu heilbrigðisvandi, ekki löggæsluvandi. Bjarni Benediktsson sagðist hafa viljað að tillagan kæmi úr stjórnkerfinu. Þá er um að gera að þingmenn og ráðherrar flokksins beiti sér fyrir að svo verði sem allra fyrst.

Afríka ekki í verri stöðu síðan á áttunda áratugnum

Afríka mun þurfa á mikilli fjárhagsaðstoð að halda, til að forðast „langvarandi, hræðilegar afleiðingar vegna COVID-19“, sagði Kristalina Georgieva, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sjóðurinn spáir 3,2 prósenta samdrætti í heimsálfunni. „Afríka hefur ekki fengið svona þungt högg síðan á áttunda áratugnum,“ sagði hún. Á undanförnum árum hafa hagkerfi sumra landa í heimsálfunni vaxið hratt, eins og Gana og Rúanda. MYND/AFP

Fyrirtæki í forystu að minnka losun gróðurhúsalofttegunda

Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Fyrirtækin í landinu munu eiga mestan þátt í að ná markmiðum Íslands um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum. Verulega hefur dregið úr kolefnisfótspori sjávarútvegsins síðustu áratugi og sú þróun mun halda áfram með tækniþróun, betri stýringu veiða og aukinni áherslu á verðmætasköpun. Áliðnaðurinn er þegar í fremstu röð fyrirtækja í heiminum og uppfyllir strömgustu viðmið um losun kolefnis á hvert tonn sem framleitt er.

Fyrirtækin í landinu, hvert fyrir sig, leitast við að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi sinni, minnka losun, draga úr myndun úrgangs, bæta nýtingu aðfanga, minnka sóun og stunda sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þau beita sér sömuleiðis fyrir landgræðslu og skógrækt, til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda og leggja verulega fjármuni til þess.

Í síðustu viku birtu stjórnvöld aðgerðaáætlun þar sem sett er markmið um samdrátt í losun til ársins 2030 og um kolefnishlutleysi árið 2040. Þessi áætlun er mun betur unnin og vandaðri en sú sem birt var 2018. Atvinnulífið hefur stutt almennar aðgerðir stjórnvalda til að vinna gegn loftslagsbreytingum og losun gróðurhúsalofttegunda og mun gera það áfram.

Ísland, ESB og Noregur hafa komið sér saman um sameiginleg markmið til að uppfylla skuldbindingar gagnvart Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Í ríkjunum er skuldbindingum skipt í tvo hluta.

Annars vegar er losun frá orkufrekum iðnaði sem fellur undir svo kallað ETS-kerfi, þar sem losunin er talin fram sameiginlega í öllum ríkjunum og á að minnka um 43% til 2030, frá árinu 2005. Vegna þess að kerfið er samevrópskt og að ekki er ætlunin að stöðva iðnþróun í Evrópu, er búið til svigrúm til að ný fyrirtæki geti hafið starfsemi. En í heildina er gert ráð fyrir að nýsköpun og tækniþróun, ásamt úreldingu eldri fyrirtækja, muni leiða til samdráttar í losun. Þessi fyrirtæki fá úthlutað losunarheimildum sem fækkar smám saman, þær verða dýrari og þessir þættir knýja fram minni losun jafnt og þétt.

> **Í heildina er gert ráð fyrir að nýsköpun og tækniþróun, ásamt úreldingu eldri fyrirtækja, muni leiða til samdráttar í losun.**

Hins vegar er svo almenn starfsemi innanlands. Í aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir mestum samdrætti losunar frá sjávarútvegi, jarðhitavirkjunum, orkufrekum iðnaði og ýmissi annarri starfsemi. Það verða því fyrirtækin sem draga vagninn til að uppfylla skuldbindingar og markmið Íslands í loftslagsmálum, bæði til 2030 og einnig til lengri tíma. Almenningur mun draga úr losun eftir því sem samgöngur breytast. Orkuskipti, vistvænir bílar, almenningssamgöngur, hjólreiðar og aðrir vistvænir samgönguhættir skipta miklu.

Í aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir skattheimtu til að hvetja fólk og fyrirtæki til að breyta sínum háttum. En gæta þarf þess að skattheimta skili raunverulegum árangri. Það virðast til dæmis ekki mikil tengsl milli kolefnisgjalds og losunar. Í áætluninni kemur einnig fram að leggja eigi á svo kallaðan urðunarskatt og þá þarf að liggja fyrir að skattheimtan muni í raun skila því sem ætlað er, en verði ekki einungis enn einn skattur til ríkissjóðs án tengsla við umhverfisáhrif.

Á mörgum sviðum mun þróunin á Íslandi byggja á alþjóðlegri þróun, s.s. við að minnka losun við þungaflutninga, þróun eldsneytis og vélbúnaðar fyrir fiskiskip og flugvélar og innleiðingu nýrrar tækni við álframleiðslu og aðra stóriðju.

Þó það teljist ekki til losunar Íslands, hefði verið gaman að sjá lagt mat á áhrif verkefna sem íslensk fyrirtæki hafa staðið fyrir erlendis s.s. jarðhitaverkefni víða um heim, virkjanir og uppbyggingu þekkingar og yfirfærslu tækni og reynslu, þar sem hennar hefur verið þörf. Þarna er um að ræða stórar tölur sem gætu verið upplýsandi í þessu samhengi.

Lán á tímum heimsfaraldurs

Katrín Júlíusdóttir framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Fjölmiðlar hafa undanfarið fjallað um stöðu lánveitinga með ríkisábyrgð. Alþingi samþykkti umgjörð og skilyrði fyrir veitingu slíkra lána nú á vordögum og því ekki óeðlilegt að spurt sé um afdrif þessara lána. Áhrif heimsfaraldursins á starfsemi fyrirtækja hafa verið þó nokkur og enn umlykur óvissa um nánustu framtíð talsverðan fjölda þeirra. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að fyrirtæki grípi til allra mögulegra úrræða og ráðstafana, áður en ákvarðanir um aukna skuldsetningu með frekari lántökum eru teknar. Fyrirtæki og heimili hafa til að mynda í töluverðum mæli nýtt sér úrræði á borð við greiðslufresti lána hjá lánveitendum og hafa þúsundir skilmálabreytinga vegna lána verið gerðar síðan í mars.

Viðbótarlán

Í einum af fyrstu aðgerðapökkum ríkisstjórnarinnar voru kynnt viðbótarlán til fyrirtækja með 70 prósenta ríkisábyrgð. Fljótlega eftir að þau voru kynnt varð ljóst að meira þyrfti að koma til, þar sem upp teiknuðust dekkri sviðsmyndir í viku hverri, með tilheyrandi ferðatakmörkunum og samkomubanni. Því kynntu stjórnvöld fjölda annarra úrræða fyrir fyrirtæki og starfsfólk þeirra. Með framlengingu hlutabótaleiðar, stuðningi við greiðslu launa á uppsagnarfresti, lokunarstyrkjum, stuðningslánum og fleiri úrræðum, dró úr eftirspurn eftir viðbótarlánum með 70 prósenta ríkisábyrgð. Viðbótarlánaúrræðið stendur þó til boða hjá bönkunum og eru fyrstu lánveitingarnar í matsferli.

Stuðningslán

Eftir að útfærsla og skilyrði stuðningslána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja lá fyrir, með samþykkt laga á Alþingi nú í maí, hefur verið unnið hörðum höndum að undirbúningi á afgreiðslu þeirra. Bankar og sparisjóðir eru tilbúnir og hafa stjórnvöld unnið að uppsetningu á umsóknargátt vegna lánveitinganna. Hefur stór hluti undirbúningsins falið í sér uppsetningu á rafrænu staðfestingarferli hjá Skattinum, á að fyrirtæki uppfylli grunnskilyrði til lánveitingar. Nú standa yfir tæknilegar prófanir á umsóknar - og afgreiðsluferlinum og má vænta þess að opnað verði fyrir umsóknir innan skamms. Mikilvægt er að afgreiðsla lánveitinganna geti gengið snurðulaust fyrir sig og má hrósa stjórnvöldum og Ísland.is fyrir þær stórstígu framfarir sem nú eru að verða í veitingu stafrænnar, opinberrar þjónustu.

Met í útlánum til heimila

Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu fjármálafyrirtækja á undanförnum mánuðum. Þannig hefur mikil útlánaaukning verið hjá bönkunum, ekki síst til heimila vegna fasteignakaupa og endurfjármögnunar húsnæðislána. Heimilin eru að nýta sér hagstæð kjör sem þeim standa til boða og ná þannig í mörgum tilfellum að lækka greiðslubyrði lána sinna. Stafrænar lausnir hafa jafnframt gert þennan feril einfaldan og aðgengilegan og ljóst að heimilin fylgjast vel með tækifærum til hagræðingar á húsnæðislánamarkaði.

Beltone **Amaze**™

Jafnvel þögnin verður verðmætari

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir þögnina á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. júlí 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson

Gæti farið illa

Inngrip stjórnvalda í atvinnulífið eiga það til að hafa ófyrirséðar afleiðingar. Og ekki til góðs. Þingsályktunartillaga Pírata, um að innkalla aflaheimildir á 20 árum og bjóða þær aftur til sölu, er gott dæmi um það. Mikil hætta er á að ef öflugs sjávarútvegs myndi ekki njóta við, myndi halla undir fæti í nýsköpun hér á landi. Samkeppnisforskot þjóðarinnar í tækni liggur í þjónustu við sjávarútveg.

Þannig er mál með vexti að mörg af okkar glæsilegustu nýsköpunarfyrirtækjum starfa í sjávarútvegi. Þau hafa getað þróað vörur í samstarfi við útgerðir sem eru öflug útflutningsfyrirtæki. Án nálægðar við öflug sjávarútvegsfyrirtæki sem kaupa tækni til að bæta reksturinn, þökk sé kvótakerfinu, hefðu þau aldrei orðið jafn myndarleg og raunin er.

Stjórnmálamenn verða að hafa grundvallarskilning á aðstæðum í atvinnulífinu og rífa ekki niður þá styrkleika sem fámennt eyríki býr að. Ekki er hægt að ganga að þróttmiklum hagkerfum vísum, jafnvel þótt þau byggi á náttúruauðlindum. Alþekkt er að mörg hagkerfi sem búa yfir miklum auðlindum vaxa hægar, en önnur búa ekki jafnvel hvað það varðar. Það er kallað auðlindabölvunin.

Þess vegna má ekki ganga að því vísu að á Íslandi sé hagsæld þökk sé silfri hafsins. Kvótakerfið, sem leiddi til mikillar hagræðingar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, hefur meðal annars leitt til þess að hagvöxtur var engu að síður mikill hér á landi um árabil.

Auðlindir munu ekki knýja hagkerfið áfram á næstu áratugum, heldur þurfa tæknigreinar að draga vagninn. Þess vegna þarf að skapa tæknifyrirtækjum góðar aðstæður. Margir þurfa að sætta sig við að leiðin fram á við er að tryggja getu sjávarútvegs til að fjárfesta ríkulega í tækni.

Missi útgerðir aflaheimildir á næstu tveimur áratugum, mun það draga úr vilja þeirra til að fjárfesta í nýjum tækjum. Ef útgerðirnar þurfa að kaupa á nýjan leik aflaheimildir, munu þær hafa minna úr að moða til að fjárfesta í rekstrinum. Tillaga Pírata mun því draga úr nýsköpun á þessu sviði.

Hér er horft fram hjá því að sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur hér á landi og þingmennirnir kjósa að sækja að honum í mestu kreppu í hundrað ár.

Að sjálfsögðu mun frumvarp Pírata hvorki komast lönd né strönd. Það er aftur á móti mikilvægt að benda á hætturnar sem í því felast.

Svana nýr formaður Controlant

Svana Gunnarsdóttir, Kristín Friðgeirsdóttir og Frosti Ólafsson voru kjörin ný í stjórn hjá Controlant í síðustu viku. Þau taka sæti Eggerts Claessen, sem er fjárfestingastjóri Frumtaks, Baldurs Guðlaugssonar og Bessa Gíslasonar.



Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks

Svana, sem verður stjórnarformaður Controlant, er framkvæmdastjóri Frumtak Ventures. Félagið rekur Frumtakssjóðina, sem eru stærstu hluthafar í Controlant. Kristín er stjórnendaráðgjafi, prófessor við London Business School og fyrrverandi stjórnarformaður Haga. Frosti Ólafsson er fyrrverandi framkvæmdastjóri Orf líftækni og Viðskiptaráðs, en starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi, auk þess að sitja í stjórn Íslandsbanka og Háskólans í Reykjavík.

Auk þeirra sitja áfram í stjórn Ingi Guðjónsson, lyfjafræðingur og fjárfestir, og Trausti Þórmundsson, einn stofnenda Controlant.

Controlant er hátæknifyrirtæki sem vaktar hitastig og staðsetningu lyfja og annarra viðkvæmra vara í flutningi milli landa. **– hvj**

30.06.2020

Ég held að Björn Þorvaldsson, sem er búinn að fá ansi marga bankamenn dæmda í fangelsi, eftir að hafa saumað að þeim, mætti nú alveg prófa að vera einu sinni spurður spjörunum úr og hafi nú bara gott af því.

Arnar Þór Stefánsson, hæstaréttarlögmaður á LEX

Fylgstu með á Hringbraut

Kynntu þér alla dagskrána á hringbraut.is

21
frétta- og umræðuþáttur með áherslu á pólitík, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

Bærinn minn
Þáttaröð um þá töfra sem bæjarfélögin á Íslandi hafa upp á að bjóða.

Bílalíf
Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

Eldhugar
Færir viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

Fasteignir og heimili
Upplýsandi og fróðlegur þáttur um fasteignir, heimili og húsráð af öllu tagi.

Helgarviðtalið
Björk Eiðsdóttir, ritstjóri helgarblaðs Fréttablaðsins, fer dýpra í efnistök blaðsins.

Hugleiðsla
Auður Bjarnadóttir leiðir kennir landsmönnum að anda léttar, slaka á, njóta stundarinnar fólk í þá líðan sem það á skilið.

Mannamál
Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi, opinskár og hispurslaus.

Suðurnesjamagasín
Skoðar mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar suður með sjó.

Saga og samfélag
Fer með áhorfendur fram og aftur tímann í íslenskum fræðum og menningu.

Undir yfirborðið
Varpar ljósi á allt það sérstæða í lífinu sem stundum er falið og fordæmt.

Viðskipti með Jóni G
Fréttatengdur þáttur sem tekur púlsinn á íslensku viðskiptalífi.

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA, LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA

HRINGBRAUT

Aðgengi að hljóði með Jenile

Heyrnarskerðing er lítið mál með Jenile-aðgengistækjum að hljóði. Tækjunum er ætlað að veita fólki sem á við heyrnarmein að etja aðgengi að hljóðinu í nánasta umhverfi sínu dagsdaglega. Jenile-tækin eru ný á Íslandi en þau senda viðvörun til notenda í formi blikkljósa eða titrings.

Jenile-tækin virka þannig að til dæmis þegar gestur kemur í heimsókn og ýtir á dyrabjöllu – þá sendir dyrabjallan strax viðvörun í blikkljósakubbinn, blikkljósainnstunguna, titrarapúðann og/eða vasasnertititrara-tækið. Eins senda tækin frá sér blikkljós og/eða titring ef þau nema barnsgrát, þegar síminn hringir eða reykskynjarinn vælir, svo dæmi séu nefnd.

„Það er ekki hægt að velta öllu á heyrnartækin sjálf, eðlileg viðvörun til fólks sem ekki heyrir í einhverju er ljós og titringur," segir Sigurlín Margrét Sigurðardóttir starfsmaður Leó ehf. sem er með umboð fyrir Jenile á Íslandi.

„Sumir segja að heyrnartækin séu svar við öllu og hjálpi notendunum að heyra allt, en það kemur sú stund að þá langar til að fá hvíld frá heyrnartækjum heima við. Þá eru Jenile-tækin góð. Þau eru líka góð til að friðhelgi einstaklings með heyrnarskerðingu sé virt. Hann hefur tæknina til þess að „heyra" á sínum forsendum."

Dæmi um það sem notandinn vill heyra í:

- Dyrabjalla
- Vekjaraklukka
- Reykskynjari
- Barn að gráta/kalla
- Þegar fjölskyldumeðlimur kallar
- Símhringing
- Sms-skilaboð
- Tilkynning frá samfélagsmiðli

Til að geta vitað hvenær þessi tæki gefa frá sér hljóð þarf notandinn að hafa:

- Tæki til að nema hljóð frá dyrasímahátalara inni í íbúðinni
- Dyrabjöllu við hurðina á ganginum/sérinngangi (vatnsheld)
- Vekjaraklukkupakkann (hægt að nota til að ferðast með og hafa heima)
- Grænan titrarapúða
- Reykskynjara
- Trúðinn til að nema barnsgrát
- Kalla kallhnapp (fyrir fjölskyldumeðlim til að kalla á þann heyrnarskerta)
- Símatækið – SMS blikkara
- Blikkljósainnstungu
- Blikkljóskubbinn
- Vasasnertititrara og hleðslutæki
- Hleðsluinnstungu fyrir tvö tæki

Sigurlín Margrét segir að öll tækin séu þráðlaus og láti lítið fyrir sér fara í íbúðinni.

Tækin senda frá sér mismunandi lituð ljós

„Þegar sá sem á við heyrnarmein að etja er með barn á heimilinu er trúðurinn staðsettur hjá barninu. Oft er hann hengdur upp við rúmið eða festur við rúmgaflinn. Trúðurinn nemur barnsgrát og sendir viðvörun til tækjanna. Til dæmis til vasasnertititrarans, í blikkljósinnstunguna, eða í titrarapúðann. Þegar foreldrarnir sofa titrar púðinn ef barnið grætur og þau vakna við það," útskýrir Sigurlín Margrét.

„Seinna þegar barnið eldist þá venst það þessu og fer sjálfkrafa að fatta hvað trúðurinn gerir. Þá getur barnið um 1-2 ára aldur farið sjálft að ýta á trúðinn og mamma, pabbi, barnapössunin eða systkini sem ekki heyra koma til þess."

Jenile-aðgengistækin eru líka hönnuð með það í huga að börn sem eiga við hvers konar heyrnarskerðingu að etja geti fylgst með

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Magnús Sverrisson eigandi Leó ehf. Á milli þeirra sést Jenile-blikkljósainnstungan blikka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hefðbundinn Jenile-heimilispakki og reykskynjari að auki.

Barnavaktarpakkinn, heimilispakkinn auk einstakra aðgengistækja.

> **Tækin gefa öll frá sér viðvörun í formi blikkljóss og titrings. Blikkljósin eru mismunandi á litinn eftir því hvaða hljóðið kemur.**

þeim hljóðum sem almennt heyrast á heimili þess og látið heyrandi fjölskyldumeðlimi vita af þeim.

„Döff börn eiga fullan rétt á að vita af þessum „heimilishljóðum". Það ýtir undir sjálfstæði þeirra og þau finna fyrir öryggistilfinningu á heimilinu," segir Sigurlín Margrét.

„Tækin gefa öll frá sér viðvörun í formi blikkljóss og titrings. Blikkljósin eru mismunandi á litinn eftir því hvaðan hljóðið kemur. Grænt er fyrir dyrabjöllu. Blátt er fyrir barnsgrát, kallhnappinn og hreyfiskynjarann, rautt er fyrir reykskynjarann og fjólublátt fyrir sms-blikkarann sem gefur viðvörun þegar síminn hringir eða þegar skilaboð frá samfélagsmiðlum berast í símann."

Tækin hafa bjargað mannslífum

„Það hefur komið fyrir að Kalli kallhnappurinn hafi bjargað mannslífum. Það er ekki mjög langt síðan frönsk hjón sem bæði heyra illa og ekkert án heyrnartækja voru sofandi. Konan vaknar um nótt og þarf á baðherbergið sem er niðri. Það vill svo illa til að hún misstígur sig í þrepunum og fellur niður stigann. Hún gat ekki með neinu móti látið vita af sér en þau voru ein í húsinu. Ef hún hefði haft kallhnappinn á sér þá hefði maðurinn hennar strax vaknað og náð í hjálp. En í þessu tilfelli beið konan lengi eftir hjálp á gólfinu með lærbrot," segir Sigurlín Margrét.

„Kalli-kallhnappurinn gefur öryggi innan heimilisins. Þegar notandi er með kallhnapp eða bregst við viðvörun frá kallhnappi er hann meðvitaður um sína ábyrgð sem sjálfstæður einstaklingur og er ekki upp á aðra kominn með að hjálpa honum að heyra. Það er pirrandi fyrir fólk sem ekki heyrir að vera sífellt minnt á að heyra ekki – Jenile-aðgengistækin gera fólki með heyrnarskerðingu eða þeim sem eiga við heyrnarmein að etja kleift að standa sína plikt og gera það á sínum forsendum."

Fólk með heyrnarmein getur snúið sér til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands vegna kaupa á hjálparbúnaði eins og til dæmis Jenile. Þeim sem eiga rétt á niðurgreiðslu eða vilja kanna rétt sinn er bent á að hafa samband við starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands í gegnum netfangið hti@hti.is.

Nánari upplýsingar um Jenile-tækin má finna á vefsíðunni jenile.is, á Instagram undir nafninu jenile_island og á Facebook undir Jenile Ísland. Einnig má senda póst á info@jenile.is.

Varnir gegn nýjum skaðvaldi

Í lok júní árið 2015 bar á óvæntum bitvargi í Hvalfjarðarsveit. Fram til þessa voru einu þekktu blóðsugurnar hér á landi bitmý, flær, hárlús og veggjalýs, en hér var nú mættur nýr skaðvaldur.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Bitvargurinn reyndist vera agnarsmátt lúsmý, nánar tiltekið (Culicoides reconditus). Vakti það mikla furðu því alla jafna var lúsmý hér á landi ekki þekkt fyrir að sjúga blóð. Mögulegt er að breytingar á veðurfari hafið orðið þess valdandi að lúsmýið, sem var hér fyrir, hafi náð yfir ákveðinn þröskuld og aldeilis komist í feitt.

Flugtími lúsmýsins er frá því snemma í júní til loka ágúst. Það er hvergi aufúsugestur, enda skaðvaldur mikill því þessi tiltekna tegund er blóðsuga á mönnum og öðrum spendýrum. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun þarf kvendýrið blóð til að þroska egg sín en annars eru lífshættir tegundarinnar nánast óþekktir.

Bólur og útbrot með tilheyrandi óbærilegum kláða koma fram stuttu eftir bit og geta staðið yfir í nokkra daga. Gott er að kæla bólgin svæði í um tíu mínútur. Einnig getur það dregið úr bólgumyndun að hafa hærra undir höndum og fótum ef bit eru þar. Ráðlegt er svo að bera kælikrem eða þunnt lag af sterakremi á húðina, ef kláðinn er óbærilegur, og jafnvel taka inn ofnæmislyf.

Sumir verða illa bitnir af lúsmýinu og einkennin geta varað í nokkra daga.

» Lúsmýið virðist dafna best í efri sveitum en á erfiðara uppdráttar við sjó þar sem er vindasamara. Þéttvaxinn garðagróður í byggð skapar skjól og hagstæð lífsskilyrði fyrir lúsmý.

Þolir ekki rokið

Lúsmýið umrædda hefur verið viðloðandi suma landshluta fremur en aðra, og má þar nefna Suðurlandið og upp í Borgarfjörð sem og austur í Fljótshlíð. Lúsmýið virðist dafna best í efri sveitum en á erfiðara uppdráttar við sjó þar sem er vindasamara. Þéttvaxinn garðagróður í byggð skapar skjól og hagstæð lífsskilyrði fyrir lúsmý.

Hvað er til ráða?

Lúsmý leggst helst á fólk í svefni og sækir inn um opna glugga á kvöldin og nóttunni. Þá skynjar flugan koltvísýring frá útöndun fólks og staðsetur þannig blóðgjafa sinn. Líkamshlutar sem standa berir út undan sængum gefa sóknarfæri og því er ráðlegt að sofa í náttfötum og sokkum. Buxurnar eru þá girtar ofan í sokkana og skyrtan ofan í buxnastrenginn. Best er ef ermarnar eru þröngar.

Skordýravörn sem sett er á húð og föt getur hjálpað. Vörn sem inniheldur 50 prósent DEET (diethyltoluamide) er áhrifaríkust. Fyrir börn má skordýravörn þó ekki innihalda meira en 10 prósent af DEET.

Til að verjast lúsmýi enn frekar er ráðlegt að hafa glugga lokaða. Einnig má líma mjög fínriðið gardínuefni fyrir opnanleg fög á flugtíma mýsins. Vifta sem heldur lofti á hreyfingu í svefnherbergi kann að hjálpa sem og vifta sem blæs út á móti opnum gluggum.

Hollusta á diskinn

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Þegar það eru góðir sumardagar langar mann oft í eitthvað létt og sumarlegt. Hér koma nokkrar hugmyndir. Þetta eru hollir réttir sem flestir geta gert á fljótlegan hátt.

Salat frá Mið-Austurlöndum

Þetta salat á ættir að rekja til Mið-Austurlanda og kallast Fattoush-salat en agúrka og radísur setja svip sinn á það. Salatið þykir mjög gott með grillmat en uppskriftin miðast við tvo. Það eru fáar hitaeiningar í þessu salati og þess vegna er óhætt að borða vel af því.

- 100 g romain-salat
- 50 g fetaostur
- 5 litlar agúrkur
- 5 radísur
- 5 kirsuberjatómatar
- ½ rauðlaukur
- 1 tortilla-kaka

Dressing

- 2 msk. ólífuolía
- 2 msk. granateplasafi
- Safi úr hálfri sítrónu
- 2 stór hvítlauksrif
- 1 msk. fersk minta, smátt skorin
- 1 tsk. sumac-krydd
- Salt og pipar

Hitið ofninn í 180°C og klippið tortilla-kökuna niður í litla þríhyrninga. Leggið á bökunarpappír á ofnplötu og penslið bitana með olíu. Bakið í ofni í 4-5 mínútur eða þar til bitarnir verða stökkir.

Setjið salatið á disk, skerið niður tómatana, laukinn og radísur. Sáldrið fetaostinum yfir. Þá er tortilla-bitunum dreift yfir.

Blandið vel öllu því sem á að fara í dressinguna og hellið yfir salatið.

Fattoush-salat á ættir sínar að rekja til Mið-Austurlanda.

Hollt kartöflusalat

Það þarf ekki að vera majónes í kartöflusalati. Hér er hollt og gott kartöflusalat sem passar vel bæði með grilluðum mat eða bara soðnum eða steiktum fiski. Uppskriftin ætti að duga fyrir fjóra.

- ½ kg nýjar soðnar kartöflur
- 1 poki klettasalat
- 1 pakki kirsuberjatómatar
- 1 búnt radísur
- 3 vorlaukar

Dressing

- 3 skalottlaukar, smátt skornir
- 1 búnt vorlaukar, smátt skornir
- 3 msk. ólífuolía
- 2 msk. vatn
- 1 msk. sítrónusafi
- Salt og pipar

Sjóðið kartöflur í léttsöltuðu vatni. Kælið. Skerið allt grænmetið niður og setjið í skál ásamt kartöflunum. Hrærið allt varlega saman. Blandið dressingunni saman við.

Taco með grænmeti

Væri ekki ágætt að taka sér kjötlausan dag og borða taco eingöngu með grænmeti? Hér er uppskrift að góðum rétti.

- 2 sætar kartöflur
- 2 msk. Fivespice-krydd
- 2 vel þroskaðar lárperur
- 1 límóna, safinn
- 1 búnt ferskt kóríander
- 1 þroskað mangó
- 1 granatepli
- 1 rauður chilli-pipar
- Jómfrúarolía
- 12 litlar tortilla-kökur

Skrælið sætu kartöflurnar og skerið í litla bita. Kryddið þá með Fivespice-kryddinu og steikið í olíu þar til þær verða mjúkar.

Lárperumauk

Búið til lárperumauk með því að mauka lárperurnar með límónusafa og setja smávegis kóríander með og klípu af salti.

Mangó-salsa

Skerið mangó í litla bita og setjið í skál. Setjið granateplafræin saman við ásamt chilli-pipar og jómfrúarolíu. Restin af kóríander fer síðan saman við.

Ristið tortilla-kökurnar á þurri pönnu. Á hverja köku er sett lárperumauk, sætar kartöflur og mangó-salsa. Það er gott að setja sultaðan rauðlauk með og smávegis af sýrðum rjóma. Hafið salt og límónubita til hliðar. Hver og einn getur þá fengið sér eftir smekk.

LAXDAL SUMARÚTSALAN HAFIN ALLT

AÐ 50% AFSLÁTTUR

GÆÐAMERKJAVARA Á EINSTÖKU VERÐI

SUMARYFIRHAFNIR

FERÐAJAKKAR-FRAKKAR- SUMARKÁPUR-HEILSÁRSKÁPUR

Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bíla & FerðavagnaMarkaður

LMC 560 Dominant árg 2006.b 230 cm. Nýskoðað,uppblásið fortjald,sólarsella,markísa með hliðum, sjónvarp,cd,eitt með öllu,tilbúið í útileguna.verð 2.390.000 kr. uppl.s: 6592452.

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfða í húsn. Bílalindar,
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

Bílar til sölu

ORIGINAL HÚSBÍLL!
Benz 307 1981 díesel, fornbíll,ekinn 230þ.km. original innrétting,þarf smá klapp! sendi myndir. Verð 400þ. uppl. s: 820-5181

Hjólhýsi

HJOLHYSI.COM
Sumarsýningu lýkur laugardaginn 4 júlí.
Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í upplásið fortjald á frábæru verði.
Lima 300 Verð:149.000 kr.
Passar einnig vel á 10 -12 feta fellihýsi.
Innifalið í verði: Allir helstu aukahlutir
Bæjarhraun 24
Sími: 8634449
Netfang: www.hjolhysi.com

kriben@simnet.is

www.facebook.com/hjolhysi

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Hekkklipping og umsjón grasflata fyrir sumarið !!! Sími: 7600231.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í Stórholti. Uppl. 8993749

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Aðstoðarskólastjóri

Bláskógaskóli, Reykholti

Staða aðstoðarskólastjóra Bláskógaskóla Reykholti er laus til umsóknar. Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru 83 nemendur og þar starfa 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing-Vellíðan-Samvinna.

Bláskógaskóli í Reykholti er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólann Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla á Laugarvatni og Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samstarfi við skólastjóra og í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Vera staðgengill skólastjóra.
- Veita markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna og vera leiðandi í teymiskennslu skólans.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Leyfisbréf grunnskólakennara og farsæl kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í samstarfi er skilyrði.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á skólaþróun.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Starfshlutfall er 100%. Umsókn fylgi kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2020. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020 eða síðar eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, viðtakandi skólastjóri, í síma 847 5353.
Umsókn ásamt fylgigögnum skal send á netfangið lbj@blaskogaskoli.is.

Bláskógaskóli Reykholti

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89% Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um deiliskipulag á lóðinni Hellisland svæði 36 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hellisland svæði 36 á Selfossi.

Um er að ræða lóðina Hellisland svæði 36 sem skilgreind er sem íbúðalóð í aðalskipulagi. Lóðin liggur við Hellisland á Selfossi. Lóðinni verður skipt upp í þrjár lóðir. Á lóðinni Hellislandi 36 verði heimilað að byggja þriggja hæða hús allt að 200 fm að grunnfleti. Efsta hæðin verður inndregin allt að 120 fm og leyfilegt að byggja þar glerhýsi og þaksvalir. Vegghæð er allt að 8,6 m. Og þakhalli verði allt að 0-45 gráðum. Á lóðunum Hellislandi 36A og 36B á suðvesturenda heildarlóðina verði heimilað að byggja 2 hæða hús allt að 150 fm að grunnfleti og með 0-45 gráðu þakhalla vegghæð allt að 6 m frá gólfplötu. Tvö bílastæði verða við hvort hús og fjögur bílastæði við Hellisland 36. Kvöð er um akstur í gegnum lóðina Hellisland 36A að lóðinni Hellisland 36B. Akvegur að lóðunum liggur í gegnum báðar lóðinar.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skilmálum vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi **frá og með miðvikudeginum 1. júlí 2020 til miðvikudagsins 5. ágúst 2020.** Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 12. ágúst 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða á netfangið skipulag@arborg.is

Á sama tíma er uppdráttur, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna.

Virðingarfyllst,
Sigurður Andrés Þorvarðarson
Skipulagsfulltrúi.

BIOTHERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE

Blue Therapy Amber Algae Revitalize nýtt dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life planktonTM auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma,mýkri og vel nærð.

BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL

Viltu samstundis mýkt og næringu?

Uppbyggjandi virkni „sea sugar" og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM

Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar" við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

1. JÚLÍ 2020 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1346 Karl 4. af Lúxemborg verður keisari Heilaga rómverska keisaraveldisins.

1490 Píningsdómur er samþykktur á Alþingi.

1881 Alþingi kemur saman í fyrsta sinn í Alþingishúsinu við Austurvöll.

1886 Landsbanki Íslands, fyrsti banki á Íslandi, hefur starfsemi við Bakarastíg í Reykjavík og er í byrjun opinn tvo daga í viku. Fljótlega fékk gatan nafnið Bankastræti.

1919 Stofnendur Morgunblaðsins selja það nýstofnuðum félagsskap sem kallast Fjelag í Reykjavík.

1922 Fyrsta útvarpsauglýsingin er send út í Bandaríkjunum.

1928 Líflátshegning er afnumin á Íslandi og hafði ekki verið beitt í næstum öld.

1931 Þýska loftskipið Graf Zeppelin kemur til Reykjavíkur með póst og tekur hér fyrsta flugpóst til útlanda.

2000 Kristnihátíðin er sett á Þingvöllum.

2000 Eyrarsundsbrúin milli Danmerkur og Svíþjóðar er opnuð.



Hvert skyldi þessi vera að fara? Það búa ekki öll dýr Laugardalsins í Húsdýragarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lífið iðar í Laugardalnum

Í júlímánuði býðst gestum Grasagarðsins og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins að taka þátt í lífveruleit í lífríki Laugardalsins þar sem heill heimur opnast ef grannt er skoðað.

„Þetta byggir svolítið á þeirri hugmyndafræði að allir geti verið vísindamenn," segir Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, sem stendur ásamt Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og Reykjavíkurborg að viðburðinum Lífveruleit í Laugardalnum í júlímánuði.

Hjörtur segir leitina miða við þá fjölbreyttu íbúa Laugardalsins sem séu ekki með lögheimili í Húsdýragarðinum, en þar má einnig finna þrestina í trjánum, ánamaðkana í moldinni, hunangsflugurnar sem suða í blómabeðunum og fíflana sem vaxa upp úr stéttinni, og svo framvegis.

„Það er meira verið að skoða mosann, illgresið, fuglana og skordýrin og í raun og veru alla þá náttúru sem er að finna í borgarumhverfinu," segir hann. „Við viljum opna augu fólks fyrir því fjölbreytta lífi sem leynist í nærumhverfi okkar."

Til að taka þátt í lífveruleitinni má nálgast fróðleiksspjöld, annaðhvort í afgreiðslu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eða í anddyri garðskálans í Grasagarðinum. Á spjöldunum eru nokkur einföld verkefni þar sem þátttakendur eru hvattir til að leita að ákveðnum gerðum lífvera og velta fyrir sér nokkrum áhugaverðum spurningum. Verkefnin henta fólki á öllum aldri.

arnartomas@frettabladid.is

Er ekki orðið langt síðan þú heimsóttir járnsmiðina?

> **Við viljum opna augu fólks fyrir því fjölbreytta lífi sem leynist í nærumhverfi okkar.**

---

†

Elsku faðir minn, sonur, bróðir og frændi,

Jón Skúli Traustason

lést miðvikudaginn 24. júní síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ingvar Breki Skúlason
Ragnheiður Helga Jónsdóttir
Helga, Ingi Hrafn, Ragna Bergmann, Lóa og Rögnvaldur

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Jón Karl Úlfarsson

útvegsbóndi, frá Eyri í Fáskrúðsfirði,

sem lést miðvikudaginn 24. júní á Dvalarheimilinu Fossahlíð Seyðisfirði, verður jarðsunginn frá Fáskrúðsfjarðarkirkju föstudaginn 3. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í Kolfreyjustaðarkirkjugarði.

Fjölskyldan

---

†

Elsku mamma mín, tengdamamma, amma, langamma og sálufélagi,

Lára Ragnhildur Bjarnadóttir

(Lóló)

Fellsási 1, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Lágafellskirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13. Streymi (bein útsending) verður á slóðinni www.sonik.is/lolo og FM-útsending við kirkjuna á tíðni 106,1.

Sigurður Jón Grímsson **Rósa Sveinsdóttir**
Sólveig Lára Sigurðardóttir **Friðrik Arnar Helgason**
Grímur Snæland Sigurðsson
Elínborg Rós Sigurðardóttir
Benjamín Thor og Karlotta Rós Friðriksbörn
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Gunnar Magnússon

fyrrverandi varðstjóri slökkviliðs Hafnarfjarðar,

andaðist á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 13. júní. Útför hans fór fram í kyrrþey þann 26. júní.

Oddný Jóna Bárðardóttir
Málfríður Gísladóttir **Gunnlaugur Hjartarson**
Bárður Ágúst Gíslason
Guðlaug Gísladóttir **Árni Sch. Thorsteinsson**
Jónína Gísladóttir **Þórarinn Jóhann Kristjánsson**
Þórey Erla Gísladóttir **Þórður Magnússon**
barnabörn og barnabarnabörn.

scan domestic

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

SD 419 H: 1980 B: 575 D: 605 - 338L Kæling 4/-210°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 429 H: 1993 B: 577 D: 576 - 360 L Kæling 0°/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 416 H: 1980 B: 606 D: 575 - 338 L Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

SD 1001 og **SD 801** H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

RTC 79 St (hxbxd) 960 x425 x380mm Kæling +2/+12°C

RTC 236 St (hxbxd) 1695 x515 x485mm Kæling +2/+12°C

RTC 286 St (hxbxd) 1895 x515 x485mm Kæling +2/+12°C

Kæli & frystitæki

SD 400 Stærð (hxbxd) 905x1225x650mm Kæling -12/ -24°C

SD 155 Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/ -24°C

SD 305 Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/ -22°C

30 ÁRA 1990 - 2020

Í tilefni af 30 ára afmæli okkar bjóðum við sérlega góð verð á kælum og frystum.

XS 801 Stærð (HxBxD) 840x2000x757mm Kæling -12/ -24°C

XS 601 Stærð (bxhxd) 1475x837x757mm Kæling -12/ -24°C

VESTFROST HOUSEHOLD

OFC 221 HxBxD. 1750x495x600 - 220 ltr. Kæling: 2/12°C - Led ljós

M 150 Stærð (hxbxd) 1550x595x595mm - 448 ltr. - Kæling: 3 / 10°C

MFG 185 Stærð (hxbxd) 1850x595x595mm - 448 ltr. - Kæling: 2 / 10°C

MF 180 Frystir - Stærð: (hxbxd) 1850x600x595mm - 310 ltr. - Kæling: -16/ -25°C

M 180 Kælir - Stærð: (hxbxd) 1850x600x595mm 310 ltr. - Kæling (kæli): +3/ - +10°C

SC 139 St. (hxbxd) 865 x 555 x 520 mm Kæling +2/ +10°C

SC 209 St. (hxbxd) 865 x 865 x 520mm Kæling +2/ +10°C

SC 309 St. (hxbxd) 865x1350x520mm Kæling +2/ +10°C



M 95 Stærð (hxbxd) 820x595x572mm 155 Ltr. - Kæling: -3/ -18°C

SC 81 St. (hxbxd) 940x460x460mm Kæling +2/ +10°C

DKS 122 St. (hxbxd) 850x500x510mm Kæling +2/ +10°C

DKS 61 St. (hxbxd) 510x480x470mm Kæling +2/ +10°C

MB35 og MB 45 - St. (hxbxd) 485/560 x 385/400 x 485/425. Engin pressa, minni titringur - Hljóðlaus.

SD 76 Stærð (hxbxd) 675x595x520mm Kæling -9/ -24°C

SD 46 Stærð (hxbxd) 500x570x510mm Kæling -9/ -20°C

WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x595 x573 (+5 - +10 /+10 - +18°C)

WFG 155 - St. (hxbxd) 1550 x 595 x610 (+5 - +22°C)

WFG 185 - St. (hxbxd) 1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)

TK 41 - Can cooler Utanmál: (HXD) Kæling: 2-10°C 735 x 445. 40 ltr.

RTW 160 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing - Stærð b:874 d:568 h:686

RTW 100 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing - Stærð b:682 d:450 h:675

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Syningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTIK 5622 # 2020

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Hæg norðlæg eða breytileg átt og bjart með köflum. Hiti 12 til 18 stig, en svalara með austur- og norðaustur-ströndinni í dag.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 4 ↘	13 °C | 4 ↙	11 °C | 4 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
13 °C | 5 ↙	13 °C | 2 ←	11 °C | 5 ↓

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
17 °C | 3 ↘	11 °C | 3 ↙	10 °C | 3 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
11 °C | 3 ↙	12 °C | 6 ↖	12 °C | 2 ↙

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 4 ←	8 °C | 4 ←	12 °C | 2 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
10 °C | 1 ↙	8 °C | 5 ↖	11 °C | 2 ↖

LÉTT

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

MIÐLUNGS

				9	4			5
		1			8	4	9	
		6		2		7	3	
		4	2		6			
5	6	2		8			4	
1								9
4						9		
						5	7	2
		5	9	3		1	8	

ÞUNG

					3			
2				5	6		1	
3			7				8	4
7		2			4			5
9			3	7				
			9			4	6	
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Krossgáta

LÁRÉTT
1. krókur
5. tré
6. íþróttafélag
8. geyma
10. átt
11. djúp
12. glumdi
13. frumeind
15. efnismagn
17. söngla

LÓÐRÉTT
1. refsingar
2. una
3. atvikast
4. baka til
7. álandsvindur
9. nýlega
12. sæma
14. ferðalag
16. málmur



LÁRÉTT: 1. hespa, 5. eik, 6. fh, 8. freista, 10. na, 11. kaf, 12. söng, 13. atóm, 15. rúmmál, 17. raula.
LÓÐRÉTT: 1. hefndar, 2. eira, 3. ske, 4. aftan, 7. hafgola, 9. skömmu, 12. sóma, 14. túr, 16. ál.

Skák

Gunnar Björnsson

Ding Liren (2.836) átti leik gegn Hikaru Nakamura (2.829) á Chessable Masters mótinu á Chess24.

28...Ra2! 29. Hxa4 (29. Dxa2 Hxa3!). 29...Hxb1 30. Hxb1 Rc3 31. Hba1 Rxa4 32. Hxa4 De8 og svartur vann um síðir. Ding Liren vann einvígið og mætir Magnúsi Carlsen í undanúrslitum sem hófust í gær. Hannes Hlífar teflir á alþjóðlegu móti í Tékklandi sem hefst í dag. **www.skak.is** Chessable Masters mótið.

Svartur á leik

8	3	2	6	4	7	5	1	9
9	4	5	1	2	3	8	6	7
1	6	7	8	5	9	2	3	4
2	5	8	9	6	4	1	7	3
3	7	9	2	8	1	6	4	5
6	1	4	3	7	5	9	8	2
4	2	6	5	3	8	7	9	1
5	9	3	7	1	6	4	2	8
7	8	1	4	9	2	3	5	6

8	9	5	1	3	6	2	4	7
4	1	6	8	2	7	3	5	9
2	3	7	4	9	5	8	6	1
5	4	8	2	7	1	6	9	3
3	6	9	5	8	4	1	7	2
7	2	1	9	6	3	4	8	5
6	8	3	7	5	2	9	1	4
9	7	4	3	1	8	5	2	6
1	5	2	6	4	9	7	3	8

9	2	1	5	7	3	6	8	4
6	4	7	2	8	9	5	1	3
8	3	5	1	4	6	7	2	9
2	5	6	3	9	7	8	4	1
4	1	3	8	5	2	9	7	6
7	8	9	4	6	1	2	3	5
1	6	8	9	2	4	3	5	7
5	7	4	6	3	8	1	9	2
3	9	2	7	1	5	4	6	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÚ SKAL FARA Í FERÐALAG!



Ferðaatlas
Verð: 4.999.-

25 gönguleiðir á þingvallasvæðinu
Verð: 1.499.-



171 Ísland - Áfangastaðir í alfaraleið
Verð: 5.699.-

Boltagripsett
Verð: 2.399.-

Veiðisett - Stöng & 4 fiskar
Verð: 899.-

Kolkrabbaflugdreki
Verð: 1.799.-

MIKIÐ ÚRVAL AF ERLENDUM BÓKUM!

Ferðastóll fyrir börn
Verð: 2.999.-

Götukrítar 15 stk.
Verð: 499.-

Ferðahleðslutæki 24W
með 4 USB High-Speed tengjum
TILBOÐSVERÐ: 6.111.-
Verð áður: 7.639.-

Hleðslutæki í bíl
með 2 USB
High-Speed tengjum
TILBOÐSVERÐ: 4.631.-
Verð áður: 5.789.-

Ferðastóll með axlaról
og geymsluhólfi
Verð: 3.999.-

Taska á stýri fyrir reiðhjól
Verð: 1.999.-

Baksýnisspegill
fyrir reiðhjól
Verð: 299.-

Þrýstijafnari, slanga
og hosuklemma
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-

Ferðagasgrill
TILBOÐSVERÐ: 11.999.-
Verð áður: 14.999.-

Vatnsþolinn Bluetooth
ferðahátalari MuvoPlay
TILBOÐSVERÐ: 8.244.-
Verð áður: 9.699.-

Ferðapúði með
memory foam
Verð: 4.399.-

Ferðapúði með
micro perlum
Verð: 3.229.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 6. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Tumi Magnússon sýnir á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Menningarhelgi á Siglufirði

Menningarhelgi verður í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 3. til 5. júlí. Þar koma saman ellefu listamenn sem bjóða upp á tónlist, myndlist og spjall. Viðburðirnir verða allir á heimilislegu nótunum og fjöldi gesta takmarkaður. Tekið verður við frjálsum framlögum við innganginn.

Kraftgalli verður á staðnum.

Föstudaginn 3. júlí klukkan 20.00 til 22.30 verða tónleikar þar sem fram koma listamennirnir Plasmabell, rafnar, Framfari og Kraftgalli.

Laugardaginn 4. júlí klukkan 14.00 til 17.00 er opnun í Kompunni. Þar verður sýning Tuma Magnússonar, Almenningssamgöngur. Á sama tíma flytur Línus Orri Gunnarsson tónlist innan og utan dyra.

Um kvöldið klukkan 20.00 - 21.30 verða tónleikar þar sem fram koma listamennirnir Þórir Hermann Óskarsson og Söngelsku leðurblökurnar frá Reykjavík.

Sunnudaginn 5. júlí klukkan 14.30 til 15.30 verður sunnudagskaffi með skapandi fólki. Umsjón hefur Unnur María Máney Bergsveinsdóttir.

Kröftug tónlistarhátíð með meiru

Sönghátíð í Hafnarborg er haldin í fjórða sinn. Átta tónleikar á dagskrá. Fyrsta flokks flytjendur og námskeið, þar á meðal fyrir börn 6-18 mánaða með foreldrum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran er listrænn stjórnandi og stofnandi hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sönghátíð í Hafnarborg er haldin í fjórða sinn, hefst 2. júlí og stendur til 12. júlí. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran er listrænn stjórnandi og stofnandi hátíðarinnar, ásamt Francisco Javier Jáuregui gítarleikara.

„Við stofnuðum þessa hátíð árið 2017. Ég hafði verið að stjórna Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri í ellefu ár og langaði til að skapa eitthvað nýtt sem væri á mínu áhugasviði, sem er söngurinn," segir Guðrún Jóhanna.

„Þetta er ekki bara tónlistarhátíð með tónleikum heldur eru þar líka haldin námskeið. Fólk getur farið á flotta tónleika með fyrsta flokks flytjendum en hátíðin á að skila meiru og það gera námskeiðin. Haldinn er masterclass og söngnámskeið fyrir byrjendur og einnig námskeið fyrir börn 6-18 mánaða með foreldrum og börn 3-5 ára með foreldrum og námskeið fyrir börn 6-12 ára þar sem blandað er saman myndlist og tónlist, þau börn taka síðan þátt í fjölskyldutónleikum."

Guðrún Jóhanna tekur viðtöl við söngvara sem koma fram á hátíðinni og þau er að finna á Youtube. Átta tónleikar eru á dagskrá hátíðarinnar. „Þetta eru fjölbreyttir tónleikar: óperugala, ljóðatónleikar, fjölskyldutónleikar, endurreisnar- og barokktónleikar og kórtónleikar," segir Guðrún Jóhanna.

Hetjutenór á hátíð

Þrír söngvarar sem sungið hafa á Metropolitan í New York koma fram á hátíðinni. „Kristinn Sigmundsson heldur masterclass og syngur, ásamt fjórum söngvurum, á tónleikum til heiðurs Jóni Ásgeirssyni. Dísella Lárusdóttir sópran, sem hefur sungið mikið á Metropolitan síðustu ár, syngur á óperugalatónleikum uppáhaldsóperuaríur sínar ásamt Bjarna Thor Kristinssyni. Stuart Skelton er mikill hvalreki fyrir okkur. Ég kalla hann tengdason Íslands en hann er giftur Geirþrúði Ásu Guðjónsdóttur fiðluleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stuart er mikil stjarna í óperuheiminum, hetjutenór, með eina stærstu rödd sem ég hef hlustað á og er magnaður Wagner-söngvari. Hann verður með ljóðatónleika."

Stuart Skelton, stjarna í óperuheiminum, verður með ljóðatónleika.

Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur lútusöngva og ég mun syngja með honum á tónleikum með endurreisnartónlist, barokkaríum og fornum þjóðlögum. Hann syngur og leikur á barokkflautu, en hann er bæði lærður flautuleikari og söngvari."

Styrkir bönd

Þar sem vel er hugað að börnum á þessari hátíð er Guðrún Jóhanna spurð hvað hún haldi að tónlist færi börnum. „Ég get talað frá eigin reynslu því ég er tveggja barna móðir og við maðurinn minn höfum alltaf sungið mikið fyrir börnin okkar og sérstaklega á kvöldin. Það styrkir bönd milli barna og foreldra að upplifa tónlist saman.

> FÓLK GETUR FARIÐ Á FLOTTA TÓNLEIKA MEÐ FYRSTA FLOKKS FLYTJENDUM EN HÁTÍÐIN Á AÐ SKILA MEIRU OG ÞAÐ GERA NÁMSKEIÐIN.

Það er mikilvægt að börn komist í snertingu við tónlist mjög snemma. Því yngri sem þau eru, því móttækilegri eru þau. Þau eiga að hafa tækifæri til að þróa tónlistina með sér, bæði sem hlustendur og sem gerendur."

Dagskrá hátíðarinnar er öll hin glæsilegasta en hana má finna á songhatid.is.

Seiðandi andrúmsloft en rangur maður

TÓNLIST
★★★☆☆

Ævitún. Tveir flokkar ljóðalaga eftir Jón Hlöðver Áskelsson

Flytjendur: Hulda Björk Garðarsdóttir, Kristinn Sigmundsson og Daníel Þorsteinsson
Útgefandi: Tölvutónn ehf.

Ulysses S. Grant, hershöfðinginn knái sem leiddi her sinn til sigurs í amerísku borgarastyrjöldinni á nítjándu öld og varð síðar forseti, sagði eitt sinn: „Ég þekki bara tvö lög. Annað þeirra er Yankee Doodle. Hitt er það ekki." Ef þetta væri heimfært yfir á íslenska fagurtónlist, gæti maður sagt: „Ég þekki bara tvö lög. Annað þeirra er Draumalandið. Hitt er það ekki."

Lögin sem finna má á geisladiskinum Ævitún eru býsna ólík Draumalandinu, og Yankee Doodle er þar víðsfjarri. Tónlistin er eftir Jón Hlöðver Áskelsson og samanstendur af tveimur lagaflokkum. Flytjendur eru Hulda Björk Garðarsdóttir og Kristinn Sigmundsson en Daníel Þorsteinsson leikur á píanó.

Þrungið tilfinningum

Ljóðin í fyrri flokknum eru eftir ýmis skáld en í þeim síðari eru þau öll eftir Böðvar Guðmundsson. Tónlistin er skemmtilega fjölbreytt, laglínurnar eru oft flóknar og ómstríðar, en þó aldrei þannig að það sé tilgerðarlegt. Þvert á móti eru þær þrungnar tilfinningum. Rödd píanósins er tær og hófsöm, og saman myndar söngur og píanó fallega heild sem skapar seiðandi andrúmsloft.

Eitt áhrifamesta lagið er Vinir kveðja, sem er úr fyrri lagaflokknum. Ljóðið er eftir Sverri Pálsson sem orti það eftir dauða vinar síns. Það er stutt, en stílbragð í lokin myndar úr því heila eilífð. Endurteknar píanónótur í talsvert langan tíma stöðva tímann; útkoman er dáleiðandi. Þetta stílbragð er notað á fleiri stöðum. Þar má nefna lagið Febrúar, í seinni flokknum, sem er helgaður mánuðunum. Febrúar er „stystur... [sinna] ellefu bræðra, en þeirra lengstur samt." Eftirspil píanóleikarans er langt og endurtekningarsamt, en á góðan máta. Stemningin er kynngimögnuð og sýnir berlega hve febrúar getur verið langdreginn.

Söngur Huldu Bjarkar er glæsilegur, blæbrigðaríkur og nákvæmur, brothætt stemningin skilar sér fullkomlega í túlkun hennar. Röddin er tær og falleg, lögin eru unaðsleg áheyrnar í meðförum hennar.

Hrjúf rödd, mjóróma píanó

Frammistaða Kristins er nokkuð síðri, rödd hans er orðin hrjúfari með aldrinum og hún hreinlega hentar ekki viðfangsefninu. Hann hefur vissulega mikið „karisma" á sviði, en nakin röddin á upptöku viðkvæmra laga er ekki líkt því eins sjarmerandi.

Einnig má finna að hljómi píanósins, þótt leikur Daníels á það sé vandaður og fagmannlegur. Píanóið sjálft er bara ekki bitastætt, það er mjóróma og grunnt. Geisladiskurinn er hljóðritaður í Víðistaðakirkju; spurning er hvort ekki hefði átt að leita eitthvert annað með upptökurnar.

Tónlistin sjálf er engu að síður hrífandi, þetta eru heillandi tónsmíðar; vonandi eiga þær eftir að heyrast á tónleikum sem oftast.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Falleg tónlist, en misjafn söngur og hljómur píansóins er rýr.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

CORINNA

-20%

VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskip pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%

VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstyrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða.Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%

VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvíhertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

-20%

FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

VERÐ 79.840 KR

VERÐ ÁÐUR 99.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL Á FRÁBÆRU VERÐI

-20%

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Við árbakkann Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
21.00 Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.50 Heimaleikfimi
13.00 Spaugstofan 2002-2003
13.25 Veröld Ginu
13.55 Úr Gullkistu RÚV. Brautryðjendur, Sigrún Svavarsdóttir
14.20 Steinsteypuöldin
14.50 Gettu betur 2005. Úrslit
16.00 Orðbragð
16.30 Poppkorn 1986
17.05 Úr Gullkistu RÚV. Fólk og firnindi. Öræfin upp á nýtt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Letibjörn og læmingjarnir
18.08 Kúlugúbbarnir
18.31 Hæ Sámur
18.38 Rán og Sævar
18.49 Minnsti maður í heimi
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.40 Sporið
20.05 Sue Perkins skoðar Gangesfljót. The Ganges With Sue Perkins
21.00 Svarti baróninn. Baron Noir
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 George Floyd. Dráp sem skók heiminn. George Floyd. A Killing That Shook The World
Dauði George Floyd varð kveikjan að mestu mótmælaöldu gegn rasisma og lögregluofbeldi í Bandaríkjunum í hálfa öld. Í þættinum spyr breski sjónvarpsmaðurinn Clive Myrie hvort nú sé runninn upp sá tími að grundvallarbreytingar verði á kerfislægu misrétti vegna litarháttar í Bandaríkjunum. Hann ræðir við mótmælendur, vitni, fyrrverandi lögreglumenn og fólk úr samfélögum svartra og hvítra í Minneapolis. Hvað var það við dauða George Floyd sem hafði svona djúpstæð áhrif? Og hver verða áhrif mótmælaöldunnar Black Lives Matter?
22.55 Michelinstjörnur - Sögur úr eldhúsinu Michelin Stars - Tales from the Kitchen
23.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
13.00 PGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi Travelers Championship.
18.00 Korn Ferry Tour Highlights
18.50 PGA Special. One Shot Away
One Shot Away er ný og spennandi þáttaröð um kylfinga sem keppa í Korn Ferry mótaröðinni og eiga sér þann draum að komast í PGA mótaröðina.
19.20 PGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi Charles Schwab Challenge.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelorette
14.25 The Unicorn
14.50 The Block
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 Will and Grace
20.00 The Block
21.00 New Amsterdam
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 The Resident
02.30 Mr. Robot
03.15 Agents of S.H.I.E.L.D.
Hörkuspennandi þættir úr smiðju teiknimyndarisans Marvel. Bandaríska ríkisstjórnin bregður á það ráð að láta setja saman sveit óárennilegra ofurhetja til að bregðast við yfirnáttúrulegum ógnum á jörðinni.
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Heimsmenning á hjara veraldar. Carl Billich
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Flateyjarbréfin
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Njáls saga (11 af 25)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.40 A Quiet Passion
12.40 Where To Invade Next
14.35 The Fits
15.50 A Quiet Passion
17.50 Where To Invade Next
19.45 The Fits
21.00 Justice League
22.55 Winchester
00.30 O.G.
02.15 Justice League

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
10.55 Margra barna mæður
11.20 Brother vs. Brother
12.00 The Goldbergs
12.35 Nágrannar
12.55 Bomban
13.40 Fresh off the Boat
14.00 GYM
14.20 Grand Designs. Australia
15.10 Manifest
15.55 Flúr & fólk
16.20 All Rise
17.05 Friends
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Víkinglottó
19.00 Golfarinn
19.25 First Dates
20.15 The Bold Type
21.00 Penance
21.50 Cherish the Day
22.35 Sex and the City
23.05 NCIS. New Orleans
23.45 The Little Drummer Girl
00.35 The Little Drummer Girl
01.20 The Little Drummer Girl
02.00 The Little Drummer Girl
02.45 Ballers
03.15 Ballers
03.40 Ballers

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Krypton
22.20 Random Acts of Flyness
22.45 Hreinn Skjöldur
23.10 Friends
23.35 Friends
23.55 Mom

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Arsenal - Newcastle 97/98
08.25 Getafe - Real Sociedad
10.05 Levante - Real Betis
11.50 Breiðablik - KR Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
12.10 FH - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
12.30 ÍBV - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
12.55 Valur - Þór/KA Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
13.15 Pepsi Max Mörkin
14.15 Stjarnan - KA
16.00 ÍA - KR
17.40 Pepsi Max Stúkan
19.05 KR - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
21.15 Barnsley - Chelsea 07/08
21.45 Udinese - Atalanta
23.25 Napoli - SPAL

STÖÐ 2 SPORT 2

07.05 Sampdoria - Bologna
08.45 Udinese - Atalanta
10.30 Torino - Lazio
12.10 Genoa - Juventus
13.50 Leganes - Sevilla
15.35 Real Mallorca - Celta Vigo
17.20 Inter - Brescia Bein útsending.
19.35 SPAL - AC Milan Bein útsending.
21.40 Bologna - Cagliari
23.20 Alavés - Granada

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Klár í ferðalagið

Sjötta kynslóð Mitsubishi L200 pallbílsins byggir á 40 ára reynslu þessa harðduglega vinnuþjarks. Kynntu þér harðgerðan og kraftmikinn L200 sem er hannaður eftir kröfum viðskiptavina.

L200

Skoðaðu úrvalið á
www.hekla.is/mitsubishisalur

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

www.mitsubishi.is

HEKLA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilstöðum

Ull er gullfótur vaðmálshagkerfisins

Skjöldur og Kormákur láta gamlan draum um framleiðslu á tweed-efni rætast. Íslenska ullin þykir svo góð að verslunin Epal stökk til og íslenska tweedið er ekki aðeins notað í jakka og sixpensara heldur sófa og stóla.

Fullur sófi af tweed-fólki. Ragnar Kjartansson myndlistarmaður, klæðskerarnir Birna Sigurjónsdóttir og Rakel Ýr Leifsdóttir, Magnús Pétur Lýðsson, hjá Kormáki og Skildi, Skjöldur Sigurjónsson kaupmaður og Gunni Hilmarsson, hönnuður hjá Kormáki og Skildi og tónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Fyrsta pælingin var í rauninni bara þessi gamli draumur hjá okkur öllum í hópnum, sérstaklega Kormáki og Skildi, að búa aftur til íslenskt tweed“, segir Gunnar Hilmars, yfirhönnuður hjá framleiðsludeild Kormáks & Skjaldar, og bendir á að framleiðsla á vaðmáli hafi legið niðri á Íslandi í tæp 50 ár.

Kormákur & Skjöldur hafa um langt árabil verið leiðandi í tweedtískunni á Íslandi og þá ekki síst í herrafatnaði. „Við höfum haft það markmið að snúa þróuninni við þegar kemur að vefnaði úr íslenskri ull,“ segir Gunnar um tilraun þeirra til að koma iðnaðarvefnaði úr íslenskri ull aftur á laggirnar hér á landi.

Sixpensarar og sófar

Kormákur & Skjöldur hafa hannað sínar eigin fatalínur frá 2010 og „þar sem viðtökur hafa verið frábærar teljum við að nú sé tímabært að fara skrefi lengra og hanna fatalínu úr íslenskri ull, íslensku tweedi. Við viljum að fatalínan okkar verði ekki bara íslensk hönnun heldur einnig úr íslenskum efnivið. Það var upphafið að þessari vöruþróun okkar,“ heldur Gunnar áfram um framleiðsluna sem var aðeins hugsuð sem efni í jakkaföt, sixpensara og aðrar flíkur sem framleiddar eru undir merki Kormáks & Skjaldar.

Ullin spannst síðan í óvæntar áttir undir lok þróunarvinnunnar þegar „samstarfsmenn okkar í Austurríki segja bara við okkur að við eigum að átta okkur á því að þetta er náttúrlega tilvalið efni í húsgögn. Stóla og sófa og svoleiðis vegna þess að íslenska ullin er svo svakalega sterk og endingargóð. Og kemur svakalega vel út úr öllum prófunum,“ segir Gunnar um húsgagnagerðina sem bættist óvænt við klæðskurðinn.

„Þannig að við heyrðum í Epal og sá bolti byrjaði í rauninni bara að rúlla og framleiðsla hófst líka á þessu íslenska tweedi fyrir húsgögn. Það eru náttúrlega miklir möguleikar í því enda framleiddir sófar og stólar úti um allan heim á hverjum einasta degi úr alls konar efnum sem við getum alveg farið í smá slag við.“

Tweed-nördarnir

Þótt það sé hugur í íslenska tweedgenginu með tilheyrandi trú á efninu segir Gunnar þó að ekki sé hægt að tala um stórfengleg útrásaráform í þessum efnum. „Kannski ekki beint útrás en við myndum örugglega svara símanum. Hlutirnir gerast nú hægt í kjallaranum, eins og við segjum stundum, en sígandi lukka er best.

Við erum búnir að nördast í þessu í einhver þrjú, fjögur ár núna og það er flókið mál að þróa þetta. Líka að ná svona góðri vöru í svona háum gæðum. Það var svo eiginlega bara óvæntur bónus að þetta hentaði vel fyrir húsgögn,“ segir Gunnar og viðurkennir að þeir félagar séu á mörkum einhvers konar þráhyggju í tweedinu.

Ull er gull

„Ull er gull, eins og Kormákur segir réttilega, og það er líka svo mikil rómantík í þessu. Við hittum einmitt iðnaðarráðherra um daginn og vorum að stinga upp á því við hana að við ættum bara að taka upp tweed-hagkerfið eins og við gerðum í gamla daga,“ segir Gunnar.

„Krónan er alveg jafn verðlaus núna og hún var 1550 og við notuðum sko tweed í gamla daga til þess að kaupa, þú veist, sykur og salt og allt það. Vaðmálið var í rauninni bara hagkerfið. Tweedið er líka alveg laust við verðtryggingu. Við ætlum ekki að blanda henni inn í tweedið.

Það mætti náttúrlega upphefja á ný frasann um að „komast í álnir“ og fara að nota hann meira. Ef þú átt mikið af vaðmáli þá ertu náttúrlega ríkur maður og að komast í álnir er auðvitað bara að eiga ógeðslega mikið af tweedi. Það er bara svoleiðis.“

Íslenska tweedið nýtur sín betur á sígildum Erik Jörgensen sófanum þegar Skjöldur situr einn á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> AÐ KOMAST Í ÁLNIR ER AUÐVITAÐ BARA AÐ EIGA ÓGEÐSLEGA MIKIÐ AF TWEEDI. ÞAÐ ER BARA SVOLEIÐIS.

Fjölbreyttir sauðarlitir

Ullin í tweedinu kemur frá öllum hornum landsins og er í grunnlitunum fjórum: mórauðum, hvítum, gráum og svörtum. „Það er ótrúlegt hvað það er hægt að gera margt úr þeim fjórum litum þegar þeim er blandað saman í alls konar hlutföllum og mynstrum og dóti.“

Ístex í Mosfellsbæ spinnur ullarbandið sem Gunnar segir síðan ofið í tweed í einni af bestu millum í Evrópu, Seidra í Austurríki. „Draumurinn er að geta gert allt ferlið eingöngu hérlendis en til þess vantar enn tæki og þekkingu sem hefur með tímanum tapast að hluta.“

Nú hafið þið auðvitað langa reynslu og samanburð við annað tweed. Er það íslenska í alvörunni svona gott?

„Okkur finnst þetta vera pinkulítið betra heldur en Harris-Tweed,“ svarar Gunnar að bragði. „Aðeins betra. Gæðin eru svipuð og útlitið er það sama en við höfum náð einhvern veginn að gera ullina þannig að íslenska tweedið er pinkulítið mýkra heldur en Harris-Tweedið og þá auðvitað pinkulítið betra. Sjón er svolítið sögu ríkari,“ segir yfirhönnuðurinn, tilbúinn til þess að leggja íslenska vaðmálið í dóm neytenda. **toti@frettabladid.is**

ÍSLENSKA TWEEDIÐ

Kormákur og Skjöldur hafa í nokkur ár verið að undirbúa framleiðslu á tweedi, eða vaðmáli úr íslenskri ull, og fögnuðu verkefninu á HönnunarMars enda varan ekki verið framleidd hérlendis síðan á sjöunda áratug síðustu aldar. Sú var tíðin að íslenskt tweed-efni var framleitt hérlendis. Öll stig framleiðslunnar voru unnin hér. Allt frá því að bóndinn afhenti hráa ullina, ullin var hreinsuð og þvegin, kembd og spunnið úr henni ullarband. Bandið var svo ofið í tweed-efni sem var notað í fatnað, teppi, áklæði og margs konar aðra hluti. Gamla Álafoss-úlpan er gott dæmi um fatnað sem íslenskt tweed var nýtt í.

„Sumar aðferðir við vinnslu textílefna hafa þó viðhaldist betur hér á landi en aðrar,“ segir Gunnar. „Prjón og hekl eru aðal vinnsluaðferðir okkar. Vefnaðurinn er talinn gera textílefnið sterkara en við erum ekki að framleiða ofin textílefni lengur og hefur vefnaður úr íslensku ullinni horfið að mestu leyti. Sá tækjakostur og þekking sem var til hérlendis er því miður horfin og því enginn iðnaðarvefnaður til staðar lengur. Textílframleiðslan á ullinni er því frekar einhæf hér á landi.“

Sumarleikur

FJARÐARKAUPA

Þátttaka er einföld. Þú verslar í Fjarðarkaupum, fyllir út miða og setur hann í sérmerktan kassa í versluninni og ert þar með komin/n í pottinn.

Glæsilegir vinningar

Sumarnótt fyrir 2 með morgun- og kvöldmat

Aðgangur fyrir 2

Epli AirPods // iPhone SE // Apple TV

ÓB
Gjafakort

Fjarðarkaup
Gjafakort

HÓTEL BÚÐIR · EPLI · FK FJARÐARKAUP · ÓB · KRAUMA

Flügger viðarvörnin klárar verkið fyrir þig

Flügger Wood Tex vörulínan er til notkunar á við utanhúss. Vörurnar veita viðnum veðurþolið og sérlega endingargott yfirborð. Wood Tex vörurnar eru auðveldar í notkun og þornunartíminn er stuttur.

Flügger litir

Nanna Kristín þurfti ekki að hugsa sig lengi um þegar henni bauðst að leikstýra bíómyndinni Abbababb! Eitt þarf þó ekki að útiloka annað og hún segist munu láta undan þrýstingi um fleiri Pabbahelgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nönnu Kristínu mútað með kanelsnúðum

Kanelsnúðar voru notaðir til að múta **Nönnu Kristínu** til að gera framhald Pabbahelga en breyta engu um að næsta verkefni hennar er dans- og söngvamynd byggð á Abbababb! eftir Dr. Gunna.

Leikkonan og leikstjórinn Nanna Kristín Magnúsdóttir segist eiginlega vera að rísa úr dvala sem hún lagðist í eftir að hafa heldur betur slegið hressilega í gegn með sjónvarpsþáttunum Pabbahelgar.

Þrátt fyrir fjölda áskorana ætlar hún þó ekki að byrja á að skrifa framhald af þáttunum heldur vinda sér í að leikstýra dans- og söngvamynd byggðri á krakkaplötunni og leikritinu Abbabbb! eftir Dr. Gunna.

„Já, ég mun láta undan þeim þrýstingi glöð í bragði," segir Nanna Kristín um háværar óskir um fleiri Pabbahelgar. „Fólk er að stoppa mig úti á götu og jafnvel að múta mér með kanelsnúðum í Bónus," heldur hún áfram vel meðvituð um að Pabbahelgar eigi dygga aðdáendur víða.

Pönk vs. diskó

Kanelsnúðar og frómar óskir breyta því þó ekki að næsta verkefni Nönnu verður söngleikurinn Abbababb! þar sem krakkar verða áberandi, þannig að nú stendur yfir leit að hressum krökkum á aldrinum 6-13 ára sem hafa áhuga á að leika í bíómynd.

„Abbababb! kom til mín fyrir þremur árum þegar Júlíus Kemp framleiðandi bað mig um að kíkja á verkefnið með það í huga að koma því á hvíta tjaldið," segir Nanna.

„Ég hafði auðvitað hlustað á lögin, sem eru frábær, og þemað pönk vs. diskó heillaði mig upp úr skónum. Þannig að ég þurfti ekkert gríðarlega langan umhugsunarfrest til að taka þetta að mér."

Lætur hjartað ráða

Abbababb! er ekki aðeins fyrsta dans- og söngvamyndin sem Nanna leikstýrir heldur, eins og hún bendir á, hennar fyrsta kvikmynd í fullri lengd.

„Ég þarf alltaf að taka hlutina aðeins lengra!" segir hún og segir að vissulega sé að mörgu að huga þegar vinsæl plata og síðar söngleikur eru löguð að kvikmynd. „Jú, það er heilmikil áskorun í skrifunum en það var búið að vinna góða forvinnu þegar ég kom að verkefninu.

Ásgrímur Sverrisson hafði skrifað bíómyndahandrit upp úr leikritinu og ég tók það svo í þær áttir sem hjartað mitt vildi fara með söguna og lagði áherslu á frásögn með fleiri leiðum en beinum texta.

Síðan er ég búin að fá með mér í lið þvílíka eðal listamenn. Sem dæmi mun Valgerður Rúnarsdóttir danshöfundur hafa yfirumsjón með kóreógrafíunni og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson útsetur tónlistina og semur sinfónísku kvikmyndatónlistina fyrir SinfoniaNord."

Teppalandsdraumurinn

Doorway Casting sér um leitina að leikurum í Abbababb! og hefur auglýst eftir áhugasömum krökkum sem enn hafa smá ráðrúm til þess að senda prufu áður en frestur rennur út á föstudaginn.

Er leikstjórinn með einhver skilaboð til krakkanna, kannski ekki síst ef mann langar rosa mikið að prufa en er kannski pínu feiminn eða hræddur um að gera eitthvað „vitlaust" í prufunni?

„Skilaboðin frá leikstjóranum eru þau að það er ekki hægt að gera neitt vitlaust," segir Nanna og hvetur einfaldlega „alla sem hafa áhuga á að vera í bíómynd" til þess að senda inn prufur.

„Þegar ég var lítil langaði mig mest af öllu að fá að leika í auglýsingu og þrábað stjúpföður minn um að koma því til skila til yfirmanna sinna. Ég fékk aldrei að leika í auglýsingu enda vann stjúppabbi minn hjá Teppalandi á Grensásveginum. Ég gerði í sjálfu sér ekkert vitlaust nema að setja öll eggin í sömu körfu, það er að segja, Teppaland."

Við erum alls konar

Nanna Kristín segir að allar prufur verði skoðaðar gaumgæfilega. „Ég vil einmitt fá alls konar krakka í myndina. Ekki aðeins þau sem eru þaulreynd af því að keppa eða sýna mörgum sinnum á vetri þótt sá hópur muni að sjálfsögðu koma sterkur inn í þar til gerð hlutverk.

En við erum alls konar og í skólanum þar sem Abbababb! gerist núna, þá er fjölbreytileiki," segir Nanna. „Hæfileikar fyrir þessa dans- og söngvamynd eru ekki aðeins dans og söngur heldur getur það verið að djöggla boltum, spila á básúnu, karate, spilagaldrar, lesa ljóð, prjóna, ropa hátt og lengi eða hvað sem þeim sjálfum þykir merkilegt. Sem leikstjóri er ég að leita að demöntum en ég vil ekki ákveða fyrir fram í hvaða formi þeir skína skærast." **toti@frettabladid.is**

Hvernig prufu á að senda?

Áhugasamir krakkar mega undirbúa prufu heima, taka upp og senda á okkur á prufur@doorway.is.

Passið að það sjáist og heyrist vel í þeim sem er að senda inn prufu og athugið að aðeins sá sem er í prufu á að sjást í myndbandinu.

- **Lengd:** Allt saman hámark fjórar mínútur.
- **Kynning:** Segja fullt nafn, aldur og frá hvaða landshluta.
- **Leikinn texti:** Finna texta að eigin vali (t.d. úr leiksýningu eða bíómynd) sem þú vilt leika fyrir okkur.
- **Hæfileiki:** Dans, söngur, hjólaskautar, teiknihæfileikar, parkour eða hvað sem er annað sem þér dettur í hug. Veldu þinn helsta hæfileika til að sýna okkur!

Síðasti dagur til að senda inn prufu er föstudagurinn 3. júlí.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

4ra DAGA LAGER SPRENGJA

Miðvikudag til laugardags í Síðumúla 11

50%-70%

Borhamrar • Borvélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar • Útvörp
Vinkilskrúfvélar • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar • Heftibyssur og hnoðtangir
Kittisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein • Rörskerar
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Skóflur • Hrífur • Járnkarlar
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri • Múrverkfæri • Skrúfstykki • Þjalir

Borhamrar • Borvélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar • Útvörp
Vinkilskrúfvélar • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar • Heftibyssur og hnoðtangir
Kittisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein • Rörskerar
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Skóflur • Hrífur • Járnkarlar
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri • Múrverkfæri • Skrúfstykki • Þjalir

... og margt fleira!

VERKFÆRA SALAN

SÍÐUMÚLA 11 • REYKJAVÍK • S: 560 8888 • **vfs.is**

Lagersprengjan er opin á eftirfarandi tímum:
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag kl. 8-18
Laugardag kl. 10-14

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Á að fara í útilegu?
Um 40 tjaldsvæði fyrir alla fjölskylduna
utilegukortid.is
ÚTILEGU KORTIÐ

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Bjóðum þau velkomin

Tugir þúsunda fólks af erlendum uppruna hafa flutt hingað undanfarinn áratug. Það er skylda okkar allra að taka vel á móti þeim. Ekki bara með vinsemd og opnum huga heldur er það lágmarkskrafa að við gætum vel að aðbúnaði þeirra og virðum réttindi þeirra í hvívetna. Hluti af því er að þeim standi til boða gott og öruggt húsnæði. Þetta á ekki bara við um verkafólk af erlendum uppruna, heldur líka verkafólk sem fæddist hér, námsmenn, öryrkja, eldri borgara og fleiri.

Ástand íbúðarhúsnæðis er fyrst og fremst á ábyrgð eigenda þess. En eftirlitsaðilar, einkum sveitarfélög með sína byggingarfulltrúa og brunavarnir á vegum slökkviliðs, þurfa að standa í lappirnar. Það er fleira sem við getum gert. Það þarf að einfalda regluverk og ferla í tengslum við byggingarframkvæmdir, án þess að slá af öryggiskröfum, til þess að gera það auðveldara að byggja og innrétta húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir þau sem hafa lægstu tekjurnar. Auk þess þarf að láta af tortryggni í garð leigufélaga. Innkoma þeirra á leigumarkað hefur aukið fagmennsku á markaðnum, gæði húsnæðis og skapað meira húsnæðisöryggi fyrir margt fólk.

Innflytjendur auðga ekki bara menningu okkar og líf heldur bæta þeir lífsgæði sín og allra okkar sem fyrir erum. Góðæri síðustu ára hefði ekki verið jafn gott ef fjöldi þeirra hefði ekki komið hingað til starfa á síðustu árum. Við værum þá heldur ekki jafn vel búin undir kreppuna sem nú blasir við okkur. Ég væri líka nokkrum vinum fátækari.

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO | ORKAN

CLEAN BCAA 330 ML
199 KR/STK
603 KR/L

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Sumarið er þitt
með Símanum

Tækin sem breyta útilegum í útihátíðir, stytta ferðalög fjölskyldunnar, gleðja börnin og koma þér mjúklega á milli staða fást í verslunum Símans og á **siminn.is**

4G-búnaður í ferðalagið eða bústaðinn
Verð frá 7.990 kr.
Settu upp þráðlaust net fyrir alla fjölskylduna með 4G-beini eða þráðlausri 4G-hnetu.

Krakkatakkasími og krakkaúr
Verð frá 9.990 kr.
Öruggari sumarævintýri með Nokia 3310 og Super-G. Fáðu **Krakkakort á 0 kr.*** og hleyptu barninu út í sumarið.



Tilboð
30 daga Sjónvarp Símans Premium fylgir!

Samsung 4G spjaldtölva
29.990 kr.
Almennt verð: 44.990 kr.
Samsung Tab A 4G á sumartilboði! Sívinsæll ferðafélagi barnanna.

20% afsláttur ef keypt er á Léttkaupstilboði í Síminn Pay appinu

Apple AirPods 2019
24.990 kr.
Kitlaðu hljóðhimnurnar með allra vinsælustu heyrnartólunum.

Nýja Soundboksið
149.990 kr.
Léttkaup 13.342 kr./mán.*
Nýja Soundboksið! Betri hljómur og tengimöguleikar við allt að fimm Soundboks. Sláðu í gegn með slagveðursheldum stuðbagga.
* 13.342 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 12,13% Alls: 160.100 kr.

Rafhlaupahjól ferðamáti sumarsins
Verð frá 59.990 kr.
Léttkaup 10.753 kr./mán.*
Úrval af hinum ofurvinsælu rafhlaupahjólum ásamt aukahlutum. Svífðu um í sumar.
* 10.753 kr./mán. í 6 mán.
ÁHK: 24,41% Alls: 64.520 kr.

Pay Léttkaup
Léttu þér kaupin með Síminn PAY appinu og dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði.

10% afsláttur ef keypt er á Léttkaupstilboði í Síminn Pay appinu

siminn.is

* Krakkakort með endalausu tali og 1 GB á 0 kr. fylgir völdum farsímaleiðum.

Með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

Styrktu tengslanetið! Nokkrir bráðnauðsynlegir fylgihlutir.

Xquisit
Heyrnartól OE500

12.990 kr. stgr.

Verðmæti **25.980 kr.**

Samsung
Galaxy Buds+

26.991 kr. stgr.

~~Fullt verð: **29.990 kr.**~~

Bose
QC 35 II Bluetooth

39.941 kr. stgr.

~~Fullt verð: **46.990 kr.**~~

Apple
Watch Series 5 LTE

80.991 kr. stgr.

~~Fullt verð 40 mm: **89.990 kr.**~~

Diskódíll fyrir sumarið!

Allir hjá Nova fá Folf disk með nýja símanum.

Samsung
Galaxy A41 64 GB

49.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **56.990 kr.**~~

Apple
iPhone 7 32 GB

59.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **64.990 kr.**~~

OnePlus
8 128 GB

114.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **124.990 kr.**~~

Apple
iPhone 11 Pro 64 GB

179.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **189.990 kr.**~~

Unagi
Rafskúta

114.990 kr. stgr.

~~Fullt verð: **124.990 kr.**~~

Fleiri tilboð á nova.is

Vertu í frábæru sambandi í fríinu!

Huawei
4G Hneta

4.990 kr. stgr.

með þjónustusamningi í 6 mánuði.

Huawei
4,5G Loftbelgur

24.990 kr. stgr.

með þjónustusamningi í 6 mánuði.

Afsláttur á aukahlutum
10% afsláttur af aukadóti með símanum.

Endurgræddu!
Gamla græjan upp í nýja!

20% afsláttur af öllum aukahlutum!
Tilboðin gilda út föstudaginn 3. júlí.

Vertu appý í sumar!

Nova appið er opið öllum! Stappfullt af skemmtilegheitum og upplifunum. Öll gleðin á einum stað!

Sæktu **Nova appið!**

Vissir þú af þessu í Nova appinu?

NÝTT!

Nýttu sumarið í botn!

2f1

Prófaðu eitthvað nýtt og njóttu sumarsins með bestu tilboðunum!

Frítt stöff

Gleði og gúmmelaði fyrir þig. Nýtt Frítt stöff í hverri viku!

Vasinn

Fylltu Vasann af miðum á viðburði, gjafabréfum, bíókortum og eintómri gleði!

MínusÁtján

Þú færð Nokia 3310 á dúndurdíl með MínusÁtján hjá Nova.

1GB

Ótakmörkuð símtöl og SMS á Íslandi og í Evrópu (EES).

0 kr./mán

-18 Þetta tilboð er við hæfi átján ára og yngri.

Nokia
3310 3G 512 MB

8.991 kr. stgr.

~~Fullt verð: 9.990 kr.~~

Taktu glápið með á rápið!

Nova TV í fríið

Ekki vera risaeðla í sumar. Horfðu á Nova TV í allskonar græjum hvert sem fríið tekur þig.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA